# Stjórn og nefndir KSÍ

**Stjórn**

| | |
|---|---|
| Eggert Magnússon | Formaður |
| Halldór B. Jónsson | Varaformaður |
| Eggert Steingrímsson | Gjaldkeri |
| Jón Gunnlaugsson | Ritari |
| Ágúst Ingi Jónsson | |
| Ástráður Gunnarsson | |
| Björn Friðþjófsson | |
| Ingibjörg Hinriksdóttir | |
| Lúðvík S. Georgsson | |

**Varastjórn**

Jóhannes Ólafsson
Kjartan Daníelsson
Þórarinn Gunnarsson

**Landshlutafulltrúar**

| | |
|---|---|
| Guðmundur Ingvason | Austurland |
| Einar Friðþjófsson | Suðurland |
| Jakob Skúlason | Vesturland |
| Ómar B. Stefánsson | Norðurland |

**Framkvæmdastjórn**

| | |
|---|---|
| Eggert Magnússon | Formaður |
| Eggert Steingrímsson | |
| Halldór B. Jónsson | |
| Jón Gunnlaugsson | |
| Lúðvík S. Georgsson | |

**Rekstrarstjórn Laugardalsvallar**

| | |
|---|---|
| Eggert Magnússon | Formaður |
| Eggert Steingrímsson | |
| Geir Þorsteinsson | |
| Ómar Einarsson | |
| Reynir Ragnarsson | |

**Starfsfólk**

| | |
|---|---|
| Geir Þorsteinsson | Framkvæmdastjóri |
| Birkir Sveinsson | Mótastjóri |
| Eyjólfur Sverrisson | Sparkvallamál |
| Gunnar Gylfason | Landsliðsmál |
| Halldór Örn Þorsteinsson | Mótamál |
| Jóhann G. Kristinsson | Vallarstjóri |
| Klara Bjartmarz | Skrifstofustjóri |
| Margrét Elíasdóttir | Ritari |
| Ómar Smárason | Leyfisstjóri |
| Pálmi Jónsson | Fjármálastjóri |
| Ragnheiður Elíasdóttir | Ritari |
| Sigríður Sigurðardóttir | Ræstitæknir |
| Sigurður R. Eyjólfsson | Fræðslustjóri |

**Dómstóll KSÍ**

| | |
|---|---|
| Gunnar Guðmundsson | Formaður |
| Ásbjörn Jónsson | |
| Halldór Frímannsson | |
| Halldór Halldórsson | |
| Hilmar Gunnlaugsson | |

**Áfrýjunardómstóll KSÍ**

| | |
|---|---|
| Sigurður G. Guðjónsson | Forseti |
| Guðmundur Jónsson | |
| Vilhjálmur H. Vilhjálmsson | |
| Brynjar Níelsson (til vara) | |
| Guðmundur Þórðarson (til vara) | |
| Hörður Felix Harðarson (til vara) | |
| Jóhannes A. Sævarsson (til vara) | |
| Lúðvík Örn Steinarsson (til vara) | |

**Aganefnd**

| | |
|---|---|
| Ágúst Ingi Jónsson | Formaður |
| Gunnar Guðmundsson | |
| Sigurður Halldórsson | |
| Ásgeir Ármannsson (til vara) | |
| Einar M. Árnason (til vara) | |
| Helgi R. Magnússon (til vara) | |

**Dómaranefnd**

| | |
|---|---|
| Halldór B. Jónsson | Formaður |
| Eyjólfur Ólafsson | |
| Eysteinn Guðmundsson | |
| Ingi Jónsson | |
| Kári Gunnlaugsson | |
| Sigurður Hannesson | |

**Fjárreiðunefnd**

| | |
|---|---|
| Eggert Magnússon | Formaður |
| Eggert Steingrímsson | |
| Geir Þorsteinsson | |
| Pálmi Jónsson | |

**Fræðslunefnd**

| | |
|---|---|
| Ingibjörg Hinriksdóttir | Formaður |
| Ástráður Gunnarsson | |
| Guðni Kjartansson | |
| Kjartan Daníelsson | |
| Sigurður Þórir Þorsteinsson | |
| Örn Ólafsson | |

**Landsliðsnefnd karla**

| | |
|---|---|
| Eggert Magnússon | Formaður |
| Eggert Steingrímsson | |
| Halldór B. Jónsson | |
| Jón Gunnlaugsson | |
| Lúðvík S. Georgsson | |

**Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)**

| | |
|---|---|
| Kjartan Daníelsson | Formaður |
| Einar Friðþjófsson | |
| Guðrún Inga Sívertsen | |
| Ingibjörg Hinriksdóttir | |

**Landsliðsnefnd U21 karla**

| | |
|---|---|
| Jóhannes Ólafsson | Formaður |
| Rúnar Arnarson | |
| Viðar Halldórsson | |
| Vignir Már Þormóðsson | |

**Mannvirkjanefnd**

| | |
|---|---|
| Lúðvík S. Georgsson | Formaður |
| Ásthildur Helgadóttir | |
| Jón Runólfsson | |
| Kristján Ásgeirsson | |
| Þorbergur Karlsson | |

**Mótanefnd**

| | |
|---|---|
| Halldór B. Jónsson | Formaður |
| Atli Þórsson | |
| Ágúst Ingi Jónsson | |
| Björn Friðþjófsson | |
| Ingibjörg Hinriksdóttir | |
| Kjartan Daníelsson | |

**Samninga- og félagaskiptanefnd**

| | |
|---|---|
| Þórarinn Gunnarsson | Formaður |
| Guðmundur H. Pétursson | |
| Jóhann Albertsson | |
| Lúðvík S. Georgsson | |
| Páll Bragason | |
| Steinar Þór Guðgeirsson | |

**Unglinganefnd karla (U19 og U17)**

| | |
|---|---|
| Ástráður Gunnarsson | Formaður |
| Björn Friðþjófsson | |
| Ingvar Guðjónsson | |
| Sigurður Helgason | |
| Steinn Halldórsson | |
| Þórarinn Gunnarsson | |

**Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)**

| | |
|---|---|
| Ingibjörg Hinriksdóttir | Formaður |
| Ásgerður Hildur Ingibergsdóttir | |
| Gary Wake | |

**Útbreiðslunefnd**

| | |
|---|---|
| Björn Friðþjófsson | Formaður |
| Einar Friðþjófsson | |
| Guðmundur Ingvason | |
| Jakob Skúlason | |
| Ómar B. Stefánsson | |

**Kjörnefnd**

| | |
|---|---|
| Viðar Halldórsson | Formaður |
| Páll Bragason | |
| Vignir Már Þormóðsson | |

**Kjörnir skoðunarmenn**

Hannes Þ. Sigurðsson
Haukur Gunnarsson
Reynir Karlsson (til vara)
Þórður Þorkelsson (til vara)

**Laganefnd (milliþinganefnd)**

| | |
|---|---|
| Lúðvík S. Georgsson | Formaður |
| Halldór B. Jónsson | |
| Steinar Þór Guðgeirsson | |

**Laga- og leikreglnanefnd**

| | |
|---|---|
| Lúðvík S. Georgsson | Formaður |
| Páll Bragason | |
| Steinar Þór Guðgeirsson | |

**Leyfisdómur KSÍ**

| | |
|---|---|
| Sveinn Jónsson | Formaður |
| Elías Hergeirsson | |
| Ragnar Gíslason | |
| Rúnar Gíslason | |
| Stefán Gunnlaugsson | |

**Leyfisráð KSÍ**

| | |
|---|---|
| Lúðvík S. Georgsson | Formaður |
| Guðmundur H. Pétursson | |
| Páll Bragason | |
| Stefán Bergsson | |
| Örn Gunnarsson | |

**Milliþinganefnd um félagaskipti og samninga**

| | |
|---|---|
| Lúðvík S. Georgsson | Formaður |
| Börkur Edvardsson | |
| Páll Bragason | |
| Sigvaldi Einarsson | |
| Steinar Þór Guðgeirsson | |

**Samráðsnefnd**

| | |
|---|---|
| Jón Gunnlaugsson | Formaður |
| Eggert Magnússon | |
| Geir Þorsteinsson | |
| Ásgeir Ásgeirsson | LD |
| Eyþór Einarsson | 2D |
| Jónas Kristinsson | LD |
| Jónas Þórhallsson | LD |
| Leifur Gunnlaugsson | 2D |
| Róbert Agnarsson | 1D |
| Steini Þorvaldsson | 1D |
| Vignir Már Þormóðsson | 1D |

**Undirbúningsnefnd NM U17 karla 2005**

| | |
|---|---|
| Ástráður Gunnarsson | Formaður |
| Halldór B. Jónsson | |
| Hörður Guðjónsson | |
| Leifur Helgason | |
| Þórarinn Gunnarsson | |

**Vallarnefnd (milliþinganefnd)**

| | |
|---|---|
| Geir Þorsteinsson | Formaður |
| Bjarni Benediktsson | |
| Guðmundur Þorbjörnsson | |
| Lúðvík S. Georgsson | |
| Sævar Pétursson | |

# Skýrsla landsliðsnefndar

Í nefndinni sátu Eggert Magnússon formaður, Eggert Steingrímsson, Halldór B. Jónsson, Jón Gunnlaugsson og Lúðvík S. Georgsson. Með nefndinni störfuðu Geir Þorsteinsson og Gunnar Gylfason. Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson voru landsliðsþjálfarar, læknir landsliðsins var Sveinbjörn Brandsson, sjúkraþjálfarar þeir Stefán Stefánsson og Kristleifur Brandsson, liðsstjórar Guðmundur R. Jónsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson.

**Verkefni og leikmenn**
Landsliðið lék á árinu 9 leiki, sex í undankeppni HM 2006 og þrjá vináttuleiki. Sigur vannst í tveimur leikjum, einum leik lauk með jafntefli, en hinir sex töpuðust. Í þessum leikjum léku 30 leikmenn. Tveir leikmenn, þeir Grétar Rafn Steinsson og Stefán Gíslason, léku alla leiki ársins og sex leikmenn tóku þátt í 8 leikjum, þeir Arnar Þór Viðarsson, Árni Gautur Arason, Brynjar Björn Gunnarsson, Indriði Sigurðsson, Kári Árnason og Kristján Örn Sigurðsson. Árni Gautur og Brynjar Björn léku sinn 50. landsleik á árinu og þeir Indriði Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason sinn 25. leik.

**Vináttulandsleikir**
Leiknir voru þrír vináttulandsleikir á árinu og var sá fyrsti gegn Ítalíu í Padova í mars. Ítalska liðið var sterkari aðilinn í leiknum og sóttu leikmenn þess án afláts nær allan leikinn, en vörn íslenska liðsins hélt út þrátt fyrir mikla pressu. Annar vináttulandsleikur ársins var á Laugardalsvelli í ágúst gegn Suður-Afríku, sem er ein sterkasta knattspyrnuþjóð Afríku. Íslenska liðið vann sannfærandi 4-1 sigur og mörkin gerðu þeir Grétar Rafn Steinsson, Heiðar Helguson, Arnar Þór Viðarsson og Veigar Páll Gunnarsson. Síðasti vináttulandsleikur ársins var gegn Pólverjum í Varsjá í október. Íslenska liðið byrjaði af krafti og Kristján Örn Sigurðsson skoraði snemma leiks, en Pólverjar jöfnuðu skömmu síðar. Hannes Þorsteinn Sigurðsson náði forystunni fyrir leikhlé og leiddi Ísland í hálfleik. Í síðari hálfleik skoruðu heimamenn tvisvar og unnu 3-2.

**Undankeppni HM 2006**
Undankeppni HM 2006 sem hófst haustið 2005 hélt áfram á árinu og lék íslenska liðið eins og áður segir sex leiki í riðlinum, sem í voru Ísland, Svíþjóð, Króatía, Búlgaría, Ungverjaland og Malta.
Fyrsti leikur ársins var útileikur gegn Króötum. Íslenska liðið átti í vök að verjast gegn gríðarlega sterku liði Króata, sem sóttu mjög að íslenska markinu og uppskáru fjögur mörk.
Í byrjun júní voru Ungverjar gestir okkar á Laugardalsvelli og unnu þeir 2-3. Eiður Smári Guðjohnsen kom Íslandi yfir en Ungverjar skoruðu svo úr tveimur vítaspyrnum áður en Kristján Örn Sigurðsson jafnaði um miðjan síðari hálfleik, en sigurmark Ungverja kom skömmu síðar.
Fjórum dögum síðar var leikið gegn Maltverjum á Laugardalsvelli. Ísland vann með fjórum mörkum gegn einu og innbyrti þar með fyrsta sigur sinn í keppninni. Gunnar Heiðar Þorvaldsson og Eiður Smári Guðjohnsen skoruðu í fyrri hálfleik. Maltverjar minnkuðu muninn í síðari hálfleik áður en Tryggvi Guðmundsson og Veigar Páll Gunnarsson tryggðu glæsilegan sigur.
Í byrjun september voru aftur tveir leikir á dagskrá og fyrst voru Króatar mættir á Laugardalsvöllinn. Eiður Smári Guðjohnsen skoraði um miðjan fyrri hálfleik, en Króatar sóttu grimmt í síðari hálfleik, uppskáru þrjú mörk og unnu 1-3 sigur.
Fjórum dögum síðar var leikið gegn Búlgörum í Sófíu. Tvö fyrstu mörk leiksins voru íslensk og komu á fyrsta stundarfjórðungnum, fyrst Grétar Rafn Steinsson og svo Hermann Hreiðarsson, en Búlgarar minnkuðu muninn fyrir hlé og stóð 1-2 í hálfleik. Á síðustu 20 mínútum leiksins skoruðu svo Búlgarar tvö mörk og tryggðu sér 3-2 sigur.
Síðasti leikur keppninar var gegn Svíum í Stokkhólmi. Kári Árnason skoraði fyrsta mark leiksins en Svíar svöruðu tvisvar sinnum fyrir hlé, skoruðu eina mark seinni hálfleiks og unnu 3-1 sigur.

**Lokaorð**
Árangur landsliðsins á árinu olli vonbrigðum. Aðeins einn sigur og uppskeran fjögur stig í undankeppni HM. Það er ekki sá árangur sem við viljum sjá hjá íslenska landsliðinu. Dregið verður í undankeppni EM 2008 í lok janúar og er það von okkar að nýjum landsliðsþjálfara, Eyjólfi Sverrissyni sem tók við liðinu í nóvember, og leikmönnum takist vel upp í þeirri keppni. Ég vil þakka leikmönnum, þjálfurum, aðstoðarmönnum þeirra, lækningum og sjúkraþjálfurum samstarfið á árinu, sem og nefndarmönnum og starfsfólki KSÍ.

Eggert Magnússon, formaður

# Skýrsla U21 landsliðsnefndar

Nefndina skipuðu Jóhannes Ólafsson, formaður, Ágúst Ingi Jónsson, Kjartan Daníelsson, Viðar Halldórsson, Rúnar V. Arnarson og Vignir Þormóðsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason. Þjálfari liðsins var Eyjólfur Sverrisson, Hjalti Kristjánsson var læknir liðsins, Kristleifur Brandsson og Jón Þór Brandsson voru sjúkraþjálfarar og Björn Gunnarsson liðsstjóri.

**Undankeppni EM**

Undankeppni Evrópumótsins hélt áfram á árinu og lék liðið 6 leiki, þrjá á útivelli og þrjá á heimavelli. Fyrsti leikurinn var í mars gegn Króötum í Zagreb og tapaðist sá leikur naumlega 2-1. Ingvi Rafn Guðmundsson kom íslenska liðinu yfir undir lok fyrri hálfleiks, en Króatar jöfnuðu í uppbótartíma í fyrri hálfleik og skoruðu sigurmarkið þegar um tíu mínútur voru eftir af leiknum. Sigurinn hefði getað fallið hvorum megin sem var, því íslenska liðið átti eitt stangarskot, auk þess sem mark var dæmt af liðinu.
Næsti leikur liðsins var í júní á Víkingsvelli þegar Ungverjar komu í heimsókn og unnu þeir með einu marki gegn engu. Eina mark leiksins kom strax á 12. mínútu. Jafnræði var með liðunum lengst af, en gestirnir áttu þó hættulegri færi, sérstaklega í fyrri hálfleik.
Fjórum dögum síðar voru Maltverjar í heimsókn á KR-velli. Íslenska liðið náði ekki rjúfa varnarmúr Maltverja og varð niðurstaðan markalaust jafntefli, en það verður að segjast eins og er að íslenska liðið hefði átt að klára leikinn og innbyrða stigin þrjú. Íslenska liðið sótti stíft allan leikinn og gerði oft harða hríð að marki Möltu, en án árangurs.
Í byrjun september var leikið við Króata á KR-velli og unnu gestirnir 1-2 sigur. Króatarnir voru mun sterkari aðilinn í leiknum og var sigur þeirra verðskuldaður. Fyrra mark gestanna kom eftir um hálftíma leik og þeir bættu síðan við öðru marki í upphafi síðari hálfleiks, úr vítaspyrnu. Emil Hallfreðsson minnkaði muninn fyrir íslenska liðið úr vítaspyrnu undir lok leiksins, en lengra komust okkar piltar ekki.
Næsti leikur var gegn Búlgörum í Sófíu. Jafnræði var með liðunum framan af fyrri hálfleik, en íslenska liðið náði smám saman undirtökunum. Einum leikmanni búlgarska liðsins var vísað af leikvelli skömmu fyrir leikhlé og hóf íslenska liðið síðari hálfleikinn af miklum krafti, enda manni fleiri. Þrátt fyrir það náðu heimamenn forystunni þegar um tíu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik. Okkar piltar juku sóknarkraftinn í kjölfarið og uppskáru fljótlega tvö mörk, fyrst jafnaði Pálmi Rafn Pálmason og síðan náði Emil Hallfreðsson forystunni. Eftir þetta jafnaðist leikurinn nokkuð, en þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma tryggði Garðar B. Gunnlaugsson sigur Íslands með því að skora þriðja mark liðsins.
Síðasti leikurinn í keppninni var gegn Svíum í Eskilstuna í október og vann Ísland glæsilegan 1-4 sigur. Okkar piltar voru svo sannarlega á skotskónum og tvö mörk Harðar Sveinssonar skömmu fyrir hlé settu okkar lið í góða stöðu fyrir síðari hálfleikinn. Bjarni Þór Viðarsson jók muninn fyrir Ísland þegar um tíu mínútur voru til leiksloka. Svíar náðu að klóra í bakkann á lokamínútu leiksins, en þó reyndist nægur tími fyrir Garðar B. Gunnlaugsson til að bæta við fjórða markinu áður en yfir lauk. Í þessum leik léku nokkrir ungir og efnilegir leikmenn sinn fyrsta leik fyrir U21-liðið og stóðu sig með mikilli prýði, það er því ljóst að framtíðin er björt fyrir íslenskan fótbolta.
Króatar urðu efstir í riðlinum með 25 stig, Ungverjar náðu öðru sætinu með 19 stig, Svíar hlutu 18 stig, Ísland varð í 4. sæti með 13 stig, Búlgarar fimmtu með 7 stig og Maltverjar ráku lestina með 5 stig.

**Leikmenn**

Það voru 26 leikmenn sem tóku þátt í þessum sex leikjum og að auki voru fimm til viðbótar valdir í hóp en spiluðu ekki. Fjórir leikmenn, þeir Davíð Þór Viðarsson, Emil Hallfreðsson, Gunnar Þór Gunnarsson og Pálmi Rafn Pálmason, léku alla leiki ársins. Tíu leikmenn léku sína fyrstu U21 landsleiki á árinu. Ólafur Ingi Skúlason var fyrirliði liðsins í fyrstu þremur leikjum árins, en Davíð Þór Viðarsson bar fyrirliðabandið í þeim þremur síðari.

**Lokaorð**

Tveir glæsilegir útisigrar gegn sterkum andstæðingum standa upp úr á árinu. Aðrir leikir gátu unnist en tókst ekki, en leikmenn og þjálfari eru reynslunni ríkari. Það er ljóst að margir leikmanna í þessu liði munu banka á dyr A-liðsins á næstu árum. Að lokum vil ég þakka þjálfara liðsins fyrir samstarfið síðustu tvö ár og veit að hann kemur til með að búa að þessari reynslu við stjórn A landsliðs Íslands á næstu árum. Liðsstjórum, lækni liðsins og sjúkraþjálfurum þakka ég fyrir tímabilið, einnig samstarfsmönnum mínum í nefndinni, svo og starfsmönnum KSÍ fyrir ánægjulegt samstarf.

Jóhannes Ólafsson, formaður

# Skýrsla unglinganefndar

Nefndina skipuðu Ástráður Gunnarsson, formaður, Björn Friðþjófsson, Ingvar Guðjónsson, Sigurður Helgason, Steinn Halldórsson og Þórarinn Gunnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason. Starfssvið nefndarinnar er sem fyrr umsjón með drengja- og unglingalandsliðum Íslands. Guðni Kjartansson er þjálfari U19 liðsins og Lúkas Kostic þjálfar U17 liðið. Freyr Sverrisson hafði umsjón með úrtökumóti og knattspyrnuskólanum og hann er einnig aðstoðarmaður Guðna og Lúkasar í verkefnum landsliðanna. Liðsstjórar voru þeir Guðmundur Óli Sigurðsson með U19 og Gunnlaugur Hreinsson með U17, læknir beggja liðanna var Einar Jónsson.

**U17 - Karlalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1989 og síðar**

*Opna Norðurlandamótið*

Mótið fór að þessu sinni fram hér á landi 2. - 7. ágúst. Leikið var á 15 völlum á Suðvesturlandi og þótti mótið takast mjög vel. Íslenska liðið var í A riðli með Dönum, Írum og Norðmönnum.
Fyrsti leikurinn var gegn Dönum á KR-velli. Danir unnu þar öruggan 0-4 sigur, voru einfaldlega mun sterkari í leiknum og áttu sigurinn fyllilega skilinn. Fyrsta markið kom strax á 5. mínútu leiksins og annað markið var sjálfsmark íslenska liðsins á lokamínútu fyrri hálfleiks. Danir gerðu síðan út um leikinn með tveimur mörkum í byrjun síðari hálfleiks. Næsti leikur var gegn gestaliði Íra og var leikið í Keflavík. Jafnræði var með liðunum lengst af, en Írarnir náðu forystunni þegar um 10 mínútur voru til leiksloka og bættu síðan við öðru marki úr vítaspyrnu á lokamínútunni. Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn Norðmönnum á Kaplakrikavelli og biðu okkar menn þar lægri hlut, 0-1. Norðmenn voru sterkari í fyrri hálfleik en tókst ekki að skora þrátt fyrir fjölmörg tækifæri. Í síðari hálfleik sóttu okkar drengir í sig veðrið og sóttu grimmt. Norðmenn misstu að auki mann af velli með rautt spjald, en íslenska liðinu tókst ekki að nýta sér liðsmuninn og þeir norsku læddu inn marki seint í leiknum. Írar urðu efstir í A riðli með 9 stig, Danir hlutu 6 stig, Norðmenn 3 og Ísland ekkert stig. Í B riðli urðu Englendingar efstir með 9 stig, Svíar hlutu 4 stig, Færeyingar 2 stig og Finnar eitt. Í leikjum um sæti lögðu okkar menn Finna 4-2 í leik um 7. sætið á ÍR-velli. Íslenska liðið var sterkara lengst af og var sigurinn verðskuldaður. Mörk Íslands gerðu þeir Hilmir Ægisson, Rafn Andri Haraldsson og Guðmundur Reynir Gunnarsson (2). Norðmenn tryggðu sér 5. sætið á mótinu með eins marks sigri á Færeyingum. Danir lögðu Svía í vítaspyrnukeppni í leik um þriðja sætið og urðu þeir jafnframt Norðurlandameistarar þar sem Írar og Englendingar léku til úrslita og þar unnu Írar 2-0 sigur.

*Undankeppni Evrópumótsins*

Okkar riðill fór fram í Andorra í september. Andstæðingar okkar voru, auk heimamanna, Svíar og Tékkar. Fyrsti leikur okkar var gegn liði Andorra sem pakkaði í vörn frá upphafi leiks, gerði engar tilraunir til að sækja, og stóðst áhlaup íslenska liðsins að mestu leyti í fyrri hálfleik. Þó tókst Viktori Unnari Illugasyni að skora fyrir íslenska liðið. Í síðari hálfleik brast varnarmúr heimamanna og flóðgáttirnar opnuðust. Guðmundur Reynir Gunnarsson, Aron Einar Gunnarsson og Gylfi Þór Sigurðsson skoruðu sitt markið hver og Rafn Andri Haraldsson gerði tvö mörk úr vítaspyrnum. Annar leikurinn var gegn Svíum. Svíar gerðu fyrsta mark leiksins á 33. mínútu og leiddu í hálfleik. Björn Jónsson jafnaði leikinn í byrjun síðari hálfleiks, en Svíar skoruðu stuttu síðar. Það var svo Gylfi Þór Sigurðsson sem jafnaði leikinn aftur og lauk leiknum 2-2. Íslenska liðið átti í fullu tré við Svíana, átti fleiri færi og hefði vel getað tryggt sér sigur. Fyrir síðasta leikinn í riðlinum gegn Tékkum var ljóst að jafntefli myndi duga íslenska liðinu til að komast áfram. Aron Einar Gunnarsson náði forystunni eftir hálftíma leik og Ísland leiddi með einu marki í leikhléi. Tékkar skoruðu síðan tvö mörk með stuttu millibili um miðjan síðari hálfleik og skoruðu síðan aftur tvö mörk undir lok leiksins. Lokatölur urðu því 4-1, Tékkum í vil, sem tryggði þeim 2. sætið í riðlinum og þar með sæti í milliriðlum ásamt liði Svía.

**U19 - Karlalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1987 og síðar**

*Vináttuleikir*

Leiknir voru tveir leikir gegn Svíum á Suðurnesjum í byrjun júní. Fyrri leikurinn var í Grindavík og vann íslenska liðið með tveimur mörkum gegn engu. Ísland hafði undirtökin allan leikinn og var sigurinn fyllilega verðskuldaður. Það var fyrirliðinn Theodór Elmar Bjarnason sem skoraði bæði mörkin í upphafi síðari hálfleiks, það fyrra úr vítaspyrnu. Í síðari leiknum, í Sandgerði, þótti íslenska liðið leika vel. Matthías Vilhjálmsson kom íslenska liðinu yfir í leiknum, en Svíar svöruðu með tveimur mörkum. Pétur Mar Pétursson náði að jafna metin í 2-2 , en íslenska liðið verðskuldaði meira en jafntefli úr þessari viðureign. Í byrjun september lék liðið gegn Hollendingum ytra og tapaði 0-1. Leikurinn var jafn og spennandi allan tímann og hefði sigurinn getað lent hvorum megin sem var.

*Undankeppni Evrópumótsins*
Ísland var í riðli með Bosníu-Hersegóvínu, Króatíu og Búlgaríu og var leikið í Sarajevó í byrjun október. Fyrsti leikurinn var gegn Búlgörum, sem unnu 1-0 sigur með marki úr vítaspyrnu á 50. mínútu. Fátt markvert gerðist í leiknum og lítið var um færi, en einum leikmanni úr hvoru liðið var vikið af leikvelli. Næsti leikur var gegn Króötum. Bjarni Þór Viðarsson náði verðskuldaðri forystu fyrir íslenska liðið eftir 18 mínútna leik og reyndist það eina mark fyrri hálfleiks. Króatar sóttu af miklum krafti framan af síðari hálfleik og uppskáru tvö mörk með stuttu millibili. Íslenska liðið lagði ekki árar í bát og Arnór Smárason jafnaði metin þegar nokkrar mínútur voru til leiksloka. Þegar allt leit út fyrir að jafntefli yrði niðurstaðan náðu Króatar að skora sigurmark á lokasekúndum leiksins og þar með var ljóst að íslenska liðið kæmist ekki áfram úr riðlinum. Síðasti leikurinn var gegn heimamönnum og vannst þar 0-2 sigur með mörkum Theodórs Elmars Bjarnasonar á 85. mínútu og Arnórs Smárasonar tveimur mínútum síðar. Íslenska liðið stjórnaði leiknum allan tímann og var sigurinn fyllilega verðskuldaður, enda skapaði liðið sér fjölmörg marktækifæri. Einum leikmanni úr hvoru liðið var vísað af leikvelli í leiknum. Ísland hafnaði í 3. sæti riðilsins með 3 stig, en Bosníumenn höfnuðu í neðsta sæti, án stiga. Króatar og Búlgarar höfnuðu í tveimur efstu sætunum með 7 stig hvor þjóð og komust því áfram í milliriðla.

**U18 landslið á mót í Svíþjóð**
KSÍ var boðið að senda U18 landslið á mót í Svíþjóð í júlí og var boðinu tekið. Auk heimamanna og okkar tóku Norðmenn og Tyrkir þátt í mótinu. Fyrsti leikurinn var gegn Tyrkjum og vannst hann 3-1. Leikurinn var jafn í byrjun, en eftir að leikmanni Tyrkja var vikið af leikvelli á 12. mín var íslenska liðið sterkara og komst yfir með marki Birkis Bjarnasonar. Í síðari hálfleik bættu Eggert Gunnþór Jónsson og Elvar Freyr Arnþórsson við mörkum áður en Tyrkir skoruðu á lokamínútunum. Næsti leikur var gegn heimamönnum og þar vannst einnig sigur, nú 1-4. Bjarni Þór Viðarsson og Eggert Gunnþór Jónsson skoruðu á fyrstu 10 mínútum leiksins, en Svíar náðu að minnka muninn fyrir hlé. Í upphafi seinni hálfleiks bætti íslenska liðið við tveimur mörkum, fyrst Ingólfur Ragnarsson og svo Elvar Freyr Arnþórsson. Góður sigur í höfn þar sem íslenska liðið var alltaf sterkari aðilinn í leiknum. Lokaleikurinn í mótinu var gegn Norðmönnum. Íslenska liðið komst yfir í fyrri hálfleik með marki Birkis Bjarnasonar, en Norðmenn skoruðu tvisvar í seinni hálfleik og tryggðu sér sigur í leiknum og mótinu. Þeir hlutu 7 stig, Ísland 6, Tyrkir 4 en Svíar ráku lestina án stiga.

**Úrtökumót**
Hið árlega úrtökumót fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman tæplega 70 drengir og fór mótið vel fram, en Freyr Sverrisson hafði umsjón með mótinu og hafði til aðstoðar tvo þjálfara, þá Ægi Viktorsson og Jóhann Elíasson. Úrtökumót þetta er haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 liðið á árinu 2006 og mun hluti þessa hóps koma saman til æfinga í vetur. Í desember sl. hófst síðan undirbúningur fyrir úrtökumótið 2006, með því að boðaðir voru um 35 drengir á æfingar og aðrir 35-50 verða boðaðir í janúar og mars. Þessir drengir verða hlutgengir í U17 landsliðið 2007.

**Lokaorð**
Á árinu léku liðin 16 leiki - sex sigrar, tvö jafntefli og átta töp. Árangur U17 á Norðurlandamótinu var ekki góður. En árangurinn í Evrópukeppninni var mun betri en vonir stóðu til eftir NM, liðið lék vel og var óheppið að komast ekki í milliriðil. Árangur U19 var ágætur, liðið lék vel í þremur vináttuleikjum, var í erfiðum riðli í Evrópukeppninni og lék vel í sumum leikjanna, en komst ekki áfram. Margir af þeim leikmönnum sem voru valdir í liðið fyrir þessa keppni eru gjaldgengir í liðið áfram. Í desemberbyrjun var dregið í Evrópukeppnina fyrir bæði liðin. U17 var dregið í riðil með Frakklandi, Rúmeníu og Litháen og verður leikið í Rúmeníu í september. U19 var dregið í riðil með Póllandi, Svíþjóð og Færeyjum og fer riðillinn fram í Svíþjóð í október. Opna Norðurlandamótið fyrir U17 verður haldið í Færeyjum í ágúst, en ekki hefur verið dregið í riðla. KSÍ hefur þegið boð frá Tékklandi um að senda U18 lið á átta þjóða mót í ágúst en ekki er ljóst hverjir mótherjar okkar verða. Gengið hefur verið frá ráðningu þjálfaranna Guðna Kjartanssonar fyrir U19 og Lúkasar Kostic fyrir U17. Á síðasta ári lékum við þrjá leiki með U18 lið okkar. Ég fagna því og vona að þetta sé komið til að vera. Draumurinn er sá að við komum einnig til með að tefla fram U16 liði, en sá draumur sem og öll verkefni liða okkar eru háð fjárhag KSÍ. Það er að verða æ algengari í Evrópu að knattspyrnusamböndin haldi úti a.m.k. fjórum yngri landsliðum og tel ég þá ekki U21 með í því. Að lokum vil ég þakka meðnefndarmönnum mínum, forystumönnum og þjálfurum félaga fyrir samstarfið á árinu. Þjálfurum landsliða, liðsstjórum og lækni vil ég þakka góð störf. Öllum þeim sem á einn eða annan hátt greiddu götu okkar færi ég þakkir. Starfsmanni nefndarinnar og öðru starfsfólki KSÍ þakka ég fyrir gott samstarf á árinu.

Ástráður Gunnarsson, formaður

# Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2005: Kjartan Daníelsson, formaður, Einar Friðþjófsson, Guðrún Inga Sívertsen og Ingibjörg Hinriksdóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz. Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði og U21 liði kvenna. Jörundur Áki Sveinsson var þjálfari A liðsins og honum til aðstoðar var Elísabet Gunnarsdóttir, sem jafnframt þjálfaði U21 liðið. Læknar A liðsins voru Hjörtur Þór Hauksson og Reynir Björn Björnsson, sjúkraþjálfari var Svala Helgadóttir og Ásta B. Gunnlaugsdóttir var liðsstjóri. Óskar Jón Helgason var sjúkraþjálfari U21 kvenna og Margrét Ákadóttir var liðsstjóri.

## A landslið

Árið 2005 hófst undankeppni HM en þar erum við í riðli með Svíum, Tékkum, Portúgölum og Hvít-Rússum. Sigurvegari riðilsins kemst í úrslitakeppni HM 2007 sem fram fer í Kína. Undirbúningur fyrir HM hófst með vináttuleik við Skota ytra í maí. Íslenska liðið vann öruggan 2-0 sigur, með tveimur mörkum frá Dóru Maríu Lárusdóttur. Í þessum leik tók Ásthildur Helgadóttir aftur við fyrirliðabandinu eftir rúmlega eins árs fjarveru vegna erfiðra meiðsla. Í júlí var haldið yfir á vesturströnd Bandaríkjanna og leikið við heimamenn. Þar sem NM U21 fór fram á sama tíma áttum við þess ekki kost að stilla upp okkar sterkasta liði, en ungt og reynslulítið landslið stóð sig vel í leiknum sem þó endaði 0-3. Það voru ekki óeðlileg úrslit miðað við erfiðar aðstæður en 40 stiga hiti var á meðan á leiknum stóð.

Fyrsti leikur ársins í HM var gegn Hvít-Rússum á Laugardalsvelli í ágúst og vannst öruggur 3-0 sigur, Dóra María skoraði tvö mörk og Margrét Lára Viðarsdóttir eitt. Viku síðar lá leið íslenska liðsins til Svíþjóðar þar sem leikið var við heimamenn í Karlskoga. Íslenska liðið lék frábærlega og einn þann besta leik sem liðið hefur leikið, ef ekki þann besta, og uppskar 2-2 jafntefli með mörkum frá Ásthildi og Margréti Láru. Sá árangur er frábær og kom mörgum í opna skjöldu. Síðasti leikur ársins var í september gegn Tékkum ytra. Í Tékklandi gekk allt á afturfótunum og tapaðist leikurinn 0-1 sem var verulegt áfall fyrir liðið og aðstandendur þess.

Erla Hendriksdóttir tilkynnti það fyrir leikinn gegn Tékkum að þetta væri kveðjuleikur hennar. Erla lék 55 A landsleiki fyrir Ísland og er næst leikjahæsta landsliðskonan frá upphafi. Í ársbyrjun 2006 tilkynnti Laufey Ólafsdóttir einnig að hún væri hætt að leika knattspyrnu vegna þrálátra meiðsla. Laufey lék 23 A landsleiki og hefur verið fastamaður í byrjarliðinu undanfarin ár. Erla og Laufey voru báðar lykilleikmenn innan vallar sem utan í íslenska liðinu og verður þeirra sárt saknað í komandi verkefnum. Guðlaug Jónsdóttir náði þeim áfanga að leika sinn 50. A-landsleik á árinu og Guðrún Sóley Gunnarsdóttir lék sinn 25. A-landsleik.

## U21

Ísland tók þátt í Opna NM U21 landsliða kvenna í Svíþjóð. Fyrsti leikur liðsins tapaðist 0-4 gegn sterku liði Bandaríkjamanna, en íslenska liðið þótti þó leika vel. Annar leikur liðsins var gegn Þýskalandi og tapaðist hann 1-4. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði mark Íslands. Í þriðja leik liðsins kom síðan langþráður sigur, 4-2 gegn Dönum. Margrét Lára skoraði 2 mörk í leiknum og Hólmfríður Magnúsdóttir 2. Leikið var gegn Finnum um 5. sæti og tapaðist sá leikur 1-4. Margrét Lára skoraði mark Íslands.

## Lokaorð

A landslið kvenna náði mjög góðum árangri í ár, tapaði einungis tveimur leikjum, vináttuleik við Bandaríkin og leiknum gegn Tékkum ytra sl. haust, en jafnteflið við Svíþjóð er þó tvímælalaust það sem stendur upp úr á árinu. Tapið gegn Tékkum voru því enn meiri vonbrigði. Íslenska liðið hefur enn einu sinni sýnt að það getur spilað frábærlega, en það þarf þó að ná stöðugleika til að tryggja sig í sessi sem eitt af 10 bestu landsliðum Evrópu. Á árinu 2005 var samþykkt að fjölga liðum í úrslitakeppni EM úr 8 í 12 í næstu keppni, sem fram fer árið 2009. Sú breyting eykur líkur okkar á að komast í úrslit í Evrópukeppni A landsliða og það er að sjálfsögðu markmið liðsins. U21 liðið lék 4 leiki á árinu, en náði einungis að sigra í einum þeirra. Þó má segja að árangur liðsins hafi verið vel ásættanlegur, en vegna ferðar A-landsliðsins til Bandaríkjanna á sama tíma náðum við ekki að tefla fram okkar sterkasta liði. Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari, var að þreyta frumraun sína með liðið og lofar hún góðu fyrir framhaldið. Þau verkefni sem U21 landsliðið fær eru afar mikilvæg og öflugur undirbúningur fyrir A-landsliðsmenn framtíðarinnar. Starfsmönnum landsliðanna, samstarfsfólki mínu í

landsliðsnefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu þakka ég fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Kjartan Daníelsson, formaður

# Skýrsla unglinganefndar kvenna

Unglinganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2005: Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður, Ásgerður H. Ingibergsdóttir og Gary Wake. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk unglinganefndar er umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna. Ólafur Þór Guðbjörnsson var þjálfari U19 og Erna Þorleifsdóttir U17. Sjúkraþjálfarar liðanna voru þær Helena Magnúsdóttir (U17) og Linda Persson (U19). Ólafur Þór Gunnarsson var læknir U19. Liðsstjórar voru Ingigerður Júlíusdóttir (U19) og Kristrún Lilja Daðadóttir (U17).

**U19 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1987 og síðar**
Undankeppni EM fór fram í byrjun október í Bosníu-Hersegóvínu og lékum við í riðli með heimamönnum, Georgíu og Rússlandi. Fyrsti leikurinn var gegn Georgíu og vannst öruggur 7-0 sigur. Mörk Íslands í leiknum skoruðu María Kristjánsdóttir, Katrín Ómarsdóttir (2), Greta Mjöll Samúelsdóttir (2), Elísa Pálsdóttir og Guðný Björk Óðinsdóttir. Annar leikur liðsins var gegn Bosníu-Hersegóvínu og í þetta sinn sigraði íslenska liðið með 5 mörkum gegn engu. Greta Mjöll og Katrín voru aftur á skotskónum, Greta skoraði 3 mörk og Katrín 2. Lokaleikur Íslands var gegn Evrópumeisturum Rússa og tapaðist hann 1-5. Greta Mjöll skoraði mark Íslands í leiknum. Þessi árangur liðsins tryggði því áframhaldandi þátttöku í EM og leikur liðið í milliriðli í Rúmeníu í apríl.

**U17 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1988 og síðar**
Ísland tók þátt í Opnu Norðurlandamóti U17 ára landsliða sem fram fór í Noregi að þessu sinni. Íslenska liðið tapaði öllum sínum leikjum á mótinu, fyrir Dönum 0-3, þá gegn Noregi 0-6 og loks gegn Frökkum 2-4. Mörk Íslands í leiknum skoruðu Sandra Sif Magnúsdóttir og Elísa Pálsdóttir. Íslenska liðið lék því við Finnland um 7. sætið og tapaðist sá leikur 1-3. Agnes Þóra Árnadóttir skoraði mark Íslands.

**Lokaorð**
Árangur síðasta árs var misjafn eins og gerist og gengur. U19 liðið komst í milliriðla EM, vann tvo leiki örugglega, en tapaði gegn firnasterku liði Evrópumeistara Rússa. Búast má við að leikirnir í milliriðlum EM, gegn Rúmenum, Englendingum og Dönum, verði mun erfiðari og verður mjög spennandi að sjá hvernig liðið mun spjara sig í Rúmeníu. U17 liðið átti mjög erfitt uppdráttar á Norðurlandamótinu og tapaði öllum leikjum sínum. Tólf leikmenn voru að taka þátt í sínum fyrstu landsliðsverkefnum og einnig var nýr þjálfari við stjórnvölinn. Vonir eru bundnar við að liðið verði reynslunni ríkari á næsta ári.

Þjálfarar beggja liða hafa tekið höndum saman um að efla og styrkja, með markvissum hætti, þann hóp sem mun taka þátt í úrslitakeppni EM U19 kvenna sem fram fer hér á landi í júlí 2007, en það lið munu skipa leikmenn sem fæddir eru árið 1988 og síðar.

Að lokum vil ég þakka þjálfurum, starfsmönnum landsliðanna, samstarfsfólki mínu í unglinganefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður

# Landsleikir á starfsárinu

| Nr. | Land | Leikstaður | Dags. | Lið - keppni | Leikur | | | Úrslit | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Króatía | Velika Gorica | 25.mar | U21 karla - EM | Króatía | - | Ísland | 2 | - | 1 |
| 2 | Króatía | Zagreb | 26.mar | A karla - HM | Króatía | - | Ísland | 4 | - | 0 |
| 3 | Ítalía | Padova | 30.mar | A karla - VL | Ítalía | - | Ísland | 0 | - | 0 |
| 4 | Skotland | Perth | 25.maí | A kvenna - VL | Skotland | - | Ísland | 0 | - | 2 |
| 5 | Ísland | Reykjavík | 3.jún | U21 karla - EM | Ísland | - | Ungverjaland | 0 | - | 1 |
| 6 | Ísland | Reykjavík | 4.jún | A karla - HM | Ísland | - | Ungverjaland | 2 | - | 3 |
| 7 | Ísland | Reykjavík | 7.jún | U21 karla - EM | Ísland | - | Malta | 0 | - | 0 |
| 8 | Ísland | Grindavík | 7.jún | U19 karla - VL | Ísland | - | Svíþjóð | 2 | - | 0 |
| 9 | Ísland | Reykjavík | 8.jún | A karla - HM | Ísland | - | Malta | 4 | - | 1 |
| 10 | Ísland | Sandgerði | 9.jún | U19 karla - VL | Ísland | - | Svíþjóð | 2 | - | 2 |
| 11 | Noregur | Þrándheimur | 4.júl | U17 kvenna - NM | Danmörk | - | Ísland | 3 | - | 0 |
| 12 | Noregur | Þrándheimur | 5.júl | U17 kvenna - NM | Noregur | - | Ísland | 6 | - | 0 |
| 13 | Noregur | Þrándheimur | 7.júl | U17 kvenna - NM | Frakkland | - | Ísland | 4 | - | 2 |
| 14 | Noregur | Þrándheimur | 9.júl | U17 kvenna - NM | Finnland | - | Ísland | 3 | - | 1 |
| 15 | Svíþjóð | Falkenberg | 19.júl | U19 karla - VL | Tyrkland | - | Ísland | 1 | - | 3 |
| 16 | Svíþjóð | Kristinehamn | 20.júl | U21 kvenna - NM | Bandaríkin | - | Ísland | 4 | - | 0 |
| 17 | Svíþjóð | Vinberg | 21.júl | U19 karla - VL | Svíþjóð | - | Ísland | 1 | - | 4 |
| 18 | Svíþjóð | Deje | 22.júl | U21 kvenna - NM | Þýskaland | - | Ísland | 4 | - | 1 |
| 19 | Svíþjóð | Laholm | 23.júl | U19 karla - VL | Noregur | - | Ísland | 2 | - | 1 |
| 20 | Bandaríkin | California | 24.júl | A kvenna - VL | Bandaríkin | - | Ísland | 3 | - | 0 |
| 21 | Svíþjóð | Arvika | 24.júl | U21 kvenna - NM | Danmörk | - | Ísland | 2 | - | 4 |
| 22 | Svíþjóð | Kil | 26.júl | U21 kvenna - NM | Finnland | - | Ísland | 4 | - | 1 |
| 23 | Ísland | Reykjavík | 2.ágú | U17 karla - NM | Ísland | - | Danmörk | 0 | - | 4 |
| 24 | Ísland | Keflavík | 3.ágú | U17 karla - NM | Ísland | - | Írland | 0 | - | 2 |
| 25 | Ísland | Hafnarfjörður | 5.ágú | U17 karla - NM | Ísland | - | Noregur | 0 | - | 1 |
| 26 | Ísland | Reykjavík | 7.ágú | U17 karla - NM | Ísland | - | Finnland | 4 | - | 2 |
| 27 | Ísland | Reykjavík | 17.ágú | A karla - VL | Ísland | - | Suður-Afríka | 4 | - | 1 |
| 28 | Ísland | Reykjavík | 21.ágú | A kvenna - HM | Ísland | - | Hvíta-Rússland | 3 | - | 0 |
| 29 | Svíþjóð | Karlskoga | 28.ágú | A kvenna - HM | Svíþjóð | - | Ísland | 2 | - | 2 |
| 30 | Ísland | Reykjavík | 2.sep | U21 karla - EM | Ísland | - | Króatía | 1 | - | 2 |
| 31 | Holland | Spakenburg | 2.sep | U19 karla - VL | Holland | - | Ísland | 1 | - | 0 |
| 32 | Ísland | Reykjavík | 3.sep | A karla - HM | Ísland | - | Króatía | 1 | - | 3 |
| 33 | Búlgaría | Sófía | 6.sep | U21 karla - EM | Búlgaría | - | Ísland | 1 | - | 3 |
| 34 | Búlgaría | Sófía | 7.sep | A karla - HM | Búlgaría | - | Ísland | 3 | - | 2 |
| 35 | Andorra | Andorra da Vella | 23.sep | U17 karla - EM | Andorra | - | Ísland | 0 | - | 6 |
| 36 | Tékkland | Karvare | 24.sep | A kvenna - HM | Tékkland | - | Ísland | 1 | - | 0 |
| 37 | Andorra | Andorra da Vella | 25.sep | U17 karla - EM | Svíþjóð | - | Ísland | 2 | - | 2 |
| 38 | Bosnía | Sarajevó | 27.sep | U19 kvenna - EM | Georgía | - | Ísland | 0 | - | 7 |
| 39 | Andorra | Andorra da Vella | 27.sep | U17 karla - EM | Tékkland | - | Ísland | 4 | - | 1 |
| 40 | Bosnía | Sarajevó | 29.sep | U19 kvenna - EM | Bosnía | - | Ísland | 0 | - | 5 |
| 41 | Bosnía | Sarajevó | 1.okt | U19 kvenna - EM | Rússland | - | Ísland | 5 | - | 1 |
| 42 | Bosnía | Sarajevó | 3.okt | U19 karla - EM | Búlgaría | - | Ísland | 1 | - | 0 |
| 43 | Bosnía | Sarajevó | 5.okt | U19 karla - EM | Króatía | - | Ísland | 3 | - | 2 |
| 44 | Bosnía | Sarajevó | 7.okt | U19 karla - EM | Bosnía | - | Ísland | 0 | - | 2 |
| 45 | Pólland | Varsjá | 7.okt | A karla - VL | Pólland | - | Ísland | 3 | - | 2 |
| 46 | Svíþjóð | Eskilstuna | 11.okt | U21 karla - EM | Svíþjóð | - | Ísland | 1 | - | 4 |
| 47 | Svíþjóð | Solna | 12.okt | A karla - HM | Svíþjóð | - | Ísland | 3 | - | 1 |

Landsleikir á árinu - A karla

Landsleikir á árinu - U21 karla

Landsleikir á árinu - U19 karla

Landsleikir á árinu - U17 karla

# Úrtökumót KSÍ að Laugarvatni – Drengir f. 1990

| Félag | Nafn | Kennitala |
|---|---|---|
| Afturelding | Jóhann Ingi Guðbergsson | 060290-2889 |
| Afturelding | Ólafur Karlsson | 280490-3429 |
| Afturelding | Örn Ingi Bjarkason | 190290-2639 |
| BÍ | Jón Ingi Skarphéðinsson | 151190-3089 |
| Breiðablik | Birkir Snær Ingvason | 140290-2549 |
| Breiðablik | Haukur Baldvinsson | 050590-2919 |
| Breiðablik | Jóhann Berg Guðmundsson | 271090-2429 |
| Breiðablik | Kristinn Jónsson | 040890-3279 |
| Breiðablik | Kristinn Steindórsson | 290490-2009 |
| Breiðablik | Vignir Jóhannesson | 060990-2399 |
| FH | Björn Daníel Sverrisson | 290590-4349 |
| FH | Hákon Atli Hallfreðsson | 300390-2859 |
| FH | Ólafur Andrés Guðmundsson | 130590-2099 |
| Fjölnir | Arnór Fannar Theódórsson | 100690-2099 |
| Fjölnir | Gunnar Hauksson | 180190-2799 |
| Fjölnir | Jökull Vilhjálmsson | 070890-2329 |
| Fjölnir | Kolbeinn Kristinsson | 271190-3019 |
| Fram | Hlynur Atli Magnússon | 110990-2009 |
| Fylkir | Ásgeir Örn Arnþórsson | 020590-3199 |
| Fylkir | Friðrik Ingi Þráinsson | 160190-2809 |
| Fylkir | Sigurður Þór Reynisson | 180390-2519 |
| Grindavík | Marko Valdimar Stefánsson | 180990-3649 |
| Grindavík | Ragnar Þórðarson | 110490-3489 |
| Grótta | Einar Bjarni Ómarsson | 211190-3889 |
| Haukar | Ásgeir Þór Ingólfsson | 310890-3759 |
| Haukar | Hjörtur Ingi Kristjánsson | 170190-2709 |
| HK | Aaron Palomares | 090390-3929 |
| HK | Hólmar Örn Eyjólfsson | 060890-3159 |
| Höttur | Jóhann Valur Clausen | 050690-3429 |
| ÍA | Aron Ýmir Pétursson | 300190-3759 |
| ÍA | Ragnar Þór Gunnarsson | 060690-3409 |
| ÍA | Trausti Sigurbjörnsson | 250990-3089 |
| ÍBV | Elías Fannar Stefánsson | 170190-3349 |
| ÍBV | Þórarinn Ingi Valdimarsson | 230490-3099 |
| ÍR | Axel Kári Vignisson | 280790-2819 |
| KA | Steinþór Már Auðunsson | 230290-3269 |
| Keflavík | Arnþór Elíasson | 150190-3129 |
| KFR | Brynjólfur Þorsteinsson | 300790-2409 |
| KR | Bjarki Pétursson | 280390-2169 |
| KR | Böðvar Schram | 170390-2299 |
| KR | Davíð Birgisson | 231190-2449 |
| KR | Dofri Snorrason | 210790-2769 |
| KR | Magnús Helgason | 250590-2969 |
| Leiknir R. | Hannes Lárus Hjálmarsson | 060590-2579 |
| Njarðvík | Júlíus Pálsson | 030390-2029 |
| Reynir S. | Sigurður Freyr Helgason | 150290-4499 |
| Selfoss | Marinó Geir Lilliendahl | 230390-4449 |
| Selfoss | Sigurður Eyberg Guðlaugsson | 021090-3289 |
| Selfoss | Viðar Örn Kjartansson | 110390-3359 |
| Sindri | Frans Elvarsson | 140890-2359 |
| Stjarnan | Andri Sigurjónsson | 110490-2329 |
| Stjarnan | Arnar Már Björgvinsson | 100290-2009 |
| Stjarnan | Heiðar Atli Emilsson | 140390-2169 |
| Stjarnan | Jóhann Laxdal | 270190-2009 |
| Stjarnan | Jón Gunnar Björnsson | 310190-2769 |
| Þór | Sveinn Óli Birgisson | 030990-3749 |
| Þór | Trausti Örn Þórðarson | 050590-2409 |
| Þróttur N. | Fannar Berg Valsson | 150290-3259 |
| Þróttur R. | Bjarki Þór Steinarsson | 150490-2359 |
| Þróttur R. | Rúnar Guðbjartsson | 040590-2429 |
| Tindastóll | Rúnar Már Sigurjónsson | 180690-2719 |
| Valur | Tómas Kjartan Kjartansson | 231090-2829 |
| Víkingur R. | Kolbeinn Sigþórsson | 140390-2409 |
| Völsungur | Elfar Árni Aðalsteinsson | 120890-2639 |

Landsleikir á árinu - A kvenna

Landsleikir á árinu - U21 kvenna

Landsleikir á árinu - U19 kvenna

Landsleikir á árinu - U17 kvenna

# Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var óbreytt frá fyrra ári: Halldór B. Jónsson, formaður, Atli Heiðar Þórsson, Ágúst Ingi Jónsson, Björn Friðþjófsson, Ingibjörg Hinriksdóttir og Kjartan Daníelsson. Starfsfólk mótamála var Birkir Sveinsson, sem verið hefur mótastjóri KSÍ í 10 ár, Klara Bjartmarz og Halldór Örn Þorsteinsson. Halldór annaðist jafnframt mótahald knattspyrnuráðsins í Reykjavík samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félögin.

## Úrslit leikja og stöðutöflur

Öll úrslit leikja og helstu stöðutöflur móta á vegum KSÍ koma fram í bókinni *Íslensk knattspyrna 2005* eftir Víði Sigurðsson, sem Tindur gefur út. Aðildarfélögum KSÍ hefur verið sent eintak af bókinni.

## Flokkun og fjöldi leikja

Leikir á vegum KSÍ hafa aldrei verið fleiri en árið 2005. Þeim fjölgaði um 194 frá fyrra ári og má rekja það til umfangsmeiri keppni í deildarbikar, en þó aðallega til mun fleiri leikja í yngri flokkum kvenna, þar sem nýr aldursflokkur bættist við vegna breyttrar aldursflokkaskiptingar.

| **Leikár** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** | **2000** | **1999** | **1998** | **1997** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Leikir samtals** | 5.120 | 4.926 | 4.438 | 4.535 | 4.213 | 3.753 | 3.860 | 3.393 | 3.456 |

### Fjöldi KSÍ leikja í meistaraflokki

| **Karlar** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 452 | 452 | 486 | 425 | 419 |
| Bikarkeppni | 60 | 60 | 73 | 68 | 62 |
| Meistarakeppni | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| Deildarbikar | 152 | 126 | 126 | 112 | 114 |
| U23 (áður 1. fl.) | 50 | 66 | 34 | 51 | 53 |
| **Samtals** | **715** | **705** | **720** | **656** | **648** |

| **Konur** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 136 | 135 | 147 | 135 | 105 |
| Bikarkeppni | 16 | 16 | 14 | 15 | 13 |
| Meistarakeppni | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| Deildarbikar | 39 | 33 | 33 | 36 | 24 |
| **Samtals** | **192** | **185** | **195** | **186** | **142** |

### Fjöldi KSÍ leikja í yngri flokkum (11 manna lið)

| **Karlar** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 868 | 870 | 777 | 691 | 669 |
| Bikarkeppni | 58 | 58 | 56 | 55 | 50 |
| **Samtals** | **926** | **928** | **833** | **746** | **719** |

| **Konur** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 304 | 231 | 202 | 185 | 131 |
| Bikarkeppni | 30 | 13 | 12 | 11 | 9 |
| **Samtals** | **334** | **244** | **214** | **196** | **140** |

### Fjöldi KSÍ leikja í yngri flokkum (7 manna lið)

| **Karlar** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 793 | 760 | 693 | 706 | 693 |
| Pollamót | 317 | 319 | 184 | 351 | 336 |
| **Samtals** | **1110** | **1079** | **877** | **1057** | **1029** |

| **Konur** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 538 | 460 | 370 | 341 | 322 |
| Hnátumót | 147 | 142 | 73 | 99 | 132 |
| **Samtals** | **685** | **602** | **443** | **440** | **454** |

### Fjöldi landsleikja og Evrópuleikja félagsliða

| **Karlar** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** |
|---|---|---|---|---|---|
| Landsleikir | 31 | 29 | 24 | 27 | 32 |
| Evrópul. félagsliða | 10 | 14 | 8 | 10 | 12 |
| **Samtals** | **41** | **43** | **32** | **37** | **44** |

| **Konur** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** |
|---|---|---|---|---|---|
| Landsleikir | 16 | 23 | 21 | 18 | 22 |
| Evrópul. félagsliða | 8 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| **Samtals** | **24** | **26** | **24** | **21** | **25** |

### Fjöldi annarra leikja

| **Karlar** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót inni | 557 | 567 | 593 | 661 | 564 |
| Eldri flokkar | 107 | 125 | 97 | 138 | 75 |
| Framh.skólamót | 81 | 81 | 73 | 75 | 83 |
| **Samtals** | **745** | **773** | **763** | **874** | **722** |

| **Konur** | **2005** | **2004** | **2003** | **2002** | **2001** |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót inni | 322 | 308 | 296 | 294 | 260 |
| Framh.skólamót | 26 | 29 | 38 | 28 | 35 |
| **Samtals** | **348** | **337** | **334** | **322** | **295** |

## Skipulag móta í meistaraflokki

Skipulag landsmóta í meistaraflokki var að mestu leyti með hefðbundnum hætti árið 2005. Í 3. deild karla var þó nauðsynlegt að breyta svæðaskiptingu í riðlakeppni vegna breyttrar þátttöku. Riðlar voru fjórir eins og áður, en vikið var frá hefðbundinni landshlutaskiptingu. Deildarbikar karla og kvenna hófst 1996 og fór því nú fram í 10. sinn. Stjórn KSÍ tók ákvörðun um að auka umfang deildarbikarsins 2005 og var öllum þátttökuliðum í Íslandsmóti 2004 heimiluð þátttaka.

## Keppni í U23 flokki karla

U23 keppnin fór fram annað árið í röð. Gerðar voru breytingar á hlutgengi leikmanna og var nú heimilað að nota 6 eldri leikmenn. Framkvæmd mótsins gekk þokkalega, en fresta þurfti nokkrum leikjum og var m.a. borið við manneklu. Vonir eru enn bundnar við að þetta mót nái að festast í sessi,

enda nauðsynlegt fyrir þá leikmenn sem gengnir eru upp úr 2. aldursflokki og ekki eru orðnir fastamenn í meistaraflokksliði sínu.

**Aðsókn í Landsbankadeild karla**

Ekki tókst að slá aðsóknarmetið í deildinni í ár, en heildaraðsókn er þó sú næst besta frá upphafi. Meðaltal áhorfenda var 1.070 á leik, en alls komu 96.332 áhorfendur á leikina 90. Áhorfendametið var sett árið 2001, þegar 96.854 komu á leikina, eða 1.076 að meðaltali. Aðeins vantaði því rúmlega 500 manns í heild til að slá metið sumarið 2005.

| Landsbankadeild karla | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhorfendur samtals | 96.332 | 92.376 | 92.250 | 89.660 | 96.845 | 80.937 | 80.762 | 65.517 | 58.099 |
| Meðaltal á leik | 1.070 | 1.026 | 1.025 | 996 | 1.076 | 899 | 897 | 728 | 646 |

Fimm félög fengu yfir 1.000 áhorfendur að meðaltali á heimaleiki sína og fóru Íslandsmeistarar FH þar fremstir í flokki með 1.973 að meðaltali. Flestir áhorfendur voru á leik FH og Vals á Kaplakrikavelli í 15. umferð, 3.682 samtals, sem er met í Kaplakrika. Þess má geta að fleiri en 2.000 áhorfendur sóttu tvo aðra leiki í Kaplakrika. FH-ingar voru einnig duglegastir við að fylgja liði sínu til leiks á útivelli, 1.588 að meðaltali, og voru fjölmennir á leik meistaranna gegn Val að Hlíðarenda, þar sem áhorfendur voru alls 2.958. ÍBV fékk hins vegar að jafnaði fæsta áhorfendur, eða 697 að meðaltali.

**Íslandsmót yngri flokka**

Leikið var í fyrsta skipti eftir nýrri aldursflokkaskiptingu í stúlknaflokkum og eru aldursflokkar nú þeir sömu hjá báðum kynjum. Þar með bættist við einn aldursflokkur stúlkna í mótahaldi KSÍ. Breytingin gekk vel fyrir sig, en smávægileg vandræði urðu vegna úrsagna liða í 2. flokki kvenna og varð að leika í einni deild. Stjórn KSÍ ákvað sem tilraun til eins árs að leikið skyldi til úrslita í fleiri mótum en áður. Var því í fyrsta sinn leikið til úrslita í B, C og D liðum, þar sem við átti, og virðist fyrirkomulagið hafa reynst ágætlega. Einhver vafamál munu hafa komið upp varðandi hlutgengisreglur og er lögð mikil áhersla á að forráðamenn, þjálfarar og foreldrar kynni sér þær og virði.

**Vanræksla, agabrot og sektir**

Félög fengu á sig sektir samkvæmt reglugerðum. Hæstar voru sektirnar vegna agamála og vanrækslu á að skrá úrslit og leikskýrslur í gagnagrunn KSÍ á réttum tíma. Sömuleiðis er sektað vegna ólöglegra leikmanna, seinna úrsagna úr mótum og vanskila á leikskýrslum. Í vissum tilfellum ákveða dómstólar KSÍ einnig sektir. Heildarsektir á félögin á árinu voru kr. 2.244.665 og til viðbótar kom upphæðin kr. 431.000. sem gengur á milli félaga vegna liða sem ekki hafa komið til leiks.

| Hætt eða ekki mætt | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi liða sem hættu þátttöku | 44 | 33 | 32 | 34 | 31 | 30 | 27 | 27 |
| Fjöldi leikja þar sem lið mætti ekki | 10 | 11 | 7 | 16 | 12 | 25 | 15 | 10 |

**KRR-mót og Faxaflóamót**

KSÍ annast skipulagningu þessara umfangsmiklu móta skv. sérstöku samkomulagi. Leikjafjöldi kemur fram í eftirfarandi töflu. Fjöldi leikja í Reykjavíkurmótum er svipaður undanfarin þrjú ár, en nokkur fækkun varð milli ára í Faxaflóamótum (þátttaka í Haustmóti talsvert minni).

| Heildarfjöldi leikja | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KRR-mót | 2.105 | 2.075 | 2.104 | 1.753 | 1.295 | 1.139 | 1.053 | 982 |
| Faxaflóamót | 1.016 | 1.252 | 1.131 | 711 | | | | |

Bent skal á að héraðssamböndum og öðrum samtökum félaga á landssvæðum stendur til boða þjónusta af hálfu KSÍ - með sama hætti og KRR og Faxaflóafélögin hafa nýtt sér í mótahaldi sínu.

**Lokaorð**

Mótanefnd KSÍ og starfsfólk mótamála á skrifstofu KSÍ þakkar ánægjulegt samstarf við aðildarfélög sambandsins árið 2005.

Halldór B. Jónsson, formaður

# Þátttaka í mótum utanhúss 2005 - Fjöldi liða

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 | 1996 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur karla | 63 | 63 | 62 | 55 | 53 | 52 | 55 | 57 | 59 | 64 |
| U23 karla | 13 | 16 | 16 | 16 | 12 | 12 | 14 | 9 | 9 | 10 |
| Eldri flokkur karla 30+ | 10 | 15 | 15 | 17 | 18 | 18 | 18 | 17 | 19 | 22 |
| Eldri flokkur karla 40+ | 15 | 14 | 10 | 11 | | | | | | |
| 1. flokkur karla | 0 | 0 | 11 | 19 | 14 | 16 | 16 | 18 | 18 | 18 |
| 2. flokkur karla | 30 | 29 | 31 | 26 | 30 | 29 | 28 | 26 | 27 | 29 |
| 2. flokkur karla B lið | 5 | 3 | | | | | | | | |
| 3. flokkur karla | 35 | 40 | 37 | 34 | 33 | 28 | 32 | 31 | 32 | 32 |
| 3. flokkur karla B lið | 15 | 13 | 10 | 9 | 5 | | | | | |
| 3. flokkur karla 7 manna | 3 | 4 | 8 | 9 | 19 | 19 | 23 | 26 | 21 | 26 |
| 4. flokkur karla A lið | 43 | 43 | 38 | 38 | 33 | 28 | 29 | 27 | 29 | 32 |
| 4. flokkur karla B lið | 27 | 24 | 20 | 14 | 15 | 15 | 11 | 8 | 12 | 13 |
| 4. flokkur karla C lið | 0 | 6 | 5 | 6 | 6 | | | | | |
| 4. flokkur karla 7 manna | 16 | 15 | 14 | 16 | 23 | 29 | 30 | 29 | 31 | 32 |
| 5. flokkur karla A lið | 53 | 52 | 58 | 54 | 47 | 46 | 50 | 47 | 44 | 47 |
| 5. flokkur karla B lið | 46 | 45 | 46 | 44 | 39 | 41 | 40 | 36 | 37 | 38 |
| 5. flokkur karla C lið | 28 | 27 | 23 | 27 | 26 | 25 | 27 | 22 | 19 | 18 |
| 5. flokkur karla D lið | 25 | 27 | 19 | 19 | 15 | | | | | |
| 6. flokkur karla A lið | 51 | 43 | 46 | 46 | 46 | 45 | 45 | 42 | 44 | 42 |
| 6. flokkur karla B lið | 39 | 39 | 35 | 44 | 35 | 34 | 36 | 37 | 36 | 35 |
| 6. flokkur karla C lið | 25 | 33 | 25 | 26 | 26 | | | | | |
| 6. flokkur karla D lið | 22 | 24 | 25 | 20 | 13 | | | | | |
| **Alls karla** | **564** | **575** | **554** | **550** | **508** | **437** | **454** | **432** | **437** | **458** |
| | | | | | | | | | | |
| Meistaraflokkur kvenna | 20 | 21 | 23 | 20 | 17 | 19 | 22 | 21 | 22 | 22 |
| 2. flokkur kvenna | 11 | 15 | 14 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 16 |
| 2. flokkur kvenna 7 manna | 5 | 10 | 6 | 8 | 6 | | | | | |
| 3. flokkur kvenna | 22 | 23 | 21 | 17 | 16 | 14 | 14 | 9 | 13 | 21 |
| 3. flokkur kvenna 7 manna | 13 | 18 | 17 | 16 | 16 | 19 | 20 | 20 | 20 | 12 |
| 4. flokkur kvenna A lið | 22 | 34 | 33 | 33 | 32 | 30 | 27 | 28 | 29 | 25 |
| 4. flokkur kvenna B lið | 6 | 25 | 19 | 20 | 18 | 15 | 16 | 15 | 15 | 15 |
| 4. flokkur kvenna C lið | 0 | 11 | 6 | 3 | 5 | | | | | |
| 4. flokkur kvenna 7 manna | 20 | | | | | | | | | |
| 5. flokkur kvenna A lið | 41 | 35 | 27 | 24 | 27 | 29 | 22 | 17 | 20 | 23 |
| 5. flokkur kvenna B lið | 30 | 32 | 17 | 17 | 22 | 16 | 17 | 11 | 13 | 17 |
| 5. flokkur kvenna C lið | 15 | | | | 5 | | | | | |
| 6. flokkur kvenna A lið | 33 | | | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna B lið | 26 | | | | | | | | | |
| **Alls kvenna** | **264** | **224** | **183** | **171** | **177** | **155** | **151** | **134** | **145** | **151** |
| | | | | | | | | | | |
| **Samtals þátttaka** | **828** | **799** | **737** | **721** | **685** | **592** | **605** | **566** | **582** | **609** |

# Sigurvegarar í mótum 2005

## Íslandsmót

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Landsbankadeild karla** | FH | **Landsbankadeild kvenna** | Breiðablik |
| **1. deild karla** | Breiðablik | **1. deild kvenna** | Fylkir |
| **2. deild karla** | Leiknir R | | |
| **3. deild karla** | Reynir S | | |
| **Eldri flokkur karla 30+** | Breiðablik | | |
| **Eldri flokkur karla 40+** | Fylkir | | |
| **U23 karla** | Valur | | |
| **2. flokkur karla** | ÍA | **2. flokkur kvenna** | Stjarnan |
| **2. flokkur karla B** | Víkingur R | **2. flokkur kvenna 7** | Ægir |
| **3. flokkur karla** | Breiðablik | **3. flokkur kvenna** | Breiðablik |
| **3. flokkur karla B** | Breiðablik | **3. flokkur kvenna 7 manna** | ÍA |
| **4. flokkur karla** | ÍA | **4. flokkur kvenna A** | Breiðablik |
| **4. flokkur karla B** | Víkingur R | **4. flokkur kvenna B** | Breiðablik |
| **4. flokkur karla 7 manna** | Einherji | **4. flokkur kvenna 7 manna** | GRV |
| **5. flokkur karla A+B** | FH | **5. flokkur kvenna A+B** | Breiðablik |
| **5. flokkur karla C** | Fjölnir | **5. flokkur kvenna C** | Fjölnir |
| **5. flokkur karla D** | Fylkir | | |
| **6. flokkur karla - Pollamót A lið SV** | Fylkir | **6. flokkur kvenna - Hnátumót A lið SV** | Valur |
| **6. flokkur karla - Pollamót B lið SV** | Fylkir | **6. flokkur kvenna - Hnátumót B lið SV** | Þróttur R. |
| **6. flokkur karla - Pollamót C lið SV** | Stjarnan | | |
| **6. flokkur karla - Pollamót D lið SV** | KR | | |
| **6. flokkur karla - Pollamót A lið NL/AL** | KA | **6. flokkur kvenna - Hnátumót A lið NL/AL** | KA |
| **6. flokkur karla - Pollamót B lið NL/AL** | KA | **6. flokkur kvenna - Hnátumót B lið NL/AL** | KA |

## Bikarkeppni

| | | | |
|---|---|---|---|
| **VISA-bikar karla** | Valur | **VISA-bikar kvenna** | Breiðablik |
| **2. flokkur karla** | FH | **2. flokkur kvenna** | Breiðablik |
| **3. flokkur karla SV** | ÍA | **3. flokkur kvenna SV** | Breiðablik |
| **3. flokkur karla AL/NL** | Þór | **3. flokkur kvenna NL** | Þór |

## Deildarbikarkeppni KSÍ

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla - A deild** | KR | **Meistaraflokkur kvenna - A deild** | Valur |
| **Meistaraflokkur karla - B deild** | Leiknir R | **Meistaraflokkur kvenna - B deild** | Fjölnir |
| **Meistaraflokkur karla - C deild** | Magni | **Meistaraflokkur kvenna - C deild** | Fylkir |

## Meistarakeppni KSÍ

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla** | FH | **Meistaraflokkur kvenna** | Valur |

## Tölur yfir áhorfendur í Landsbankadeild karla 2005

| | KR | Fylkir | Grindavík | ÍBV | ÍA | Keflavík | Valur | Fram | Þróttur | FH | Alls heima | Meðaltal | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | 1615 | 2200 | 1546 | 1618 | 1622 | 1413 | 3682 | 2510 | 1548 | | 17.754 | 1.973 | 1 |
| **KR** | | 1434 | 1011 | 846 | 984 | 853 | 1021 | 1983 | 1457 | 2407 | 11.996 | 1.333 | 2 |
| **Valur** | 1306 | 1305 | 1064 | 405 | 1051 | 810 | | 1050 | 360 | 2958 | 10.309 | 1.145 | 3 |
| **Fylkir** | 1837 | | 836 | 707 | 442 | 955 | 1285 | 917 | 910 | 1514 | 9.403 | 1.045 | 4 |
| **ÍA** | 851 | 1432 | 682 | 913 | | 931 | 1165 | 633 | 1672 | 1036 | 9.315 | 1.035 | 5 |
| **Keflavík** | 1211 | 852 | 720 | 675 | 782 | | 1052 | 615 | 542 | 2450 | 8.899 | 989 | 6 |
| **Þróttur** | 1025 | 1052 | 456 | 472 | 1005 | 659 | 741 | 1002 | | 1288 | 7.700 | 856 | 7 |
| **Fram** | 1070 | 834 | 567 | 862 | 578 | 713 | 1002 | | 804 | 1092 | 7.522 | 836 | 8 |
| **Grindavík** | 851 | 620 | | 707 | 624 | 1209 | 826 | 730 | 675 | 921 | 7.163 | 796 | 9 |
| **ÍBV** | 565 | 598 | 1016 | | 525 | 460 | 1142 | 490 | 853 | 622 | 6.271 | 697 | 10 |
| **Alls úti** | 8.716 | 10.327 | 7.898 | 7.205 | 7.613 | 8.003 | 11.916 | 9.930 | 8.821 | 14.288 | 96.332 | | |
| **Meðaltal** | 1.148 | 1.147 | 878 | 801 | 846 | 889 | 1.324 | 1.103 | 980 | 1.588 | | **1070** | |
| **Röð** | 3 | 4 | 8 | 10 | 9 | 7 | 2 | 5 | 6 | 1 | | | |

# Deildarkeppni karla og kvenna 2005

## Landsbankadeild karla 2005

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | FH | 18 | 16 | 0 | 2 | 53 - 11 | 42 | 48 |
| 2 | Valur | 18 | 10 | 2 | 6 | 29 - 16 | 13 | 32 |
| 3 | ÍA | 18 | 10 | 2 | 6 | 24 - 20 | 4 | 32 |
| 4 | Keflavík | 18 | 7 | 6 | 5 | 28 - 31 | -3 | 27 |
| 5 | Fylkir | 18 | 8 | 2 | 8 | 28 - 28 | 0 | 26 |
| 6 | KR | 18 | 8 | 1 | 9 | 22 - 24 | -2 | 25 |
| 7 | Grindavík | 18 | 5 | 3 | 10 | 23 - 41 | -18 | 18 |
| 8 | ÍBV | 18 | 5 | 2 | 11 | 18 - 30 | -12 | 17 |
| 9 | Fram | 18 | 5 | 2 | 11 | 19 - 32 | -13 | 17 |
| 10 | Þróttur R. | 18 | 4 | 4 | 10 | 21 - 32 | -11 | 16 |

## 1. deild karla 2005

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Breiðablik | 18 | 13 | 5 | 0 | 32 - 13 | 19 | 44 |
| 2 | Víkingur R. | 18 | 10 | 7 | 1 | 41 - 9 | 32 | 37 |
| 3 | KA | 18 | 10 | 4 | 4 | 40 - 20 | 20 | 34 |
| 4 | Fjölnir | 18 | 7 | 1 | 10 | 29 - 34 | -5 | 22 |
| 5 | Víkingur Ó. | 18 | 6 | 4 | 8 | 15 - 30 | -15 | 22 |
| 6 | Þór | 18 | 6 | 3 | 9 | 25 - 34 | -9 | 21 |
| 7 | HK | 18 | 4 | 8 | 6 | 18 - 21 | -3 | 20 |
| 8 | Haukar | 18 | 4 | 5 | 9 | 23 - 33 | -10 | 17 |
| 9 | Völsungur | 18 | 4 | 4 | 10 | 17 - 25 | -8 | 16 |
| 10 | KS | 18 | 2 | 7 | 9 | 14 - 35 | -21 | 13 |

## 2. deild karla 2005

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Leiknir R. | 18 | 11 | 4 | 3 | 38 - 21 | 17 | 37 |
| 2 | Stjarnan | 18 | 9 | 6 | 3 | 42 - 25 | 17 | 33 |
| 3 | Njarðvík | 18 | 9 | 4 | 5 | 34 - 21 | 13 | 31 |
| 4 | Fjarðabyggð | 18 | 8 | 5 | 5 | 31 - 24 | 7 | 29 |
| 5 | Selfoss | 18 | 8 | 2 | 8 | 27 - 30 | -3 | 26 |
| 6 | ÍR | 18 | 6 | 5 | 7 | 27 - 32 | -5 | 23 |
| 7 | Afturelding | 18 | 6 | 4 | 8 | 35 - 35 | 0 | 22 |
| 8 | Huginn | 18 | 5 | 4 | 9 | 35 - 37 | -2 | 19 |
| 9 | Tindastóll | 18 | 4 | 4 | 10 | 16 - 38 | -22 | 16 |
| 10 | Leiftur/Dalvík | 18 | 3 | 4 | 11 | 23 - 45 | -22 | 13 |

## Landsbankadeild kvenna 2005

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Breiðablik | 14 | 13 | 1 | 0 | 47 - 9 | 38 | 40 |
| 2 | Valur | 14 | 12 | 0 | 2 | 60 - 13 | 47 | 36 |
| 3 | ÍBV | 14 | 8 | 0 | 6 | 41 - 30 | 11 | 24 |
| 4 | KR | 14 | 7 | 1 | 6 | 39 - 24 | 15 | 22 |
| 5 | Keflavík | 14 | 6 | 0 | 8 | 31 - 35 | -4 | 18 |
| 6 | Stjarnan | 14 | 5 | 0 | 9 | 18 - 36 | -18 | 15 |
| 7 | FH | 14 | 3 | 1 | 10 | 10 - 46 | -36 | 10 |
| 8 | ÍA | 14 | 0 | 1 | 13 | 10 - 63 | -53 | 1 |

## Úrslitakeppni 3. deildar karla

| 8 liða úrslit – Fyrri leikir | | |
|---|---|---|
| Sindri - Víðir | Sindravellir | 1-1 |
| Hvöt – Reynir S. | Blönduósvöllur | 1-2 |
| Leiknir F. - ÍH | Fáskrúðsfjarðarvöllur | 1-1 |
| Grótta - Höttur | Gróttuvöllur | 3-0 |
| **8 liða úrslit – Seinni leikir** | | |
| Víðir - Sindri | Garðsvöllur | 0-1 |
| Reynir S. - Hvöt | Sandgerðisvöllur | 3-2 |
| ÍH – Leiknir F. | Hamarsvöllur | 2-3 |
| Höttur - Grótta | Vilhjálmsvöllur | 0-4 |
| **Undanúrslit – Fyrri leikir** | | |
| Sindri – Leiknir F. | Sindravellir | 0-0 |
| Reynir S. - Grótta | Sandgerðisvöllur | 4-5 |
| **Undanúrslit – Seinni leikir** | | |
| Leiknir F. - Sindri | Fáskrúðsfjarðarvöllur | 0-1 |
| Grótta – Reynir S. | Gróttuvöllur | 1-4 |
| **Leikur um 3. sæti** | | |
| Grótta – Leiknir F. | Árskógsvöllur | 5-4 |
| **Úrslitaleikur** | | |
| Reynir S. - Sindri | Grindavíkurvöllur | 4-1 |

*Reynir S. og Sindri færast úr 3. deild karla upp í 2. deild*

## Úrslitakeppni 1. deildar kvenna

| Undanúrslit – Fyrri leikir | | |
|---|---|---|
| Höttur - Fylkir | Fylkisvöllur | 1-6 |
| Haukar – Þór/KA/KS | Ásvellir | 0-2 |
| **Undanúrslit – Seinni leikir** | | |
| Fylkir - Höttur | Fylkisvöllur | 11-0 |
| Þór/KA/KS | Akureyrarvöllur | 5-1 |
| **Úrslitaleikur** | | |
| Fylkir – Þór/KA/KS | Blönduósvöllur | 3-2 |

*Fylkir færist úr 1. deild kvenna upp í Landsbankadeild*

## Aukakeppni kvenna

| Fyrri leikur | | |
|---|---|---|
| FH - Þór/KA/KS | Kaplakrikavöllur | 4-1 |
| **Seinni leikur** | | |
| Þór/KA/KS - FH | Akureyrarvöllur | 0-0 |

*FH heldur sæti sínu í Landsbankadeild*

# VISA bikar karla

## 1. umferð

| | | |
|---|---|---|
| Grótta - GG | KR-völlur | 5-1 |
| Sindri - Höttur | Sindravellir | 0-1 |
| KV - Hrunamenn | KR-völlur | 4-2 |
| Árborg - Hvíti riddarinn | Eyrarbakkavöllur | 6-7 |
| Skallagrímur - Elliði | Skallagrímsvöllur | 9-2 |
| Neisti H. - Reynir Á | Hofsósvöllur | 1-3 |
| Fjarðabyggð - KE | Neskaupstaðarvöllur | 4-1 |
| Huginn - Leiknir F. | Blönduósvöllur | 4-2 |
| Hvöt - Magni | Húsavíkurvöllur | 5-1 |
| Snörtur - Boltaf. Húsavíkur | Dúddavöllur | 3-1 |
| Ægir - Ýmir | Þorlákshafnarvöllur | 0-5 |
| Augnablik - Afríka | Fífan | 3-0 |
| Neisti D. - Boltaf. Norðfj. | Djúpavogsvöllur | 3-1 |

## 2. umferð

| | | |
|---|---|---|
| KV - Leiknir R. | KR-völlur | 1-2 |
| Augnablik - ÍR | ÍR-völlur | 0-3 |
| Tindastóll - KS | Sauðárkróksvöllur | 1-3 |
| Höttur - Huginn | Vilhjálmsvöllur | 1-5 |
| Fjarðabyggð - Neisti D. | Eskifjarðarvöllur | 7-0 |
| Snörtur - Leiftur/Dalvík | Dúddavöllur | 0-7 |
| Reynir Á - Hvöt | Árskógsvöllur | 4-3 |
| Selfoss - Njarðvík | Selfossvöllur | 2-3 |
| Víkingur Ó. - Reynir S. | Ólafsvíkurvöllur | 4-1 |
| Fjölnir - Númi | Fjölnisvöllur | 9-0 |
| Bolungarvík - Stjarnan | Skeiðisvöllur | 0-8 |
| Skallagrímur - Grótta | Skallagrímsvöllur | 1-3 |
| Afturelding - Tunglið | Varmárvöllur | 10-1 |
| Ýmir - Haukar | Fífan | 1-3 |
| Víðir - ÍH | Garðsvöllur | 2-1 |
| Hamar - Hvíti riddarinn | Grýluvöllur | 0-7 |

## 32-liða úrslit

| | | |
|---|---|---|
| Grótta - ÍA | Gróttuvöllur | 1-2 |
| Fjarðabyggð - Fram | Eskifjarðarvöllur | 0-2 |
| KS - Fylkir | Siglufjarðarvöllur | 2-4 |
| ÍR - Þór | ÍR-völlur | 1-2 |
| Leiftur/Dalvík - ÍBV | Ólafsfjarðarvöllur | 1-2 |
| Njarðvík - Völsungur | Njarðvíkurvöllur | 3-2 |
| Huginn - KA | Seyðisfjarðarvöllur | 1-4 |
| Leiknir R. - KR | Leiknisvöllur | 0-6 |
| Hvíti riddarinn - HK | Varmárvöllur | 1-5 |
| Víkingur Ó. - Breiðablik | Ólafsvíkurvöllur | 1-2 |
| Reynir Á - Valur | Árskógsvöllur | 0-7 |
| Afturelding - Víkingur R. | Varmárvöllur | 0-1 |
| Fjölnir - Keflavík | Fjölnisvöllur | 3-4 |
| Víðir - FH | Garðsvöllur | 0-5 |
| Haukar - Þróttur R. | Ásvellir | 1-1 (5-4 v) |
| Stjarnan - Grindavík | Stjörnuvöllur | 0-2 |

## 16-liða úrslit

| | | |
|---|---|---|
| Víkingur R. - KR | Víkingsvöllur | 3-3 (5-6 v) |
| ÍA - Breiðablik | Akranesvöllur | 2-1 |
| Valur - Haukar | Hlíðarendi | 5-1 |
| Grindavík - Fylkir | Grindavíkurvöllur | 0-1 |
| FH - KA | Kaplakrikavöllur | 3-1 |
| Þór - Fram | Akureyrarvöllur | 0-3 |
| ÍBV - Njarðvík | Hásteinsvöllur | 3-2 |
| HK - Keflavík | Kópavogsvöllur | 1-0 |

## 8-liða úrslit

| | | |
|---|---|---|
| FH - ÍA | Kaplakrikavöllur | 5-1 |
| HK - Fylkir | Kópavogsvöllur | 0-2 |
| Fram - ÍBV | Laugardalsvöllur | 2-1 |
| KR - Valur | KR-völlur | 1-2 |

## Undanúrslit

| | | |
|---|---|---|
| Fram - FH | Laugardalsvöllur | 2-2 (7-6 v) |
| Valur - Fylkir | Laugardalsvöllur | 2-0 |

## Úrslitaleikur

| | | |
|---|---|---|
| Fram - Valur | Laugardalsvöllur | 0-1 |

# VISA bikar kvenna

## 1. umferð

| | | |
|---|---|---|
| Þór/KA/KS - Fylkir | Þórsvöllur | 3-4 |
| HK/Víkingur - ÍR | Víkingsvöllur | 0-2 |
| Þróttur R. - Grindavík | Þróttarvöllur | 0-5 |
| Fjölnir - Víðir | Fjölnisvöllur | 10-1 |

## 2. umferð

| | | |
|---|---|---|
| Keflavík - Grindavík | Keflavíkurvöllur | 8-1 |
| Fjölnir - ÍR | Fjölnisvöllur | 4-1 |
| Fylkir - Stjarnan | Fylkisvöllur | 1-2 |
| Haukar - ÍA | Ásvellir | 2-4 |
| Breiðablik - FH | Kópavogsvöllur | 3-0 |

## 8-liða úrslit

| | | |
|---|---|---|
| ÍBV - Valur | Hásteinsvöllur | 1-6 |
| Breiðablik - Keflavík | Kópavogsvöllur | 3-1 |
| Fjölnir - ÍA | Fjölnisvöllur | 4-1 |
| Stjarnan - KR | Stjörnuvöllur | 1-3 |

## Undanúrslit

| | | |
|---|---|---|
| Breiðablik - Valur | Kópavogsvöllur | 4-0 |
| KR - Fjölnir | KR-völlur | 6-2 |

## Úrslitaleikur

| | | |
|---|---|---|
| Breiðablik - KR | Laugardalsvöllur | 4-1 |

# VISA-bikar karla 2005

## Útkoma í krónum – Hagnaður eða tap

### 32-liða úrslit

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| þri. | 7. jún. | Grótta - ÍA | Gróttuvöllur | 1-2 | -40.100 |
| sun. | 19. jún. | Fjarðabyggð - Fram | Eskifjarðarvöllur | 0-2 | -260.648 |
| sun. | 19. jún. | KS - Fylkir | Siglufjarðarvöllur | 2-4 | -240.800 |
| sun. | 19. jún. | ÍR - Þór | ÍR-völlur | 1-2 | -202.900 |
| sun. | 19. jún. | Leiftur/Dalvík - ÍBV | Ólafsfjarðarvöllur | 1-2 | -529.500 |
| sun. | 19. jún. | Njarðvík - Völsungur | Njarðvíkurvöllur | 3-2 | -223.430 |
| sun. | 19. jún. | Huginn - KA | Seyðisfjarðarvöllur | 1-4 | -84.040 |
| sun. | 19. jún. | Leiknir R. - KR | Leiknisvöllur | 0-6 | 146.900 |
| sun. | 19. jún. | Hvíti riddarinn - HK | Varmárvöllur | 1-5 | 15.630 |
| sun. | 19. jún. | Víkingur Ó. - Breiðablik | Ólafsvíkurvöllur | 1-2 | -80.650 |
| mán. | 20. jún. | Reynir Á - Valur | Árskógsvöllur | 0-7 | -157.340 |
| mán. | 20. jún. | Afturelding - Víkingur R. | Varmárvöllur | 0-1 | 10.420 |
| mán. | 20. jún. | Fjölnir - Keflavík | Fjölnisvöllur | 3-4 | 14.500 |
| mán. | 20. jún. | Víðir - FH | Garðsvöllur | 0-5 | 172.660 |
| mán. | 20. jún. | Haukar - Þróttur R. | Ásvellir | 1-1 | 85.650 |
| mán. | 20. jún. | Stjarnan - Grindavík | Stjörnuvöllur | 0-2 | 7.500 |
| | | | | | **-1.366.148** |

### 16-liða úrslit

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| mán. | 4. júl. | Víkingur R. - KR | Víkingsvöllur | 3-3 | 432.459 |
| mán. | 4. júl. | ÍA - Breiðablik | Akranesvöllur | 2-1 | 242.946 |
| mán. | 4. júl. | Valur - Haukar | Hlíðarendi | 5-1 | 124.200 |
| þri. | 5. júl. | Grindavík - Fylkir | Grindavíkurvöllur | 0-1 | 185.454 |
| þri. | 5. júl. | FH - KA | Kaplakrikavöllur | 3-1 | -219.470 |
| þri. | 5. júl. | Þór - Fram | Akureyrarvöllur | 0-3 | -131.700 |
| þri. | 5. júl. | ÍBV - Njarðvík | Hásteinsvöllur | 3-2 | -87.520 |
| þri. | 5. júl. | HK - Keflavík | Kópavogsvöllur | 1-0 | 76.617 |
| | | | | | **622.986** |

### 8-liða úrslit

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| lau. | 16. júl. | FH - ÍA | Kaplakrikavöllur | 5-1 | 205.920 |
| mið. | 20. júl. | HK - Fylkir | Kópavogsvöllur | 0-2 | 176.040 |
| fim. | 21. júl. | Fram - ÍBV | Laugardalsvöllur | 2-1 | 11.025 |
| fim. | 21. júl. | KR - Valur | KR-völlur | 1-2 | 847.296 |
| | | | | | **1.240.281** |

### Undanúrslit

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| mið. | 3. ágú. | Fram - FH | Laugardalsvöllur | 2-2 | 494.810 |
| fim. | 4. ágú. | Valur - Fylkir | Laugardalsvöllur | 2-0 | 380.256 |
| | | | | | **875.066** |

### Úrslitaleikur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| lau. | 24. sep. | Fram - Valur | Laugardalsvöllur | 0-1 | **2.032.086** |

# Skýrsla dómaranefndar

Nefndin var óbreytt frá fyrra ári: Halldór B Jónsson, formaður, Ingi Jónsson, varaformaður, Eyjólfur Ólafsson, Eysteinn Guðmundsson, Kári Gunnlaugsson og Sigurður Hannesson.

Birkir Sveinsson, mótastjóri, annaðist umsjón dómaramála KSÍ, en Klara Bjartmarz og Halldór Örn Þorsteinsson sinntu einnig fjölþættum verkefnum á því sviði.

## Flokkun A, B og C deildardómara

Eyjólfur Magnús Kristinsson bættist í A-hóp dómara 2005. Gunnar Sv. Gunnarsson varð nýr A-aðstoðardómari og kom í stað Guðmundar H. Jónssonar sem lét af störfum. Rúnar Steingrímsson hækkaði í B-hóp dómara að nýju, en Örn Bjarnason hafði látið af störfum. Jóhann Gunnarsson og Oddbergur Eiríksson urðu B-aðstoðardómarar. Nýir C-dómarar urðu Ásgrímur H Einarsson, Egill A. Sigurþórsson, Frosti V. Gunnarsson, Garðar Hauksson og Hjalti Einarsson.

Í árslok 2005 var lokið flokkun ABC-dómara fyrir 2006. Einar Örn Daníelsson mun bætast í A-hóp dómara. Ólafur Kjartansson, Þóroddur Hjaltalín og Örvar Sær Gíslason færast upp í B-hóp og þangað færast einnig, að eigin ósk, úr A-hópi Bragi Bergmann og Gylfi Þór Orrason, tveir reyndustu dómarar landsins. Nýir í C-hópi verða Eysteinn Kristinsson, Guðmundur Ársæll Guðmundsson, Jóhann G. Guðmundsson, Magnús Jón Björgvinsson og Sigurður Þór Þórsson (að nýju), en Halldór Breiðfjörð, Halldór Ingi Steinsson og Hjalti Einarsson verða D-dómarar.

## Störf A, B og C deildardómara

| Innlend KSÍ-störf ABC-dómara | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| • Störf sem dómari | 687 | 686 | 655 | 667 | 556 | 555 | 588 | 572 |
| • Störf sem aðstoðardómari | 606 | 609 | 647 | 612 | 569 | 589 | 596 | 586 |
| • Störf sem varadómari | 36 | 29 | 28 | 32 | 34 | | | |
| • Verkefni samtals | 1.329 | 1.324 | 1.330 | 1.311 | 1.159 | 1.144 | 1.184 | 1.158 |

Sérstakt yfirlit fylgir skýrslunni, sem sýnir nöfn og flokkun dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna í meistaraflokkum karla og kvenna, U23 karla og í 2. flokki karla. Ótalin eru þá alþjóðleg störf dómara, leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, leikir eigin félaga, æfingaleikir og innanhússmót.

## Aðrir KSÍ dómarar

Um 70 aðrir dómarar (D-hópur) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf sem dómarar í 3. deild karla, 1. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Landsbankadeild kvenna og í 1. og 2. deild karla. Taflan sýnir fjölda starfa D-dómara í meistaraflokkum karla og kvenna.

| Innlend KSÍ-störf D-dómara | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| • Störf sem dómari | 270 | 249 | 297 | 157 | 156 | 170 | 162 | 168 |
| • Störf sem aðstoðardómari | 742 | 694 | 693 | 694 | 644 | 599 | 613 | 584 |
| • Verkefni samtals | 1.012 | 948 | 990 | 851 | 800 | 769 | 775 | 752 |

Þess ber að geta að D-dómarar sinna einnig fjölda leikja í U23 og 2. flokki karla ásamt því að dæma í yngri flokkum eigin félaga, svo og í æfingaleikjum og leikjum í innanhússmótum.

## Milliríkjadómarar og erlend verkefni

Íslenskir dómarar á milliríkjalista FIFA voru þessir árið 2005:

| | | |
|---|---|---|
| FIFA-dómarar | Egill Már Markússon | Garðar Örn Hinriksson (nýr) |
| | Jóhannes Valgeirsson | Kristinn Jakobsson |
| FIFA-aðstoðardómarar | Einar Sigurðsson | Eyjólfur Finnsson |
| | Gunnar Sv. Gunnarsson (nýr) | Gunnar Gylfason |
| | Ingvar Guðfinnsson | Pjetur Sigurðsson |
| | Sigurður Óli Þórleifsson (nýr) | |

Garðar Örn Hinriksson, Gunnar Sverrir Gunnarsson og Sigurður Óli Þórleifsson komu nýir á milliríkjalistann í stað Gylfa Þórs Orrasonar, Guðmundar H. Jónssonar og Sigurðar Þórs Þórssonar. Gylfi Þór fór út af listanum vegna aldursmarka, Sigurður Þór hafði hætt störfum um mitt ár 2004 og Guðmundur hugðist flytja af landi brott.

Öll alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2005 koma fram í sérstöku yfirliti.

**Norræn dómaraskipti**
Norræn dómaraskipti hófust 2005 í þeim tilgangi að auka þekkingu og reynslu ungra og efnilegra dómara. Magnús Þórisson dæmdi 2 leiki í næst efstu deildum í Danmörku og Svíþjóð. Ken Henry Johnsen, Noregi, og Henrik Nystrup Kragh, Danmörku, dæmdu hvor sinn leikinn í 1. deild karla hér á landi. Dómaraskiptin tókust vel og líklegt að þau verði einnig árið 2006.

**Æfingaferðir dómara**
Átta dómarar tóku þátt í ferðum til Portúgals í lok mars og byrjun apríl í samstarfi við Úrval-Útsýn til að dæma æfingaleiki íslenskra félagsliða, í umsjá Eyjólfs Ólafssonar.

**Kröfur til dómara**
Deildardómarar gangast undir þrekpróf að minnsta kosti tvisvar á ári og er ekki raðað til frekari starfa fyrr en seinna þrekprófi er lokið (oftast í apríl). Kröfur til A-dómara voru auknar á árinu til samræmis við kröfur FIFA til milliríkjadómara. Kunnátta dómara er könnuð í knattspyrnulögunum, annað hvort með heimaverkefnum eða skriflegu prófi á ráðstefnu.

**Landsdómararáðstefna og fræðslufundir**
Árleg ráðstefna fyrir deildardómara KSÍ fór fram í lok apríl og var þriðja sinni haldin á Selfossi. Erlendur fyrirlesari var Ray Olivier frá Englandi, sem er virkur dómari í þremur næst efstu deildum þar í landi, auk þess að starfa við fræðslumál dómara á vegum enska sambandsins.
Fræðslufundir fyrir aðra KSÍ dómara voru haldnir að vori í Reykjavík, á Akureyri og á Reyðarfirði. Hæfileikamótun þriggja ungra dómara fór fram að Laugarvatni í ágúst.

**Unglingadómaranámskeið**
Námskeið fyrir verðandi dómara voru haldin með aðstoð internetsins. Þátttakendur fengu leiðbeiningar um lestrarefni á vef KSÍ, auk heimaverkefna, og að lokum voru 2 stundir með kennara og lokapróf. Námskeið þessi voru í febrúar, maí og nóvember. Til viðbótar útskrifuðu Verkmenntaskólinn á Akureyri, Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki og íþróttaskor KHÍ unglingadómara á árinu. Alls luku 169 dómaraefni unglingadómaraprófi 2005.

**Ráðstefnur og námskeið erlendis**
Formaður dómaranefndar tók þátt í árlegri ráðstefnu fyrir úrvalshóp danskra dómara í janúar. Fundur norrænu dómaranefndanna er haldinn annað hvert ár og var að þessu sinni í Osló í lok ágúst. Fundinn sóttu Eysteinn Guðmundsson, Halldór B Jónsson, Ingi Jónsson og Birkir Sveinsson mótastjóri. Ingi Jónsson tók þátt í námskeiði UEFA fyrir kennara í dómarafræðum, sem fram fór í Hollandi í október.

**Eftirlit með leikjum og störfum dómara**
41 eftirlitsmaður starfaði við 334 leiki í landsdeildum og bikarkeppni 2005. Þeir gerðu skýrslur um framkvæmd leikja, frammistöðu dómara og um háttvísi í Landsbankadeild karla. Fundir með eftirlitsmönnum voru haldnir að vori í Reykjavík, á Akureyri og á Reyðarfirði.

**Kostnaður vegna dómgæslu og eftirlits**
Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu 2005 voru 24,9 mkr, en þar af greiddu félögin 7 mkr vegna ferða og uppihalds dómara (jöfnunarsjóðir). Stærsti liðurinn var launagreiðslur til dómara (ásamt tryggingargjaldi og framlagi í lífeyrissjóð) 13,4 mkr. Til viðbótar kom kostnaður að upphæð 2 mkr vegna eftirlits KSÍ á leikjum (ferðir og uppihald), en þar voru ekki greidd laun.

**Lokaorð**
Dómaranefnd KSÍ og starfsfólk dómaramála þakkar aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum þeirra, dómurum og eftirlitsmönnum ánægjulegt samstarf árið 2005.

Halldór B. Jónsson, formaður

Flokkun og verkefni deildardómara KSÍ

Alþjóðleg verkefni íslenskra dómara

# Skýrsla aganefndar

Aganefnd Knattspyrnusambandsins síðastliðið starfsár skipuðu Ágúst Ingi Jónsson, formaður, Gunnar Guðmundsson, Sigurður Halldórsson, Ásgeir Ármannsson, Einar M. Árnason og Helgi R. Magnússon. Starfsmaður aganefndar var Klara Bjartmarz. Þessir aðilar hafa skipað aganefnd frá árinu 1997.

**Fjöldi spjalda**
Milli ára varð lítil breyting á meðalfjölda spjalda í leikjum í ellefu manna bolta. Meðaltal gulra spjalda lækkaði úr 2,04% í 1,99% en rauðum spjöldum fjölgaði lítillega, úr 0,19 í 0,21 í leik að meðaltali.

**Landsbankadeild kvenna**
Keflavík var prúðasta liðið í Landsbankadeild kvenna síðastliðið keppnistímabil en liðið hlaut einungis 7 gul spjöld í leikjunum 14 í deildinni og ekkert rautt spjald. Í heild voru veitt 70 gul spjöld í deildinni og 11 rauð. Þetta er fjölgun á spjöldum frá 2004, en það ár voru veitt 66 gul spjöld og 5 rauð.

**Landsbankadeild karla**
Gulum og rauðum spjöldum í Landsbankadeild karla fækkaði á milli ára. Á síðasta tímabili voru veitt 287 gul spjöld eða 3,19 að meðaltali í leik en þau rauðu voru 24 eða 0,27 að meðaltali í leik. Árið áður, 2004, voru veitt 334 gul spjöld í deildinni (3,71 í leik) og 25 rauð (0,28). Meðfylgjandi er yfirlit yfir fjölda spjalda í efstu karla síðan 1991.

**Drago-styttur**
Drago-stytturnar eru veittar til prúðustu liðanna í tveimur efstu deildum karla. Keflavík hlýtur Drago-styttuna fyrir árið 2005 á grundvelli háttvísimats eftirlitsmanna KSÍ, en gul og rauð spjöld vega þungt í því mati. KA hlýtur Drago-styttuna í 1. deild karla á grundvelli fjölda gulra og rauðra spjalda.

**Sektir**
Sektir vegna refsistiga og brottvísana þjálfara og forystumanna námu 623 þúsundum króna árið 2005, sem er talsverð hækkun frá árinu á undan (454 þúsund). Jafnframt er sektarákvæðum m.a. beitt vegna ónógrar gæslu og vegna ósæmilegrar hegðunar þjálfara, forystumanna og aðstandenda. Í fyrra var þrisvar sinnum sinnum sektað á þessum grundvelli, samtals kr. 60.000, en árið á undan nam þessi sekt 50.000 krónum. Hér á eftir fylgir einnig listi yfir sektargreiðslur félaga.

Samstarfsmönnum í aganefnd og Klöru Bjartmarz, starfsmanni nefndarinnar, er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis öðru starfsfólki sambandsins, stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

Ágúst Ingi Jónsson, formaður

# Sektir aganefndar vegna refsistiga og brottvikninga af varamannabekk

| Félag | Sekt | Félag | Sekt | Félag | Sekt |
|---|---|---|---|---|---|
| Afríka | 50.000 | Huginn | 4.000 | Númi | 10.000 |
| Afturelding | 4.000 | Hvíti riddarinn | 8.000 | Reynir Á | 18.000 |
| Augnablik | 8.000 | Hvöt | 24.000 | Selfoss | 2.000 |
| BÍ | 2.000 | Höttur | 4.000 | Selfoss/Hamar/Ægir | 3.000 |
| BÍ/Bolungarvík | 2.000 | ÍA | 22.000 | Sindri | 5.000 |
| Boltaf. Húsavíkur | 30.000 | ÍBV | 1.000 | Skallagrímur | 4.000 |
| Bolungarvík | 8.000 | ÍH | 2.000 | Snörtur | 2.000 |
| Breiðablik | 31.000 | ÍR | 10.000 | Stjarnan | 56.000 |
| FH | 6.000 | Keflavík | 6.000 | Tindastóll | 18.000 |
| Fjarðabyggð | 4.000 | KFS | 2.000 | Tindastóll/Smári | 5.000 |
| Fjölnir | 1.000 | KR | 11.000 | Valur | 12.000 |
| Fram | 10.000 | KS | 16.000 | Víðir/Reynir | 2.000 |
| Fylkir | 17.000 | KV | 8.000 | Víkingur Ó. | 22.000 |
| GG | 16.000 | Leiftur/Dalvík | 26.000 | Víkingur R. | 25.000 |
| Grindavík | 10.000 | Leiknir F. | 8.000 | Völsungur | 4.000 |
| Grótta | 10.000 | Leiknir R. | 8.000 | Þór | 24.000 |
| Hamar | 4.000 | Magni | 8.000 | Þróttur R. | 4.000 |
| HK | 20.000 | Njarðvík | 1.000 | Ægir/Hamar | 5.000 |
| | | | | **Samtals** | **623.000** |

## Fjöldi spjalda í mótum 2005

| Mót | Fjöldi leikja | Gul | Rauð | Meðalt gul | Meðalt rauð |
|---|---|---|---|---|---|
| Landsbankadeild karla | 90 | 287 | 24 | 3,19 | 0,27 |
| 1. deild karla | 90 | 362 | 29 | 4,02 | 0,32 |
| 2. deild karla | 90 | 332 | 39 | 3,69 | 0,43 |
| 3. deild karla A | 42 | 153 | 20 | 3,64 | 0,48 |
| 3. deild karla B | 42 | 164 | 11 | 3,90 | 0,26 |
| 3. deild karla C | 42 | 173 | 26 | 4,12 | 0,62 |
| 3. deild karla D | 42 | 165 | 21 | 3,93 | 0,50 |
| 3. deild karla úrslit | 14 | 52 | 12 | 3,71 | 0,86 |
| VISA-bikar karla | 60 | 214 | 14 | 3,57 | 0,23 |
| Deildarbikar karla | 152 | 511 | 59 | 3,36 | 0,39 |
| | | | | | |
| Landsbankadeild kvenna | 56 | 70 | 11 | 1,25 | 0,20 |
| 1. deild kvenna A | 42 | 46 | 4 | 1,10 | 0,10 |
| 1. deild kvenna B | 30 | 30 | 2 | 1,00 | 0,07 |
| - | | | | | |
| 1. deild kvenna úrslit | 5 | 4 | 0 | 0,80 | 0,00 |
| VISA-bikar kvenna | 16 | 21 | 2 | 1,31 | 0,13 |
| Deildarbikar kvenna | 39 | 36 | 3 | 0,92 | 0,08 |
| Landsbankad. kv. aukal. | 2 | 6 | 0 | 3,00 | 0,00 |
| | | | | | |
| Meistarakeppni KSÍ | 2 | 4 | 0 | 2,00 | 0,00 |
| | | | | | |
| U23 karla | 50 | 120 | 9 | 2,40 | 0,18 |
| 2. flokkur karla | 204 | 629 | 76 | 3,08 | 0,37 |
| 3. flokkur karla | 305 | 497 | 53 | 1,63 | 0,17 |
| 4. flokkur karla | 359 | 200 | 19 | 0,56 | 0,05 |
| | | | | | |
| 2. flokkur kvenna | 55 | 48 | 1 | 0,87 | 0,02 |
| 3. flokkur kvenna | 121 | 63 | 5 | 0,52 | 0,04 |
| 4. flokkur kvenna | 128 | 23 | 0 | 0,18 | 0,00 |
| | | | | | |
| 2. flokkur karla bikar | 27 | 75 | 13 | 2,78 | 0,48 |
| 3. flokkur karla bikar | 31 | 68 | 9 | 2,19 | 0,29 |
| 2. flokkur kvenna bikar | 12 | 13 | 0 | 1,08 | 0,00 |
| 3. flokkur kvenna bikar | 18 | 9 | 0 | 0,50 | 0,00 |
| | | | | | |
| Eldri flokkur karla | 39 | 16 | 2 | 0,41 | 0,05 |
| **Samtals** | **2205** | **4391** | **464** | **1,99** | **0,21** |

## Fjöldi spjalda í mótum 2004

| Mót | Fjöldi leikja | Gul | Rauð | Meðalt gul | Meðalt rauð |
|---|---|---|---|---|---|
| Landsbankadeild karla | 90 | 334 | 25 | 3,71 | 0,28 |
| 1. deild karla | 90 | 337 | 26 | 3,74 | 0,29 |
| 2. deild karla | 90 | 353 | 27 | 3,92 | 0,30 |
| 3. deild karla A | 42 | 167 | 18 | 3,98 | 0,43 |
| 3. deild karla B | 42 | 177 | 13 | 4,21 | 0,31 |
| 3. deild karla C | 42 | 129 | 15 | 3,07 | 0,36 |
| 3. deild karla D | 42 | 195 | 18 | 4,64 | 0,43 |
| 3. deild karla úrslit | 14 | 53 | 4 | 3,79 | 0,29 |
| VISA-bikar karla | 60 | 202 | 21 | 3,37 | 0,35 |
| Deildarbikar karla | 126 | 380 | 48 | 3,02 | 0,38 |
| | | | | | |
| Landsbankadeild kvenna | 56 | 66 | 5 | 1,18 | 0,09 |
| 1. deild kvenna A | 30 | 17 | 2 | 0,57 | 0,07 |
| 1. deild kvenna B | 30 | 33 | 2 | 1,10 | 0,07 |
| 1. deild kvenna C | 12 | 7 | 1 | 0,58 | 0,08 |
| 1. deild kvenna úrslit | 5 | 2 | 0 | 0,40 | 0,00 |
| VISA-bikar kvenna | 16 | 18 | 1 | 1,13 | 0,06 |
| Deildarbikar kvenna | 33 | 26 | 2 | 0,79 | 0,06 |
| Landsbankad. kv. aukal. | 2 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| | | | | | |
| Meistarakeppni KSÍ | 2 | 3 | 0 | 1,50 | 0,00 |
| | | | | | |
| U23 karla | 67 | 162 | 5 | 2,42 | 0,07 |
| 2. flokkur karla | 181 | 549 | 71 | 3,03 | 0,39 |
| 3. flokkur karla | 336 | 586 | 57 | 1,74 | 0,17 |
| 4. flokkur karla | 353 | 256 | 18 | 0,73 | 0,05 |
| | | | | | |
| 2. flokkur kvenna | 98 | 53 | 11 | 0,54 | 0,11 |
| 3. flokkur kvenna | 133 | 41 | 5 | 0,31 | 0,04 |
| - | | | | | |
| | | | | | |
| 2. flokkur karla bikar | 26 | 88 | 7 | 3,38 | 0,27 |
| 3. flokkur karla bikar | 32 | 49 | 4 | 1,53 | 0,13 |
| 2. flokkur kvenna bikar | 13 | 4 | 1 | 0,31 | 0,08 |
| - | | | | | |
| | | | | | |
| Eldri flokkur karla | 63 | 45 | 3 | 0,71 | 0,05 |
| **Samtals** | **2126** | **4332** | **410** | **2,04** | **0,19** |

Spjaldaþróun í efstu deild karla

Spjaldaþróun í efstu deild kvenna

Spjaldaþróun í næst efstu deild karla

# Drago-styttur

## Landsbankadeild karla

### Háttvísimat eftirlitsmanna 2005

| Röð | Félag | Einkunn |
|---|---|---|
| 1 | Keflavík | 8,25 |
| 2 | Valur | 8,19 |
| 3 | FH | 8,06 |
| 4 | KR | 7,99 |
| 5 | Þróttur | 7,96 |
| 6 | Grindavík | 7,87 |
| 7 | ÍA | 7,72 |
| 8 | Fram | 7,65 |
| 9 | Fylkir | 7,61 |
| 10 | ÍBV | 7,49 |

### Gul og rauð spjöld

| Lið | Gul | Rauð | Refsistig |
|---|---|---|---|
| FH | 17 | 3 | 29 |
| Keflavík | 25 | 1 | 29 |
| Valur | 25 | 1 | 29 |
| Fylkir | 28 | 1 | 32 |
| KR | 24 | 2 | 32 |
| Fram | 25 | 3 | 37 |
| ÍA | 44 | 1 | 48 |
| Þróttur R. | 36 | 3 | 48 |
| Grindavík | 31 | 5 | 51 |
| ÍBV | 32 | 4 | 52 |

**Keflavík hlaut Drago-styttuna í Landsbankadeild karla 2005 karla á grundvelli háttvísimats eftirlitsmanna KSÍ, en rauð og gul spjöld vega þungt í því mati.**

## 1. deild karla

### Gul og rauð spjöld

| Lið | Gul | Rauð | Refsistig |
|---|---|---|---|
| KA | 35 | 0 | 35 |
| Víkingur R. | 35 | 1 | 39 |
| Breiðablik | 28 | 3 | 40 |
| HK | 44 | 0 | 44 |
| Haukar | 37 | 2 | 45 |
| Völsungur | 44 | 1 | 48 |
| Fjölnir | 37 | 3 | 49 |
| KS | 30 | 5 | 50 |
| Víkingur Ó. | 37 | 6 | 61 |
| Þór | 35 | 8 | 67 |

**KA hlaut Drago-styttuna í 1. deild karla 2005 á grundvelli gulra og rauðra spjalda.**

# Skýrsla háttvísinefndar

Keflavík var prúðasta liðið í Landsbankadeild karla samkvæmt háttvísimati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísimatið tekur mið af eftirfarandi atriðum: Fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda.

Í Landsbankadeild kvenna var Keflavík prúðasta liðið, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

Háttvísinefnd valdi Ágúst Gylfason, KR, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild karla og Ólínu Guðbjörgu Viðarsdóttur, Breiðabliki, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild kvenna. Ágúst og Ólína eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

Að vali nefndarinnar komu landsliðsþjálfarar KSÍ og Víðir Sigurðsson blaðamaður. Klara Bjartmarz var starfsmaður nefndarinnar.

# Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2005 skipuðu Þórarinn Gunnarsson, formaður, Lúðvík S. Georgsson og Steinar Þór Guðgeirsson. Varamenn voru Guðmundur H. Pétursson, Jóhann Albertsson og Páll Bragason. Starfsmenn nefndarinnar voru Birkir Sveinsson og Klara Bjartmarz.

**Leikmannasamningar**

| | | 2005 | | 2004 | | 2003 | | 2002 | | 2001 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi í gildi 11/01/06** | **Fjöldi skráðra samninga*** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** |
| 224 | Landsbankadeild karla | 168 | 10 | 119 | 10 | 126 | 10 | 105 | 10 | 119 | 10 |
| 146 | 1. deild karla | 103 | 10 | 79 | 10 | 78 | 8 | 55 | 7 | 79 | 9 |
| 35 | 2. deild karla | 60 | 9 | 44 | 7 | 18 | 3 | 49 | 6 | 14 | 2 |
| 7 | 3. deild karla | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 15 | 2 | 16 | 3 |
| 79 | Landsbankadeild kv. | 65 | 7 | 48 | 6 | 53 | 6 | 45 | 5 | 62 | 6 |
| 31 | 1. deild kvenna | 47 | 4 | 14 | 2 | 16 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | | | | | | | | | | |
| 315 | Leikmannssamningar | 221 | 17 | 179 | 18 | 189 | 18 | 154 | 16 | 188 | 19 |
| 206 | Sambandssamningar | 223 | 22 | 111 | 20 | 102 | 16 | 113 | 14 | 95 | 12 |
| | Uppeldissamningar ** | | | | | | | 2 | 2 | 10 | 3 |

* Fjöldi skráðra samninga á árinu er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi.
** Uppeldissamningur er fylgiskjal með leikmannssamningi. Ekki hægt að gera slíka samninga eftir 1. mars 2002.

### Breytingar á reglugerðum um leikmannasamninga og félagaskipti

Engar efnislegar breytingar voru gerðar á reglum KSÍ á árinu. 1. júlí sl. tók gildi ný reglugerð FIFA um félagaskipti leikmanna. Þar koma fram nokkur ákvæði sem er skylda fyrir öll knattspyrnusambönd að innleiða. Ljóst er því að af þeim sökum er nauðsynlegt er að gera breytingar á reglugerðum KSÍ um samninga og félagaskipti leikmanna.

### Umboðsmenn

Þrír umboðsmenn eru starfandi á Íslandi, það eru þeir Arnór Guðjohnsen, Guðlaugur Þór Tómasson og Ólafur Garðarsson. Enginn nýr umboðsmaður fékk réttindi á árinu en einn hætti. 26 umboðsmanna-samningar (samningur leikmanns við umboðsmann) voru skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu.

### Málum vísað til nefndarinnar

Flest ágreiningsefni sem upp koma eru leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Nokkuð var þó um að málum væri vísað til nefndarinnar til formlegrar úrlausnar. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

*Víkingur R. gegn Leikni R.*

Víkingur lagði fram kvörtun þar sem Leiknir hafði haft samband við samningsbundinn leikmann Víkings. Leikmaður Víkings, Daníel Hjaltason, var með uppsagnarákvæði í samningi sínum, en hafði

ekki nýtt sér það ákvæði. Leiknir R. hóf viðræður við leikmannin og gerði honum samningstilboð þrátt fyrir að mega vera það ljóst að hann væri á samningi hjá Víkingi. Nefndin veitti Leikni R. áminningu.
*Völsungur gegn Þór*
Völsungur lagði fram kvörtun þar sem Þór neitaði að skrifa undir félagaskipti fyrir Baldur Sigurðsson úr Þór í Völsung. Málavextir voru þeir að Baldur hafði farið á tímabundnum félagaskiptum frá Völsungi til Þórs í lok árs 2004. Stuttu síðar ákvað Völsungur, í samráði við leikmanninn, að kalla hann til baka í Völsung. Þór neitaði að samþykkja það því lokadagur tímabundnu félagaskiptanna átti að vera í lok keppnistímabilsins 2005. Í reglum um tímabundin félagaskipti er kveðið á um að hlutaðeigandi félög eigi að gera með sér sérstakan samning um tímabundin félagaskipti. Það var ekki gert í þessu tilfelli. Nefndin úrskurðaði því að umrædd tímabundin félagaskipti, sem gerð voru úr Völsungi í Þór í lok árs 2004, uppfylltu ekki ákvæði reglugerðar og væru ógild. Vegna þess máls var sett sú skylda á skrifstofu KSÍ að afgreiða ekki tímabundin félagaskipti nema samningur félaganna um félagaskiptin sé lagður fram. Þar skal m.a. koma fram hvort samningsfélaginu sé heimilt að kalla leikmanninn til baka eða eður ei.

*Þór gegn Keflavík*
Þór sakaði Keflavík um að hafa samband við tvo samningsbundna leikmenn Þórs. Að gagnaöflun lokinni taldi nefndin ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu.

*Brian O' Callaghan gegn Keflavík*
Brian O'Callaghan leikmaður Keflavíkur óskaði eftir því að losna undan samningi sínum við Keflavík. Undirritaður leikmannssamingur var til staðar en án fylgiskjala. Leikmaðurinn taldi sig ekki vera á samningi hjá Keflavík. Hann taldi að undirskrift sín á staðalsamninginn hafi verið undirskrift á skráningarformi en ekki samningi. Keflavík kaus að senda ekki inn greinargerð um málið og var því álitið að Keflavík gerði ekki athugasemdir við kröfur Brians. Nefndin úrskurðaði samning Brians og Keflavíkur ógildan þar sem upplýsingaskylda Keflavíkur hafði brugðist ásamt því að skrifstofa KSÍ hafði móttekið staðalsamninginn án fylgiskjala. Brian var því laus allra mála.

*ÍBV gegn Val*
Formaður knattspyrnudeildar Vals hafði samband við Atla Jóhannsson, samningsbundinn leikmann ÍBV stuttu fyrir leik liðanna í Landsbankadeild karla. Var þetta gert án vilja og vitundar ÍBV. Val var veitt áminning og félagið sektað um 50.000 kr.

Í öðrum málum náðust sættir milli aðila áður en til formlegrar afgreiðslu kom.

**Samningsbundnir leikmenn**
Mikið er um að skrifstofu KSÍ berist óformlegar kvartanir um að fulltrúar félaga hafi haft samband við samningsbundna leikmenn í öðrum félögum. Oft er því borið við að aðilar viti ekki að viðkomandi leikmaður sé á samningi. Mikilvægt er að félögin kynni sér hvort leikmenn séu á samingi og fylgi þeim reglum sem um samningsbundna leikmenn gilda. Skrifstofa KSÍ veitir nauðsynlegar upplýsingar og á vef KSÍ er einnig að finna lista yfir samningsbundna leikmenn.

**Félagaskipti**
Fjöldi félagaskipta í ár var 1.427 sem er fjölgun um 181 frá fyrra ári. Að hluta til má skýra fjölgunina með tilkomu nýrra liða í deildarkeppni en þá þarf að byrja á því að skipta leikmönnum í viðkomandi lið. Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í nokkur mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt.

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi félagaskipta** | 1.427 | 1.246 | 1.257 | 1.078 | 1.096 | 1.105 | 1.043 |

**Lokaorð**
Öðrum nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

Þórarinn Gunnarsson, formaður

# Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2005-2006: Ingibjörg Hinriksdóttir formaður, Ástráður Gunnarsson, Guðni Kjartansson, Kjartan Daníelsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson og Örn Ólafsson. Starfsmaður nefndarinnar og fræðslustjóri KSÍ var Sigurður Ragnar Eyjólfsson. Nefndin hélt 5 bókaða fundi á starfsárinu auk fleiri óformlegra funda og voru eftirfarandi mál efst á baugi hjá henni.

**Þjálfaramenntun**
Stór áfangi náðist í þjálfaramenntun KSÍ á starfsárinu sem er að líða því þann 8. nóvember 2005 var UEFA A umsókn KSÍ samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar UEFA. Mikil vinna hefur farið í að fá þessa umsókn samþykkta. Námskrá vegna UEFA A þurfti að gera frá grunni, en kennt er samkvæmt henni á KSÍ V, VI og VII námskeiðunum. Það er mikið fagnaðarefni að nú geta þjálfarar á Íslandi sótt námskeið KSÍ og náð sér í tvær þjálfaragráður sem eru viðurkenndar alls staðar í Evrópu. Það er jafnframt ánægjulegt að UEFA hefur veitt okkur þennan gæðastimpil á þjálfaranámskeiðin okkar. Þriðja gráðan er svo UEFA Pro þjálfaragráða, en KSÍ stefnir á samstarf við enska knattspyrnusambandið svo íslenskir þjálfarar geti náð sér í þá gráðu í framtíðinni.

Á starfsárinu voru birtar niðurstöður um menntun allra knattspyrnuþjálfara á Íslandi keppnistímabilið 2004. Það voru Eyþór Guðnason, Kristinn Jóhannsson og Óskar Rúnarsson íþróttafræðinemar sem stóðu að könnunni í samvinnu við Sigurð Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóra KSÍ. Niðurstöður könnunarinnar leiddu meðal annars í ljós að það voru 327 starfandi aðalþjálfarar að þjálfa um 800 lið. Aldursbil þjálfara var frá 16-54 ára, meðalaldur var 32 ára og algengasti aldur þjálfara var 36 ára.

36,4% allra starfandi knattspyrnuþjálfara á Íslandi keppnistímabilið 2004 voru með UEFA B þjálfaragráðu eða meiri menntun. Það er frábær árangur og fræðslunefnd KSÍ stefnir á að auka þetta hlutfall enn frekar með því að bjóða áfram upp á öflugt námskeiðahald. 22% allra starfandi knattspyrnuþjálfara keppnistímabilið 2004 voru án réttinda, þar þurfum við líka að bæta okkur.

Niðurstöður könnunarinnar leiddu líka í ljós að sú mikla aðsókn sem hefur verið undanfarin ár á þjálfaranámskeið KSÍ varð til þess að reglugerðin sem var í gildi um menntun knattspyrnuþjálfara var orðin úreld. Í framhaldi af því samþykkti stjórn KSÍ nýja reglugerð um menntun knattspyrnuþjálfara síðasta haust þar sem kröfur um menntun þjálfara í flestum flokkum og deildum voru auknar.

**Námskeiðahald**
Mjög góð þátttaka var á þjálfaranámskeiðum KSÍ, eins og undanfarin ár. Haldin voru 11 þjálfaranámskeið og á þau mættu 335 þjálfarar. Aðeins á árinu 2004 voru haldin fleiri þjálfaranámskeið á vegum KSÍ og þetta er því annað fjölmennasta árið frá upphafi. Flest námskeiðin okkar voru haldin í Reykjavík og Keflavík, en einnig voru haldin tvö þjálfaranámskeið á Akureyri. Stefnt er á að halda þjálfaranámskeið á Ísafirði, í Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum á næstunni, en með því er stefnt á að ná til fleiri þjálfara.

Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á þjálfaranámskeiðunum okkar, en eftirtaldir þjálfarar og sérfræðingar störfuðu hjá okkur á þessu ári og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir góð störf:
Árni Ólason, Birkir Sveinsson, Bjarni Stefán Konráðsson, Björgvin Finnsson, Bragi Bergmann, Eyjólfur Sverrisson, Freyr Sverrisson, Friðrik Ellert Jónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðmundur Hreiðarsson, Guðni Kjartansson, Gunnar Guðmundsson, Halldór Örn Þorsteinsson, Helga Sigurðardóttir, Ingi Jónsson, Janus Guðlaugsson, Lárus Grétarsson, Njáll Eiðsson, Ólafur Kristjánsson, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Sigurður Magnússon, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Úlfar Hinriksson, Viðar Sigurjónsson, Willum Þór Þórsson, Þorlákur Árnason, Þórður Þórðarson og Örn Ólafsson.

**Erlend samskipti**
Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnu á árinu, en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- Guðni Kjartansson var fulltrúi KSÍ á 15. ráðstefnu UEFA um þjálfaramenntun sem var haldin í Noordwijk/Amsterdam, Hollandi, 30. maí - 3. júní 2005.
- Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri var fulltrúi KSÍ á 6. ráðstefnu UEFA fyrir fræðslustjóra sem var haldin í Dublin, Írlandi, 27-29. september.

- Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Ingibjörg Hinriksdóttir voru fulltrúar KSÍ á Norðurlanda-ráðstefnu um þjálfaramenntun sem var haldin í Osló, Noregi, 22-24. nóvember.
- Halldór Örn Þorsteinsson var fulltrúi KSÍ á norrænni ráðstefnu um barna- og unglingaíþróttir sem var haldin í Mariahavn, Álandseyjum, 6-9. október.
- Halldór Örn Þorsteinsson var fulltrúi KSÍ á Norðurlandaráðstefnu um grasrótarknattspyrnu sem var haldin í Helsinki, Finnlandi, 28-29. október.

**Lokaorð**

Að baki er enn eitt gott ár í fræðslumálunum þar sem mikill árangur hefur náðst. Við erum sérstaklega stolt af því að hafa fengið samþykki á UEFA A umsókn okkar á árinu og að geta boðið þjálfurum á Íslandi upp á þá menntun. En við stefnum ennþá hærra og vonumst við til að geta boðið þjálfurum á Íslandi upp á UEFA Pro menntun í samstarfi við enska knattspyrnusambandið innan fárra ára.

Það er ljóst að félögin leggja stóraukna áherslu á að hafa vel menntaða þjálfara við störf. Fræðslu-nefnd KSÍ vill nota tækifærið og þakka aðildarfélögunum fyrir gott samstarf og hversu vel hefur til tekist í að mennta knattspyrnuþjálfara landsins með sameiginlegu átaki. Vonandi mun þetta átak bæta og efla knattspyrnuna í landinu og skila okkur betri leikmönnum sem og hæfari þjálfurum.

Á næsta starfsári verður lögð áhersla á að bjóða E-stigs þjálfurum (sem kláruðu öll námskeið í eldra þjálfaramenntunarkerfi KSÍ) upp á UEFA A þjálfaragráðuna. Það er útlit fyrir að næsta starfsár verði það annasamasta í þjálfaramenntun í sögu KSÍ. Boðið verður upp á öll 7 stigin okkar (sum oftar en einu sinni) og þjálfaranámskeið úti á landi ásamt sérnámskeiði fyrir E-stigs þjálfara. Þá verður einnig undirbúinn farvegurinn fyrir þjálfara á Íslandi til að ná sér í UEFA Pro þjálfaragráðu.

Að lokum vil ég þakka samstarfsmönnum mínum í fræðslunefndinni, kennurum á námskeiðunum, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa liðsinnt okkur á árinu fyrir ánægjulegt samstarf.

Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður

# Þjálfaranámskeið KSÍ árið 2005

| Dagsetning | Námskeið | Staður | Þátttaka |
|---|---|---|---|
| 4-6.mars | KSÍ III | Reykjavík | 37 þjálfarar |
| 15-17.apríl | KSÍ V | Reykjavík | 31 þjálfari |
| 30. apríl-8.des | KSÍ VII | Um allt land | 20 þjálfarar |
| 14-16.október | KSÍ I | Reykjavík/Keflavík | 36 þjálfarar |
| 14-16.október | KSÍ I | Akureyri | 21 þjálfari |
| 21-23. október | KSÍ I | Reykjavík/Keflavík | 39 þjálfarar |
| 28-30.október | KSÍ II | Reykjavík/Keflavík | 24 þjálfarar |
| 4-6.nóvember | KSÍ II | Reykjavík/Keflavík | 35 þjálfarar |
| 11-13.nóvember | KSÍ IV | Reykjavík | 39 þjálfarar |
| 18-20.nóvember | KSÍ II | Akureyri | 18 þjálfarar |
| 26.nóvember | KSÍ/ÍSÍ ráðstefna | Reykjavík | 35 þjálfarar |

*Alls 11 námskeið og 335 þjálfarar*

**Önnur verkefni:**

12. nóvember Samvinna við KÞÍ afmælisráðstefnu - um 100 þjálfarar mættu

## Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2000-2005




## Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2000-2005



# Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu starfsárið 2005-2006: Björn Friðþjófsson formaður, Guðmundur Ingvason, Jakob Skúlason, Einar Friðþjófsson, Ómar Bragi Stefánsson, Birkir Sveinsson starfsmaður og Sigurður Ragnar Eyjólfsson starfsmaður. Nefndin hélt tvo bókaða fundi á starfsárinu. Helsta útbreiðsluverkefni ársins var sparkvallaátak KSÍ og svo önnur smærri verkefni.

**Sparkvallaátak KSÍ**
Sparkvallaátak KSÍ er stærsta útbreiðsluátak sem KSÍ ráðist út í og hefur nú staðið í tvö ár. Byggðir hafa verið 64 sparkvellir víðs vegar um landið með hjálp Alþingis, Eimskips, Olís, VÍS og KB banka, sveitarfélaga og sjálfboðaliða. Stefnan hefur verið sett á að byggja 30-40 velli á þessu og næsta ári og ná þannig 100 völlum árið 2007. Fjöldi sparkvallanna veltur mikið á þeirri eftirspurn sem verður eftir þeim á næstu mánuðum. Það er von útbreiðslunefndar að sveitarfélögin verði dugleg að sækja um velli. Sparkvellirnir eru staðsettir á skólalóðum til að reyna að ná einnig til barna sem eru að jafnaði ekki að æfa knattspyrnu hjá aðildarfélögunum. Eyjólfur Sverrisson hefur umsjón yfir sparkvallaátaki KSÍ.

**Knattspyrnuskóli KSÍ**
Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni í júní. Skóli stúlknanna fór fram dagana 12-16. júní og sóttu hann 26 stúlkur. Erna Þorleifsdóttir var skólastjóri og henni til aðstoðar var Guðrún Inga Sívertsen. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 20-24. júní en hann sóttu samtals 43 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnuskólana að vanda.

**Lúkas Kostic ráðinn til útbreiðslustarfa hjá KSÍ**
Lúkas Kostic, U17 og U21 landsliðsþjálfari karla, var ráðinn seint á starfsárinu til útbreiðslustarfa fyrir KSÍ. Lúkas mun ferðast um landið og reyna að efla starf aðildarfélaganna á ýmsan hátt. Megináherslan hjá honum verður að auka gæði þjálfunar hjá félögunum. Útbreiðslunefndin fagnar þessari ráðningu og væntir mikils af störfum Lúkasar.

**Útbreiðsluáætlun - Útbreiðslustefna**
Útbreiðslunefndin gerði drög að útbreiðsluáætlun á starfsárinu. Það verður hlutverk nýrrar útbreiðslunefndar að fylgja þessari áætlun eftir og reyna að fjölga iðkendum í samráði við aðildarfélögin. Árið 2004 var 18.081 skráður iðkandi í knattspyrnu - 5.278 konur og 12.803 karlar. Útbreiðslunefndin hefur sett sér það markmið að árið 2007 verði 20.000 skráðir iðkendur í knattspyrnu.

**Viðurkenningar fyrir grasrótarviðburði**
ÍBV hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótarviðburð ársins 2005 - Shellmót ÍBV, en Shellmótið hefur um árabil verið haldið í Eyjum með miklum glæsibrag. Íþróttasamband fatlaðra fékk viðurkenningu fyrir grasrótarviðburð ársins hjá fötluðum vegna Íslandsleika Special Olympics í knattspyrnu. Önnur félög sem hlutu verðlaun fyrir ýmis konar vel unnin grasrótarstörf voru Hörður Patreksfirði, UMFT (Tálknafirði), Þróttur Vogum, Fylkir, ÍA, Breiðablik, FH, Fjölnir, Hvöt, Snörtur og Leiknir F.

**Ýmis smærri útbreiðsluverkefni árið 2005**
KSÍ kom að átaki "Þýskubílsins" sem fór hringveginn og kynnti HM í Þýskalandi 2006. Nokkuð var um heimsóknir landsliðsþjálfara og leikmanna í skóla, knattspyrnuskóla og til aðildarfélaga á árinu. Reynt var að nota tækifærið til að hvetja börn til knattspyrnuiðkunar.

Öllum sem komu að útbreiðslustarfi KSÍ á þessu starfsári með beinum eða óbeinum hætti eru færðar þakkir og starfsmönnum KSÍ eru færðar sérstakar þakkir.

Björn Friðþjófsson, formaður

# Knattspyrnuskóli KSÍ - Drengir fæddir 1991

| Félag | Nafn | Kennitala |
|---|---|---|
| Álftanes | Birkir Freyr Hilmarsson | 090191-2769 |
| Austri | Ísak Örn Guðmundsson | 060391-2709 |
| Bolungarvík | Sigurður Páll Ólafsson | 080391-3079 |
| Breiðablik | Finnur Orri Margeirsson | 080391-2509 |
| Dalvík | Snorri Eldjárn Hauksson | 050291-3679 |
| Einherji | Gísli Freyr Ragnarsson | 090591-3209 |
| Fram | Þórir Guðjónsson | 070491-2659 |
| Fylkir | Alexander Már Steinarsson | 200791-2239 |
| Grindavík | Viktor Brynjarsson | 020191-3179 |
| Grótta | Ivan Elí Du Teitsson | 110191-2869 |
| Haukar | Aron Freyr Eiríksson | 030891-2289 |
| HK | Hafsteinn Briem | 280291-2859 |
| Höttur | Garðar Grétarsson | 180491-3179 |
| ÍBV | Njáll Aron Hafsteinsson | 160391-3599 |
| ÍR | Davíð Már Stefánsson | 291091-3509 |
| KA | Jón Heiðar Magnússon | 050291-3409 |
| Keflavík | Ingimar Rafn Ómarsson | 040291-3269 |
| KFR | Guðjón Gestsson | 100991-3229 |
| KR | Auðunn Gylfason | 111091-2189 |
| KS | Eiríkur Magnússon | 080891-3699 |
| KS | Halldór Logi Hilmarsson | 070591-3409 |
| Leiftur Ó. | Jón Björn Þorsteinsson | 150291-3729 |
| Leiknir F. | Sindri Birgisson | 280291-3079 |
| Leiknir R. | Ásgeir Þ. Magnússon | 220591-2209 |
| Magni | Hjörtur Geir Heimisson | 010591-3769 |
| Njarðvík | Guðjón H. Björnsson | 050691-2179 |
| Reynir S. | Hannes Kristinsson | 100691-3379 |
| Selfoss | Stefán Ragnar Guðlaugsson | 190391-2999 |
| Sindri | Friðrík Kristjánsson | 300591-2489 |
| Skallagrímur | Sigurður Árni Júlíusson | 120291-3789 |
| Smári | Jakob Logi Gunnarsson | 160791-3149 |
| Stjarnan | Arnar Darri Pétursson | 160391-2199 |
| Þór | Atli Sigurjónsson | 010791-3169 |
| Þróttur Nes. | Víkingur Pálmason | 210991-2989 |
| Þróttur R. | Oddur Björnsson | 181191-2609 |
| Þróttur V. | Haukur Harðarson | 180491-2019 |
| Grundarfjörður | Ingi Björn Ingason | 260791-4009 |
| Valur | Arnar Sveinn Geirsson | 300891-4119 |
| Víðir Garði | Viktor Gíslason | 130691-3749 |
| Víkingur R. | Walter Hjaltested | 210391-2749 |
| Völsungur | Aðalsteinn Jóhann Friðriksson | 090691-2959 |

# Knattspyrnuskóli KSÍ - Stúlkur fæddar 1991

| Félag | Nafn | Kennitala |
|---|---|---|
| Breiðablik | Sunna Harðardóttir | 270491-2439 |
| Einherji | Kristín Emilsdóttir | 230491-3139 |
| FH | Valgerður Björnsdóttir | 150191-2629 |
| Fjölnir | Íris Ósk Valmundsdóttir | 231091-2629 |
| Fylkir | Silja Sif Kristinsdóttir | 080191-3599 |
| Grindavík | Kristín Harpa Sigurfinnsdóttir | 010391-2029 |
| Grundarfjörður | Laufey Lilja Ágústsdóttir | 300691-2939 |
| Haukar | Ellen Þ. Blöndal | 250491-3289 |
| HK | Þórhildur Stefánsdóttir | 150291-2089 |
| Höttur | Katrín Mjöll Halldórsdóttir | 300791-3369 |
| ÍBV | Eva María Káradóttir | 170591-3649 |
| KA | Katrín Reimarsdóttir | 220291-3329 |
| Keflavík | Fanney Þórunn Kristinsdóttir | 130391-2819 |
| KFR | Dagný Brynjarsdóttir | 100891-2129 |
| KR | Rakel Björt Helgadóttir | 130891-2099 |
| KS | Sirrý Björt Lúðvíksdóttir | 010891-2729 |
| Leiftur | Sonja Geirsdóttir | 300891-4039 |
| Leiknir F. | Ingiborg Jóhanna Kjerúlf | 081191-2049 |
| Magni | Karen Sif Stefánsdóttir | 260491-3349 |
| Selfoss | Guðbjörg U. Hallgrímsdóttir | 220791-2709 |
| Stjarnan | Oddný Sigurbergsdóttir | 061191-2409 |
| Þór | Íunn Eir Gunnarsdóttir | 270191-2829 |
| Þróttur R. | Karen Rut Ólafsdóttir | 090391-2409 |
| Valur | Andrea Ýr Gústavsdóttir | 290591-2629 |
| Völsungur | Hafrún Olgeirsdóttir | 070991-2769 |
| Ægir | Hildur Þóra Friðriksdóttir | 240191-2459 |

# Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirfarandi starfsárið 2005: Lúðvík S. Georgsson formaður, Ásthildur Helgasdóttir, Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirsson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson. Nefndin hélt alls 13 bókaða fundi á starfsárinu.

Aðalverkefni ársins var vinna við rit um "Keppnisvelli í knattspyrnu og uppbyggingu þeirra". Þetta verkefni var þáttur mannvirkjanefndar í starfi milliþinganefndar KSÍ sem falið var að "móta framtíðarstefnu í gerð og hönnun leikvalla á Íslandi þannig að lengja megi keppnistímabilið og hefja það fyrr á vorin." Auk nefndarmanna komu fjölmargir sérfræðingar að verkinu bæði á sviði mannvirkja og grasræktunar. Nefndin skilaði af sér í árslok riti sem fjallar um stöðuna og hvernig standa skuli að uppbyggingu keppnisvalla á Íslandi í framtíðinni. Ritið á að geta nýst sem faglegur grunnur fyrir ákvarðanir um lengingu keppnistímabilsins og framkvæmdir á einstökum keppnisvöllum. Helstu niðurstöður eru að keppnistímabilið verði ekki lengt án þess að bæta keppnisvellina. Ef ætlunin er að lengja það og halda áfram að leika á grasi þá þarf að endurbyggja flesta vellina og leggja í þá hita- og vökvunarkerfi. Með því móti mætti byrja Íslandsmótið í maíbyrjun og leika eitthvað lengur á haustin. Hinn kosturinn er að leggja þá gervigrasi sem uppfyllir FIFA tveggja stjörnu staðal. Slíkt mundi gefa mun meiri möguleika til lengingar bæði á vorin og haustin, eða eins og veðurfar er talið leyfa, jafnframt yrði þó að bæta flóðljósum við sem staðalútbúnaði á keppnisvelli.

Sparkvallaverkefni KSÍ var á síðara ári í framkvæmdum og voru alls byggðir 43 sparkvellir á árinu. Alls hafa því verið byggðir 62 sparkvellir (auk tveggja sem ráðgerðir eru á næsta ári) með þessu átaki og hefur það notið verðskuldaðrar athygli, bæði innan knattspyrnuhreyfingarinnar, meðal almennings og hjá sveitarfélögunum. Það er mjög jákvætt að Alþingi hafi samþykkt áframhaldandi fjárveitingar til þessa verkefnis svo að framhald geti orðið á því, enda þörfinni ekki verið fullnægt.

Þrír nefndarmenn sóttu norrænt þing mannvirkjanefnda sem var haldið í Vejle í september á vegum danska knattspyrnusambandsins. Þingið var mjög fróðlegt og var þema þess uppbygging keppnisvalla og leyfiskerfið, sem kom sér vel í ljósi þeirrar vinnu sem mannvirkjanefnd hafði með höndum um keppnisvelli á Íslandi. Árangur sparkvallaátaksins á Íslandi var kynntur og vakti mikla athygli.

Að venju var farið yfir skráningu knattspyrnumannvirkja og ýtt eftir megni á að úrbætur yrðu gerðar þar sem aðstaðan var ófullnægjandi.

Áfram var unnið að aðlögun leyfiskerfis UEFA að íslenskum aðstæðum hvað varðar mannvirki. Flóðljósastaðlar voru til skoðunar og staðlar um festingar á mörkum til að bæta öryggi þátttakenda ræddir. Auk þessara verkefna hefur mannvirkjanefnd KSÍ verið til ráðgjafar ýmsum félögum og sveitarfélögum vegna framkvæmda tengdum knattspyrnumannvirkjum, til að mynda á Húsavík, í Neskaupstað, Kópavogi og Hafnarfirði.

Undirritaður vill að lokum þakka samstarfsmönnum í mannvirkjanefnd og starfsfólki KSÍ fyrir frábært samstarf á árinu.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

# Heiðursviðurkenningar KSÍ

## Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu frá KSÍ á árinu:

| Nafn | Félag | Merki |
|---|---|---|
| Ásmundur Friðriksson | Keflavík | Silfur |
| Bárður Guðmundsson | Selfoss | Silfur |
| Einar Jónsson | Selfoss | Silfur |
| Gylfi Þ. Gíslason | Selfoss | Silfur |
| Kjartan Björnsson | Selfoss | Silfur |
| Þórarinn Ingólfsson | Selfoss | Silfur |

# Kærur og úrskurðir

**Mál nr. 1**
**Leiftur/Dalvík**
**gegn**
**Stjórn KSÍ**

*Kæra Leifturs/Dalvíkur*

**Dómkröfur**
Farið er fram á að dómstóllinn hnekki úrskurði stjórnar KSÍ frá 15. apríl sl. og til vara að bann þjálfarans verði einskorðað við leiki í Deildarbikarkeppninni.

**Málavextir**
Í leik okkar gegn Fjarðabyggð urðu okkur á slæm mistök en leikskýrslan var ranglega útfyllt af okkar hálfu. Það var hinsvegar ekki vísvitandi gert eins og KSÍ ályktar og dæmir okkur fyrir. Ekki barst kæra til aganefndar en stjórn KSÍ sá sig knúna til að fjalla um málið og dæma í því. KSÍ gat ekki útvegað tiltekna starfsmenn á leikinn og þurfti liðsstjóri okkar að hlaupa í skarðið með tilheyrandi undirbúningi sem vitanlega bitnaði á undirbúningi liðsins fyrir leikinn, þar með talið skýrslugerð. Þá teljum við gögn þau sem stjórnin byggir álit sitt á vafasöm (greinargerð dómara á leikskýrslu) og að hún taki ekki nægilegt tillit til okkar sjónarmiða.

**Tilvísanir**
Við vísum helst til reglugerðar KSÍ um Deildarbikarkeppnina 2005, kafla 8 um agamál, sérstaklega gr. 8.3 þar sem kveðið er á um greiningu refsinga í deildarbikarkeppninni frá landsmótum. Auk þess teljum við málsmeðferð KSÍ ekki samrýmast lögum um KSÍ 17. gr. né starfsreglum aganefndar KSÍ gr. 2.1 og 8.1 sjá einnig gr. 7.3 sömu reglu. Við vísum einnig til almennra hefða um meðferð agabrota og refsimála innan Knattspyrnusambandsins og mótmælum forsendum stjórnarinnar fyrir svo strangri refsingu.

**Röksemdir**
Rök KSÍ eru eingöngu þau að við höfum vísvitandi falsað leikskýrslu. Til grundvallar er lögð greinargerð dómara þar sem hann misskilur ummæli formanns okkar eða hefur þau ranglega eftir. Rök okkar eru þau að ásakanir um vísvitandi fölsun á leikskýrslu eru tilhæfulausar og í raun fáránlegar sé tekið mið af aðstæðum (nafnafölsun, kunningsskapur, tengsl o.s.frv.) Við gerðum hinsvegar alvarleg mistök og tökum á okkur ábyrgðina og mótmælum ekki hæfilegri refsingu sem til dæmis einskorðast við Deilarbikarkeppnina (sbr. reglugerð um deildarbikarkeppnina 2005), en að dæma þjálfarann í bann rúmlega 35% af öllum leikjum sem eftir eru á keppnistímabilinu er að okkar mati of strangt. Ásakanir sem felast í dómnum teljum við svo alvarlegar að þær þarfnist frekari rökstuðnings við og óskum eftir rökstuðningi stjórnarinnar fyrir þeim frávikum sem hún beitir í málinu (málsmeðferð). Jafnframt bendum við á að formaður okkar var aðstoðardómari 2 á leiknum og vill láta taka framburð sinn sem slíkan jafn alvarlega og framburð aðaldómara. Að öðru leyti vísast til fylgigagna.

**Gögn**
Umbeðin greinargerð stjórnar okkar, lögð fram í upphafi máls (ath. lítið eitt breytt). Bréf til KSÍ vegna dómsins. Gögnin verða póstlögð á morgun 26. apíl. Við biðjumst afsökunar á að kæran og gögnin eru ef til vill flausturslega unnin en við fengum fyrst að vita það í hádeginu í dag hjá stjórn KSÍ að kæran þyrfti að berast í dag. Reyndar er það umhugsunarvert að KSÍ skuli vera að miðla upplýsingum um málið til okkar, sjálft aðili að málinu og líka það að við skulum þurfa að faxa kæruna á fax skrifstofu KSÍ. Það er enginn annars bróðir í leik.

**Vitni**
Helgi Indriðason, 466-1125 (661-7558), Nói Björnsson, 660-2644, Kolbeinn Arinbjörnsson 868-9213, Ásgrímur Einarsson 560-5360 vs. Jafnframt óskum við eftir því að KSÍ leggi fram þau gögn sem til eru um það hvernig stjórnarmönnum sem sátu umræddan fund (14. apríl) voru kynnt málsgögnin í málinu (tölvupóstar, föx, ofl. ef til er) áður en kom til fundarins.

*F.h. L/D, Helgi Indriðason.*

***Greinargerð KSÍ***

Það er hornsteinn í starfi Knattspyrnusambands Íslands að þátttakendur komi fram af drenglyndi og sönnum íþróttaanda. Í hita leiksins verður mönnum á og brjóta af sér. Þá er það í höndum aganefndar KSÍ, ef við á, að úrskurða um viðurlög. Úrskurðir aganefndar eru endanlegir. Skjalafölsun og hvers kyns blekkingar og svik eru alvarleg brot sem heyra ekki undir aganefnd og hafna því á borði stjórnar KSÍ, en það er eitt af hlutverkum stjórnar KSÍ að líta eftir því að lög og leikreglur séu haldin (sbr. 11. lið 17. gr. laga KSÍ). Það nær til allra knattspyrnuleikja og knattspyrnustarfsemi innan vébanda KSÍ. Það er sá reginmunur á ákvörðun stjórnar KSÍ og aganefndar að ákvörðun stjórnar KSÍ má kæra til dómstóls KSÍ ef hlutaðeigandi telur á sér brotið. Það er mikilvægur réttur, sér í lagi í stærri og alvarlegri brotum.

Á fundi stjórnar KSÍ 14. apríl sl. lágu frammi ótvíræð gögn þess efnis að Saso Durasovic, leikmaður KS, lék með Leiftri/Dalvík í deildarbikarkeppni KSÍ 18. mars sl. gegn Fjarðarbyggð án þess að nafn hans kæmi fram á leikskýrslu. Í hans stað var skráður í byrjunarlið Kolbeinn Arinbjarnarson sem kom ekki við sögu. Þessu var ekki mótmælt af hálfu Leifturs/Dalvíkur en borið við að um mistök hafi verið að ræða.

Stjórn KSÍ taldi að þjálfara Leifturs/Dalvíkur hafi verið kunnugt um að Saso Durasovic væri ekki skráður leikmaður Leifturs/Dalvíkur og að nafn hans væri ekki á leikskýrslunni sem hann ritaði. Það er almennt viðurkennt að það er á ábyrgð þjálfara að skipa keppnislið félags hverju sinni. Þjálfara Leifturs/Dalvíkur mátti vera ljóst að ekki var rétt staðið að málum og því var leynt að ólöglegur leikmaður tók þátt í leiknum.

Til bókar var fært í fundargerð stjórnar KSÍ 14. apríl sl.:

"Í Deildarbikar KSÍ hafa komið upp tvö tilfelli þar sem ólöglegur leikmaður hefur leikið án þess að nafn hans kæmi fram á leikskýrslu. Í stað nafns hans hefur verið ritað nafn annars manns. Félögin sem í hlut eiga hafa staðfest þetta og bera fyrir sig að um mistök hafi verið að ræða.

Allt bendir hins vegar til þess að um vísvitandi brot hafi verið að ræða og er samþykkt að beita þjálfara í báðum tilfellum viðurlögum enda um alvarleg brot að ræða, þ. e. skjalafölsun.

A) Eftir leik Leifturs/Dalvíkur og Fjarðabyggðar í deildarbikarkeppni KSÍ 18. mars sl. kom í ljós að Leiftur/Dalvík hefði skráð Kolbein Arinbjarnarson á leikskýrslu þrátt fyrir að hann tæki ekki þátt í leiknum. Hið sanna er að Saso Durasovic lék leikinn og var nafn hans ekki skráð á leikskýrsluna. Saso var á þeim tíma leikmaður KS.

Sakir þessa var ákveðið að úrskurða, í samræmi við greinar 4.3.4 og 4.4.4 í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, Nóa Björnsson þjálfara Leifturs/Dalvíkur í tveggja mánaða leikbann, nánar tiltekið frá 14. apríl til og með 13. júní. Jafnframt er félagið sektað um 30.000 kr."

*Virðingarfyllst,*
*f. h. stjórnar KSÍ,*
*Geir Þorsteinsson,*
*framkvæmdastjóri*

***Úrskurður dómstóls KSÍ***

Ár 2005, laugardaginn 14. maí, kl. 20.00 er dómþing í Knattspyrnudómstóli KSÍ háð af Hilmari Gunnlaugssyni dómara að Lagarási 4, Egilsstöðum. Fyrir er tekið mál nr. 1/2005, Leiftur/Dalvík gegn stjórn KSÍ. Enginn er mættur í réttinn. Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur:

**I.**

Mál þetta var móttekið af skrifstofu KSÍ 25. apríl 2005. Kærandi er Leiftur/Dalvík, kt. 530302-2530, Sundlaug Dalvíkur, Dalvík. Kærði er stjórn KSÍ, kt. 700169-3679, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Reykjavík. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 2. maí sl.

**Dómkröfur**
Kærandi krefst þess að dómstóllinn hnekki úrskurði stjórnar KSÍ frá 14. apríl sl. þar sem Nói Björnsson þjálfari kæranda var úrskurðaður í tveggja mánaða leikbann frá 14. apríl til og með 13. júní auk þess sem kærandi var dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 30.000.
Til vara krefst kærandi þess að formaður félagsins verði dæmdur í bann í stað þjálfara.
Til þrautavara krefst kærandi þess að bann þjálfarans verði einskorðað við leiki í Deildarbikarkeppninni.
Kærði krefst sýknu af kröfum kæranda.

**II.**
Þann 2. maí var kærða gefinn vikufrestur til að skila greinargerð og var henni skilað þann 9. maí. Málið var þingfest þann 11. maí og fóru vitnaskýrslur og aðalmeðferð fram þann 13. maí. Að þeim loknum var málið dómtekið.

Kærandi heldur því fram, að stjórn KSÍ hafi ekki verið heimilt að taka þá ákvörðun sem hún tók á grundvelli þeirrar málsmeðferðar sem málið fékk. Telja þeir að fara hafi átt eftir ferli því sem almenn agabrot og refsimál fá innan KSÍ. Þá telur kærandi að enginn ásetningur hafi verið til að fremja brot það sem úrskurður kærða lýtur að. Aðalkröfu sína um sýknu styður kærandi við 17. gr. laga um KSÍ og greina 2.1., 8.1. og 7.3. í starfsreglum aganefndar KSÍ.
Varakröfu sína styður kærandi þeim rökum að formaður félagsins hafi átt að annast umsýslu og undirbúning fyrir leikinn, en vegna aðstæðna er séu á ábyrgð KSÍ hafi hann þurft að gerast starfsmaður leiksins og því ekki ritað undir leikskýrsluna, eins og ella hefði gerst. Því hafi þjálfarinn neyðst til að rita undir hana.
Þrautavarakröfu sína styður kærandi að nokkru sömu rökum og aðalkröfu, þ.e. að ekki hafi verið um ásetningsbrot að ræða og refsing sé allt of ströng. Vísar kærandi til ákvæða kafla 8 í reglugerð um Deildarbikarkeppnina 2005, einkum 8.3. Þá vísaði kærandi í málflutningi til reglugerðar um innanhússknattspyrnu til hliðsjónar.

Kærði heldur því fram, að atvik málsins séu með þeim hætti að þau ættu ekki undir aganefnd eins og reglur séu í dag á Íslandi. Þá séu ekki fordæmi fyrir því að stjórn KSÍ kæri einstök félög fyrir dómstól KSÍ. Stjórn KSÍ hafi það hlutverk að líta eftir því að lög og leikreglur KSÍ séu haldin, sbr. 11. tl. 17. gr. laga KSÍ. Kærði telur að með því að taka ákvörðun af stjórn í stað þess að vísa máli til aganefndar, sé m.a. verið að gæta að réttaröryggi þolanda, þar sem unnt sé að skjóta ákvörðun stjórnar til dómstóls KSÍ.
Kærði telur gögn málsins ótvíræð varðandi það að tiltekinn leikmaður KS lék með Leiftri/Dalvík í leik gegn Fjarðabyggð án þess að vera skráður á leikskýrslu. Það sé þjálfarans að ákveða hverjir skipi keppnislið hverju sinni. Þjálfarinn hafi ritað leikskýrslu og því hafi honum verið það ljóst að ólöglegur leikmaður tók þátt í leiknum og að verið væri að leyna því.

**III. Niðurstaða**
Í máli þessu er bæði deilt um það, hvort stjórn KSÍ hafi verið heimilt að kveða upp úrskurð í málinu og um innihald þess úrskurðar. Þykir rétt að víkja fyrst að heimild stjórnar KSÍ til að úrskurða í máli þessu.
Gera verður þá kröfu að ákvæði laga eða reglugerða, sem samþykkt hafa verið af knattspyrnuþingi, séu skýr um heimildir kærða til að kveða upp úrskurði þar sem ákveðnar eru refsingar.
Af hálfu kærða er byggt á því að heimild fyrir úrskurði kærða sé í 11. tl. 17. gr. laga um KSÍ. Greinin er svofelld:
*"Starfssvið stjórnar KSÍ er*
*...*
*11. að líta eftir því, að lög og leikreglur KSÍ séu haldin,.."*

Í 13. tl. sömu greinar segir hins vegar að innan starfssviðs kærða sé að skera úr ágreiningi um knattspyrnumál.
Skýra verður 3. gr. laga um dómstól KSÍ svo að kærði geti skotið málum til dómsins. Þá er ljóst að unnt er að skjóta málum til aganefndar KSÍ, sbr. m.a. grein 2.1. í starfsreglum aganefndar KSÍ. Fyrir liggur að lið það sem lék umræddan leik við kæranda, hefði getað skotið málinu til dómstóls KSÍ.

Í ljósi þessa þykir rétt að skýra ákvæði 13. tl. laga KSÍ svo, að þar sé stjórn falið að úrskurða um ágreining á milli annarra aðila, sem vísað hafi verið þangað af aðilum, en ekki um ágreining sinn við aðra, jafnvel þó eftirlit kærða skv. 11. tl. hafi leitt í ljós brot á reglum KSÍ.
Í 4. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er að finna heimild til að beita viðurlögum þeim sem kærandi var beittur í þessu máli. Eru atvik því ekki það óvenjuleg, að ekki sé gert ráð fyrir þeim í reglum KSÍ, heldur þvert á móti skýrar reglur um viðurlög við brotum sem þessum. Þar sem viðurlög sem aganefnd KSÍ getur beitt virðast tæmandi talin í starfsreglum aganefndar KSÍ, og þar sem einungis er fjallað um dómstól KSÍ í 4. kafla reglugerðarinnar, auk umfjöllunar um úrskurðarvald dómara leiks vegna ástandsbrota, þá þykir ekki unnt að skýra ákvæði 4.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót öðruvísi en svo, að þar sé verið að fjalla um viðurlög sem dómstóll KSÍ eða áfrýjunardómstóll geti einir ákveðið. Sama gildir um 4. tl. ákvæðis 4.4 í sömu reglugerð.
Á það verður fallist með kærða að kærandi hefur ríkari málskotsrétt þar sem um úrskurð stjórnar KSÍ er að ræða en ekki aganefndar KSÍ. Það breytir því þó ekki, að hefðbundið ferli kærumála eru dómstigin tvö hjá KSÍ. Áður hefur verið vikið að því að ef lið það sem kærandi lék við hefði látið málið til sín taka, þá hefði málið farið til dómstóls KSÍ. Telja verður eðlilegt að sama gildi, þegar stjórn KSÍ lætur mál sig varða, einkum þegar um brot er að ræða sem tekið er á í reglum KSÍ. Þá verður að líta til þess, að engar málsmeðferðarreglur eru fyrirliggjandi um meðferð mála fyrir stjórn KSÍ og að um þungbæra refsingu var að ræða. Breytir þar engu þó kæranda hafi verið gefinn kostur á að skila kærða greinargerð áður en kærði úrskurðaði í málinu. Af gögnum málsins verður ekki séð að málflutningur hafi farið fram fyrir kærða, áður en kærði tók ákvörðun sína.
Af framansögðu leiðir, að ekki verður fallist á það með kærða, að til staðar sé skýr heimild fyrir stjórn KSÍ til að taka málið upp að eigin frumkvæði og kveða upp í því úrskurð um jafn viðamiklar refsingar og um ræðir í máli þessu. Kærði fékk vitneskju um málsatvik þegar eftir að hinum kærða leik lauk og því verður ekki séð að hinn skammi kærufrestur laga um dómstól KSÍ eigi að leiða til annarrar niðurstöðu.
Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.
Hilmar Gunnlaugsson, dómari í Knattspyrnudómstól KSÍ, kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð**
Úrskurður stjórnar KSÍ um að Nói Björnsson þjálfari meistaraflokks Leifturs/Dalvíkur skuli sæta tveggja mánaða leikbanni og að Leiftur/Dalvík skuli greiða kr. 30.000 í sekt er felldur úr gildi.

*Hilmar Gunnlaugsson*

## *Áfrýjun stjórnar KSÍ*
Stjórn Knattspyrnusambands Íslands, kt. 700169-3679, Laugardalsvelli, Laugardal, 104 Reykjavík, áfrýjar hér með dómi dómstóls KSÍ í máli nr. 2/2005: Leiftur/Dalvík gegn stjórn KSÍ, sem kveðinn var upp laugardaginn 14. maí 2005, til áfrýjunardómstóls KSÍ í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laga um dómstóla KSÍ.

**Málflutningsumboð**
Ég undirritaður, Steinar Þór Guðgeirsson hrl., flyt mál þetta fyrir hönd stjórnar Knattspyrnusambands Íslands, Laugardalsvelli, Laugardal, 104 Reykjavík.

**Dómkröfur**
Áfrýjandi gerir aðallega þær dómkröfur að hinum áfrýjaða dómi verði hnekkt og að ákvörðun áfrýjanda frá 14. apríl 2005, þar sem Nói Björnsson þjálfari Leifturs/Dalvík var settur í tveggja mánaða leikbann, nánar tiltekið frá 14. apríl til og með 13. júní og félagið sektað um kr. 30.000,- verði staðfest.
Til vara er þess krafist að ákvörðun áfrýjanda varðandi sekt Leifturs/Dalvíkur að fjárhæð kr. 30.000,- verði staðfest.

**Málsatvik**
Málsatvik máls þessa eru með þeim hætti að eftir leik Leifturs/Dalvíkur og Fjarðarbyggðar í deildarbikarkeppni KSÍ þann 18. mars. sl. kom í ljós að Leiftur/Dalvík hafði skráð leikmanninn Kolbein Arinbjarnarson á leikskýrslu í byrjunarlið og það þrátt fyrir að hann tæki með engum hætti þátt í leiknum. Hið sanna er að leikmaðurinn Saso Durasovic lék leikinn í stað Kolbeins Arinbjarnarsonar en

nafn hans var ekki skráð á leikskýrsluna, sbr. dskl. nr. 5. Sasa Durasovic var á þeim tíma leikmaður KS.
Þegar ofangreint kom í ljós óskaði Knattspyrnusamband Íslands með tölvupósti dags. 22. mars., sbr. dskl. nr. 6, eftir skýringum frá Leiftri/Dalvík vegna ofangreinds. Greinargerð og skýringar komu frá Leiftri/Dalvík sem er á ódagsettu bréfi, sbr. dskl. nr. 7.
Með tölvupósti ódags., sbr. dskl. nr. 9, óskaði Knattspyrnusamband Íslands eftir skriflegri greinargerð frá þjálfara Leifturs/Dalvíkur varðandi ágreiningsefnið og barst sú greinargerð með bréfi dags. 12. apríl 2005, sbr. dskl. nr. 10.
Þegar allt ofangreint var upplýst tók stjórn KSÍ á fundi sínum dags. 14. apríl sl. ákvörðun um að setja þjálfara Leifturs/Dalvíkur í tveggja mánaða leikbann, nánar tiltekið frá 14. apríl til og með 13. júní. Jafnframt var félagið sektað um kr. 30.000,-.
Var ákvörðun þessi síðan kærð til dómstóls KSÍ með kæru ódags., sem móttekin var þann 25. apríl 2005. Dómstóll KSÍ kvað síðan upp dóm í málinu þann 14. maí sl. sem nú er áfrýjað.
Varðandi önnur málsatvik er vísað til gagna málsins og hins áfrýjaða dóms.

**Mótmæli við niðurstöðu hins áfrýjaða dóms**
Að mati áfrýjanda gætir töluverðs misskilnings í hinum áfrýjaða dómi varðandi grundvallaratriði máls þessa og þeirra laga og reglugerða er hinn áfrýjaði dómur vísar til og túlkar í dómsniðurstöðu sinni.

Í upphafi niðurstöðukafla hins áfrýjaða dóms gætir nokkurs óskýrleika að mati áfrýjanda, en áfrýjandi telur skýrt miðað við gögn málsins að í máli þessu er deilt um það hvort stjórn KSÍ hafi verið heimilt að ákveða að setja þjálfara Leifturs/Dalvíkur, Nóa Björnsson í tveggja mánaða bann og sekta félagið um kr. 30.000,-. Ekki er deilt nema að mjög litlu leyti um innihald þeirrar ákvörðunar enda nær kröfugerð kæranda fyrir dómstól KSÍ aðallega til þess að fella niður ákvörðun stjórnar KSÍ og þar á því byggt að stjórn KSÍ hafi ekki verið heimilt að taka þá ákvörðun sem hún tók. Ekki er gerð nein krafa um styttingu á banni þjálfarans né sekt félagsins að öðru leyti. Í varakröfu kæranda fyrir dómstól KSÍ, er þess krafist að formaður félagsins taki út bannið í stað þjálfarans og í þrautavarakröfu er þess krafist að bann þjálfarans verði einskorðað við leiki í deildarbikarkeppni KSÍ. Er nauðsynlegt að mati áfrýjanda að þessi atriði liggi skýrt fyrir.

Áfrýjandi mótmælir harðlega túlkun hins áfrýjaða dóms að skýra verði 3. gr. laga um dómstól KSÍ svo að áfrýjandi geti skotið málum til dómsins. Í 3. gr. laganna segir: "Rétt til kæru hefur hver sá, **einstaklingur** og **félag**, sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls.” Telur áfrýjandi að orðalag þessarar greinar sé svo skýrt að ekki sé með nokkrum hætti hægt að túlka það svo rúmri lögskýringu að einstaklingur og félag geti átt við Knattspyrnusamband Íslands, en stjórn KSÍ fer með æðsta vald sambandsins á milli þinga.
Hér ber að gagnálykta frá 3. gr. laganna þannig að knattspyrnusambandið geti með engum hætti skotið málum til dómstóls KSÍ og kært aðildarfélög sín til dómstólsins. Eru enda engin fordæmi fyrir slíku og áratuga venja innan Knattspyrnusambands Íslands að stjórn þess tekur ákvarðanir varðandi knattspyrnumál á Íslandi. Þeir aðilar, einstaklingar eða félög, geta skotið þeim ákvörðunum til dómstóls KSÍ til endurskoðunar ef þeir telja á sér brotið.

Varðandi fullyrðingar hins áfrýjaða dóms varðandi aganefnd KSÍ verður fjallað nánar hér síðar í greinargerð þessari.

Hinn áfrýjaði dómur telur síðan að fyrir liggi að það lið sem lék umræddan leik hefði getað skotið málinu til KSÍ. Það er að hluta til rétt en á það verður að minna að í deildarbikarkeppni KSÍ eiga við aðrar reglur en varðandi Íslandsmót og bikarkeppni þegar snýr að því að ekki þarf að kæra til dómstóls KSÍ þegar lið er skipað ólöglegum leikmönnum. KSÍ tekjur sjálft til skoðunar slík mál og úrskurðar hvort leikmaður hafi verið ólöglegur og þá dæmir leikinn tapaðan 0-3 ef um slíkt er að ræða, sbr. ákvæði 10.2 í reglugerð um deildarbikarkeppni KSÍ.

Þeirri túlkun hins áfrýjaða dóms, að 13. tl. 17. gr. laga um KSÍ sem fjallar um að það sé innan starfssviðs áfrýjanda að skera úr ágreiningi um knattspyrnumál, nái aðeins yfir ágreining milli annarra aðila en KSÍ er mótmælt. Er ekkert sem styður þá túlkun hins áfrýjaða dóms, hvorki í lögunum sjálfum né reglugerðum heldur þvert á móti er ljóst að mati áfrýjanda að stjórn KSÍ getur þurft að skera úr alls kyns ágreiningsmálum sem upp koma, bæði milli félaga, einstaklinga, félaga og KSÍ

o.s.frv. og takmarkast það úrskurðarvald alls ekki við að um sé að ræða málefni sem aðrir aðilar en KSÍ deila um.

Sú fullyrðing hins áfrýjaða dóms, að ekki þyki unnt að skýra ákvæði 4.3. og 4. tl. ákvæðis 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumál, en þar eru að finna þau ákvæði er áfrýjandi vísaði til við ákvörðun sína sem um er deilt í máli þessu, öðruvísi en svo, að þar sé verið að fjalla um viðurlög sem dómstóll KSÍ eða áfrýjunardómstóll geti einir ákveðið, stenst engan veginn að mati áfrýjanda.
Hinn áfrýjaði dómur byggir þessa afstöðu sína á því að einungis sé fjallað um dómstól KSÍ í 4. kafla reglugerðarinnar auk úrskurðarvalds dómara leiks vegna ástandsbrota.

Er hér um misskilning að ræða af hálfu hins áfrýjaða dóms.

Í fyrsta lagi nægir að vísa beinlínis í 10. tl. ákvæðis 4.4. sem er einmitt undir 4. kafla reglugerðarinnar en þar segir orðrétt: *"KSÍ **ákveður** og annast innheimtu sektarfjár og sér um að greiða til viðkomandi aðila".* Ekki er nóg með að vísað sé til KSÍ í 4. kafla reglurgerðarinnar heldur er þar jafnframt vísað til úrskurðarvalds mótanefndar KSÍ sbr. 8. tl. ákvæðis 4.4. reglugerðarinnar. Telur áfrýjandi að fyrrnefnd fullyrðing hins áfrýjaða dóms hljóti að byggjast á misskilningi eða að hinn virðulegi dómstóll hafi ekki kynnt sér efni reglugerðarinnar að öllu leyti.

Í öðru lagi væri sú málsmeðferð að KSÍ þurfi að kæra öll meint brot á reglugerðinni til dómstóls KSÍ, sem hinn áfrýjaði dómur byggir á, fráleit að mati áfrýjanda og í engu samræmi við áratugavenju í slíkum málum. Hvernig mætti það vera ef KSÍ þyrfti alltaf að kæra félög til dómstóls KSÍ ef t.d. félag vanrækir að skrá úrslit sem varðar sektum kr. 100 á leik, sbr. 7. tl. ákvæðis 4.4. eða það farist fyrir að félag skipi boltakrakka í leikjum meistaraflokks sem varðar sekt að fjárhæð kr. 6.000,- sbr. 6. tl. o.s.frv. Hér væri gengið allt of langt að mati áfrýjanda enda væri slíkt í engu samræmi við gildandi reglugerðir og áratuga framkvæmd.

Í þriðja lagi telur áfrýjandi að það hafi aldrei nokkurn tímann verið vilji eða tilgangur þeirra laga og reglugerða er Knattspyrnusamband Íslands byggir á að dómstólar KSÍ skuli í raun fara með slík mál. Hér væri fótunum hreinlega kippt undan hinu ríka eftirlits- og agahlutverki sem Knattspyrnusamband Íslands gegnir gagnvart aðildarfélögum sínum og það hlutverk fært yfir til dómstóls KSÍ, sem með engum hætti getur talist hlutverk dómstólsins heldur fyrst og fremst hlutverk Knattspyrnusambands Íslands og hefur svo verið frá stofnun þess.

Áfrýjandi fellst á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að mál þetta geti ekki fallið undir aganefnd KSÍ og vísast þar til rökstuðnings hins áfrýjaða dóms varðandi þann þátt málsins enda telur áfrýjandi að mál þetta sé þannig vaxið að áfrýjandi hafi fulla heimild til ákvörðunartöku og þar af leiðandi sé hægt að kæra þá ákvörðun til dómstóls KSÍ.

Fullyrðing hins áfrýjaða dóms að telja verði eðlilegt að þegar stjórn KSÍ lætur mál sig varða að þá verði málið að fara til dómstóls KSÍ, einkum þegar um brot er að ræða sem tekið er á í reglum KSÍ er hafnað af hálfu áfrýjanda. Það hreinlega liggur í augum uppi að stjórn KSÍ þarf að taka ýmsar þær ákvarðanir og lætur mál sig varða með ýmsum hætti og hefur gert allt frá stofnun og er fráleitt að telja að slík mál beri að fara með til dómstóls KSÍ í hvert sinn eins og áður hefur verið rakið.

Hugleiðingum hins áfrýjaða dóms varðandi að engar málsmeðferðarreglur séu fyrirliggjandi um meðferð mála fyrir stjórn og að af gögnum málsins verði ekki séð að málflutningur hefði farið fram fyrir kærða áður en hann tók ákvörðun sína er mótmælt. Hér hlýtur að gæta misskilnings hjá hinum áfrýjaða dómi. Stjórn KSÍ er með engum hætti dómstóll eða dómsvald heldur fer stjórn KSÍ með æðsta vald í málefnum knattspyrnusambandsins á milli knattspyrnuþinga og er hlutverk stjórnarinnar margþætt. Væri afar óeðlilegt að mati áfrýjanda að hafa einhverjar formbundnar málsmeðferðarreglur þegar málefni knattspyrnuhreyfingarinnar eru rædd á fundum stjórnar KSÍ, hvað þá heldur að þar eigi að fara fram einhver sérstakur málflutningur tiltekinna aðila þegar ákvarðanir eru teknar. Hins vegar má benda á að áfrýjandi gætti þess að allir aðilar þessa máls kæmu að athugasemdum sínum og sjónarmiðum, eins og gögn málsins bera glögglega með sér og var því ákvörðun þessi tekin að vel skoðuðu máli af hálfu áfrýjanda.

Að endingu gerir áfrýjandi verulega athugasemd við orð hins áfrýjaða dóms varðandi að hinn skammi kærufrestur laga um dómstól KSÍ eigi ekki að leiða til annarrar niðurstöðu. Þess ber hér að geta að þegar skoðuð eru ákvæðin um 5 daga kærufrest frá atvikum máls að þá er augljóst að með engum hætti er hægt að fallast á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um að stjórn KSÍ beri að kæra allar sínar ákvarðanir til dómstóls KSÍ. Ljóst má vera að hér er um mjög stuttan kærufrest að ræða og ef það hefur verið vilji laga- og reglugerðarvaldins að haga þessu með þeim hætti er hinn áfrýjaði dómur nefnir, þá hefði kærufrestur verið mun lengri eða miðast við þegar KSÍ fékk vitneskju um mál, enda ljóst að eftirlits- og agahlutverk KSÍ væri ekkert ef slíkar reglur giltu. Er í hæsta máta óeðlilegt að hinn áfrýjaði dómur einskorði sig bara við vitneskju áfrýjanda í þessu tiltekna máli en athugi ekki að með slíkri niðurstöðu setur hann fordæmi hvernig eftirlits- og agahlutverki KSÍ sé háttað, en það verður nánast að engu ef niðurstaða hins áfrýjaða dóms stendur í máli þessu enda ógjörningur fyrir KSÍ að sinna því hlutverki sínu ef KSÍ er alltaf bundið af hinum stutta 5 daga kærufresti.

Það væri óþolandi ef aga- og eftirlitsvald KSÍ væri bundið við 5 daga og opnaði á þann möguleika að aðilar innan knattspyrnusambandsins gætu sammælst um hluti sem engan veginn standast lög eða reglugerðir KSÍ og ef ekki upplýsist um vísvitandi blekkingar eða brot aðildarfélaga sambandsins innan 5 daga þá væri fallið niður hið veigamikla eftirlits- og agavald KSÍ.

Telur áfrýjandi að útilokað sé að túlka lög og reglugerðir KSÍ með þessum hætti enda augljóslega ekki tilgangur þeirra á nokkurn hátt. Gæti slíkt haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér og opnað fyrir þann möguleika að aðildarfélög gætu þannig rýrt traust og gildi knattspyrnunnar í landinu.

Eins og að ofan hefur verið rakið telur áfrýjandi að túlkun og niðurstaða hins áfrýjaða dóms sé nánast að öllu leyti röng eða byggð á röngum forsendum og því beri að hnekkja niðurstöðu hans.

**Málsástæður og lagarök fyrir aðalkröfu**

Til viðbótar þeim málsástæðum er áfrýjandi hefur rakið varðandi mótmæli sín við niðurstöðu hins áfrýjaða dóms byggir áfrýjandi á því að hinn áfrýjaði dómur hefði átt að sýkna áfrýjanda af kröfum kæranda fyrir dómstól KSÍ sökum aðildarskorts varðandi þann þátt málsins er varðar ákvörðun áfrýjanda um að setja Nóa Björnsson þjálfarar Leifturs/Dalvíkur í tveggja mánaða bann. Það liggur fyrir að bann þetta beinist að Nóa Björnssyni sem þjálfara og hefði hann þurft að kæra þann þátt málsins og láta málið til sín taka fyrir dómstól KSÍ. Það gerði hann ekki heldur er kærandi málsins aðeins Leiftur/Dalvík en aðeins hluti ákvörðunar áfrýjanda snýr að félaginu og því kemur aðeins sektarákvörðun áfrýjanda til skoðunar hér í þessu máli.

Áfrýjandi byggir jafnframt á þeirri málsástæðu að hann hafi haft fulla heimild til að taka þá ákvörðun er hann tók þann 14. apríl sl. og mál þetta snýst um. Grundvallaratriðið í máli þessu er auðvitað að stjórn KSÍ fer með æðsta vald í málefnum knattspyrnusambandsins milli knattpyrnuþinga eins og segir í 1. mgr. 14. gr. laga um KSÍ en Knattpyrnusamband Íslands er æðsti aðili um öll knattspyrnumál á Íslandi eins og segir í 1. gr. laganna.

Starfsvið stjórnarinnar er enda margþætt eins og kemur fram í 17. gr. laganna og er talið þar upp í 14 töluliðum og er alls ekki um tæmandi talningu að ræða. Varðandi það mál sem hér er til skoðunar vísar áfrýjandi í fyrsta lagi til 11. tl. 17. gr. laganna en þar er kveðið á um það með skýrum hætti að stjórn KSÍ ber að líta eftir því, að lög og leikreglur KSÍ séu haldin. Er þessi heimild höfð hér nokkuð víðtæk enda nauðsynlegt svo stjórn KSÍ geti sinnt því mikilvæga hlutverki sínu að taka á þeim málefnum sem upp koma og geta varðað brot og hvers konar lögum og reglugerðum er sambandið hefur sett og jafnframt taka á málefnum sem andstæð eru anda íþrótta eins og blekkingar, svik, fölsun, óíþróttamannsleg hegðun, mútur o.fl.

Er síðan þetta eftirlits- og agavald styrkt með ákvæði 13. tl. 17. gr. laganna sem segir að stjórn KSÍ skeri úr um ágreining um knattspyrnumál.

Telur áfrýjandi að þessi tilteknu ákvæði séu skýr og skorinorð og veiti svo ekki verði um villst, stjórn KSÍ heimild til að taka þá ákvörðun er tekin var sem mál þetta snýst um. Í 18. gr. er síðan fjallað um hvaða nefndir stjórn KSÍ skipar og síðan er fjallað í 19. gr. laganna um reglugerðarvald stjórnarinnar.

Þegar öll ofangreind laga- og reglugerðarákvæði eru skoðuð í heild sinni er ljóst að stjórn KSÍ fer með æðsta vald í málefnum Knattspyrnusambandsins og hefur mikið eftirlits- og agavald í málefnum sambandsins og gagnvart aðildarfélögum sínum enda hlutverk Knattspyrnusambandsins m.a. að hafa yfirstjórn allra íslenskra knattspyrnumála sbr. a. liður 1. mgr. 4. gr. laganna.

Þessu til viðbótar má vísa til þess að bæði alþjóða Knattspyrnusambandið (FIFA) og Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) hefur lagt ríka áherslu á það við Knattspyrnusambönd aðildaríkjanna að taka til skoðunar og hafa ríkt eftirlit með framgangi knattspyrnunnar í hverju landi fyrir sig, þannig að tekið sé á þeim málum af festu sem upp koma og geta varðað brot á sönnum íþróttaanda.

Er það og hefur verið um áratugaskeið hornsteinn í starfi Knattspyrnusambands Íslands að allir þátttakendur íþróttarinnar komi fram af drenglyndi og sönnum íþróttaanda. Í hita leiksins verður mönnum á að brjóta af sér með einhverjum hætti og getur það brot bæði falið í sér skýrt brot á tilteknu ákvæði laga eða reglugerða KSÍ eða anda þeirra. Öll slík mál koma til skoðunar hjá stjórn KSÍ sem fer með æðsta vald sambandsins og hefur ávallt verið talið að stjórn sambandsins geti tekið mál upp sem varða öll þau málefni, sem upp koma varðandi knattspyrnuna á Íslandi. Er síðan öllum aðildarfélögum og einstaklingum, sem telja að á rétti sínum sé brotið varðandi hvers kyns ákvarðanir sem teknar eru af Knattspyrnusambandinu heimilt að kæra þær ákvarðanir eða önnur atvik til dómstóls KSÍ og gæta þar réttars síns. Er þetta fullkomlega eðlileg málsmeðferð enda ekki hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd að mikilvægt er að hafa virkt eftirlits- og agavald innan sambandsins enda óþolandi ef aðildarfélög sambandsins gætu skaðað ímynd knattspyrnunnar.

Hefur þetta grundvallaratriði í starfsemi Knattspyrnusambands Íslands verið viðurkennt í áratugi og með vilja og vitund allra aðildarfélaga sambandsins.

**Málsástæður og lagarök fyrir varakröfu áfrýjanda**
Komist áfrýjunardómstóll KSÍ að þeirri niðurstöðu að stjórn KSÍ hafi skort heimild til að taka þá ákvörðun sem tekin var þann 14. apríl 2005 er á því byggt að sektarákvörðun áfrýjanda gagnvart stefnda sé að fullu gild. Það kemur skýrt fram í 10. tl. ákvæðis 4.4. að það sé KSÍ sem ákveði sektarfjárhæðir og telur áfrýjandi að þessi heimild sé skýr og með engum hætti hægt að fullyrða að slíka ákvörðun sektarfjárhæða beri að kæra til dómstóls KSÍ eða að einhver annar aðili taki slíkar ákvarðanir.

**Gögn**
Meðfylgjandi eru öll gögn málsins sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um dómstóla KSÍ.

**Áskilnaður**
Áfrýjandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn, fjalla nánar um málsatvik og málsástæður þær er liggja fyrir í málinu eða munu liggja fyrir ásamt því að byggja á nýjum málsástæðum ef tilefni gefst til, eða nýjum lagarökum.

*Virðingarfyllst,*
*Steinar Þór Guðgeirsson hrl.*

### *Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ*
Ár 2005, þriðjudaginn 7. júní, kl. 17:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Lögmanna Laugardal, Laugavegi 182, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni. Fyrir er tekið mál nr. 1/2005, stjórn KSÍ gegn Leiftri/Dalvík.
Mættir eru Steinar Þór Guðgeirsson hrl. fyrir hönd áfrýjanda og Friðgeir Sigurðsson hdl. fyrir hönd stefnda.

**Dómur**

**I.**

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson. Hinn áfrýjaða dóm kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari við dómstól Knattspyrnusambands Íslands þann 14. maí 2005.

Steinar Þór Guðgeirsson hrl. áfrýjaði máli þessu þann 20. maí 2005 og gerir þessar kröfur fyrir hönd áfrýjanda:
Aðallega að hinum áfrýjaða dómi verði hnekkt og að ákvörðun áfrýjanda um leikbann Nóa Björnssonar þjálfara Dalvíkur/Leifturs frá 14. apríl til og með 13. júní 2004 og sekt stefnda að fjárhæð kr. 30.000 verði staðfest. Til vara að ákvörðun áfrýjanda um að sekta stefnda um kr. 30.000,00 verði staðfest.
Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk miskabóta að fjárhæð kr. 200.000 og málskostnaðar að fjárhæð kr. 300.000.

**II.**
Málavextir eru þeir að í leik stefnda og Fjarðabyggðar í deildarbikarkeppni Knattspyrnusambands Íslands þann 18. mars 2005 notaði stefndi leikmann KS, Saso Durasevic að nafni, þó svo að á leikskýrslu væri tilgreint nafn Kolbeins Arinbjarnarsonar. Dómari leiksins Ásgrímur Einarsson áritaði leikskýrsluna um það að samkvæmt samtali við formann stefnda, Helga Indriðason, hefðu menn vitað af þessu fyrir leikinn, sem þýðir að leikskýrslan hefur verið vísvitandi rangt útfyllt. Þann 22. mars 2005 óskaði mótastjórn áfrýjanda eftir skýringum stefnda á því hvers vegna leikskýrslan hafði ekki verið rétt úfyllt. Frestur til andsvara var veittur til kl. 16:00 þriðjudaginn 29. mars 2005. Jafnframt var tilgreint í tölvupóstinum hvaða viðurlögum það gæti varðað samkvæmt reglugerð áfrýjanda um knattpyrnumót að nota ólöglega skipað lið og/eða fylla leikskýrslur ranglega út. Stefndi svaraði fyrirspurn þessari með ódagsettu bréfi Helga Indriðasonar, formanns stefnda. Formaður stefnda viðurkennir þar að stefndi hafi notað Saso Durasevic í stað Kolbeins Arinbjarnarsonar og að Saso Durasevic hafi á þeim tíma ekki verið löglegur með liði hans, en mótmælir að leikskýrslan hafi verið vísvitandi rangt útfyllt. Af greinargerð formanns stefnda verður helst ráðið að framkvæmd leiks stefnda og Fjarðarbyggðar hafi ekki verið í samræmi við 9. gr. reglugerðar áfrýjanda um deildarbikarkeppnina, þar sem hann hafi orðið að taka að sér starf aðstoðardómara á leiknum til þess að tryggja að hann færi fram. Af þessum sökum hafi ekki gefist tími né tækifæri til að hafa leikskýrsluna rétta.

Með tölvupósti dagsettum 1. apríl er stefnda tilkynnt að Fjarðarbyggð teljist hafa unnið leikinn 3-0, samkvæmt reglugerð um deildarbikarkeppni karla. Síðan segir í tölvupóstinum:

> ,,Varðandi þann þátt sem snýr að meintri fölsun á leikskýrslu þá verður því máli vísað til stjórnar KSÍ."

Með ódagsettum tölvupósti til stefnda óskaði áfrýjandi eftir skriflegri greinargerð þjálfara stefnda um ástæður þess að leikskýrslan frá leik stefnda við Fjarðarbyggð hafi verið röng. Stefndi fékk frest til greinargerðar til kl. 10:00 fimmtudaginn 14. apríl. Greinargerð barst frá þjálfara stefnda, Nóa Björnssyni, þann 12. apríl 2005. Í greinargerð sinni vísar þjálfarinn að mestu til framangreindrar ódagsettrar greinargerðar formanns stefnda varðandi ástæður þess að ákveðið hafi verið að nota Saso Durasevic í stað Kolbeins Arinbjarnarsonar, sem skráður var á leikskýrsluna.
Áfrýjandi ákvað á fundi sínum þann 14. apríl 2005 að úrskurða Nóa Björnsson þjálfara stefnda í leikbann frá 14. apríl til og með 13. júní og sektaði stefnda um kr. 30.000. Var stefnda tilkynnt ákvörðun þessi með bréfi dagsettu 15. apríl 2005. Ekki var þess getið í tilkynningu áfrýjanda að úrskurðarþolar ættu málsskotsrétt, sem þó verður að telja eðlileg og sjálfsögð vinnubrögð af hálfu áfrýjanda.
Með bréfi dagsettu 16. apríl á Dalvík, sem sent var áfrýjanda og móttekið af honum þann 22. apríl 2005, tilkynnir stefndi að hann uni ekki ákvörðun áfrýjanda og óskar eftir því að áfrýjandi vísi málinu til dómstóls Knattspyrnusambands Íslands.
Með ódagsettri kæru, sem móttekin var þann 25. apríl 2005 af skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands skaut stefndi ákvörðun áfrýjanda til dómstóls Knattspyrnusambands Íslands. Í niðurlagi kærunnar er beðist velvirðingar á því að hún sé flausturslega unnin og því kennt um að stefndi hafi fyrst í hádeginu daginn sem kæran var útbúin fengið að vita að kærufrestur rynni út þann sama dag. Í kærunni er þess krafist að dómstóll Knattspyrnusambands Íslands hnekki úrskurði stjórnar Knattspyrnusambands Íslands frá 15. apríl sl. (sic) og til vara að bann þjálfarans verði einskorðað við leiki í deildarbikar-keppninni. Þó að nafn Nóa Björnssonar þjálfara stefnda hafi ekki verið tilgreint

sérstaklega í kærunni ásamt nafni stefnda, verður engu að síður að líta svo á, eins og máli þessu er háttað, að hann hafi átt og eigi aðild að málskotinu til dómstóls Knattspyrnusambands Íslands.

**III.**
Óumdeilt er að í leik stefnda við lið Fjarðabyggðar í deildarbikarkeppni Knattspyrnusambands Íslands í knattspyrnuhúsinu Boganum á Akureyri þann 18. mars 2005 lék í treyju nr. 3 í liði stefnda leikmaður að nafni Saso Durasevic. Saso Durasevic hafði ekki leikheimild með stefnda umræddan dag, þar sem ekki hafði verið tilkynnt um félagskipti hans til stefnda úr KS. Auk þess var nafn Saso Durasevic ekki að finna á leikskýrslu, sem undirrituð er af fyrirliðum og forráðamönnum liðanna fyrir leik. Samkvæmt leikskýrslunni tilkynntu fyrirliði og forráðamaður stefnda að í treyju nr. 3 léki Kolbeinn Arinbjarnarson. Þetta gerðu forsvarsmenn stefnda þrátt fyrir að þeir vissu að Kolbeinn Arinbjarnarson myndi ekki geta mætt til leiks. Með vísan til þessa og áðurnefndrar áritunar dómara leiksins á leikskýrsluna, sem ekki hefur verið hnekkt er það niðurstaða dómsins að forystumenn stefnda hafi brotið gegn 3. lið gr. 4.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Skiptir engu máli í þessu sambandi þó undirbúningur KSÍ fyrir leik stefnda og Fjarðarbyggðar hafi ekki verið eins og best verður á kosið um kappleiki.
Áfrýjandi er æðsti aðili varðandi framkvæmd allra knattspyrnumála hér á landi sbr. 1. gr. laga um Knattspyrnusambands Íslands. Ber áfrýjanda m.a. samkvæmt 11. tl. 17. gr. laganna, að líta eftir því, að lög og leikreglur KSÍ séu haldin. Meðal þeirra laga sem hér er átt við er reglugerð um deildarbikarkeppni KSÍ 2005. Í 6. gr. reglugerðar þessara er kveðið á um, að henni til fyllingar séu knattspyrnulögin og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í 4. kafla reglugerðar KSÍ, sem ber yfirskriftina ,,Mótmæli, kærur, viðurlög og sektir" er kveðið á um viðurlög við því að nota ólöglega skipað lið, vísvitandi rangfærslu leikskýrslna, sektir og innheimtu sekta sbr. liði 3 og 4 í gr. 4.3. og liði 3, 4 og 10 í gr. 4.4.
Af ákvæðum þessum leiðir, að áfrýjanda ber að fylgjast með framkvæmd allra knattspyrnumóta og beita þá viðurlögum, sem brotlegir gerast, nema refsivaldið sé sérstaklega skilið undan valdsviði áfrýjanda. Því er ekki til að dreifa varðandi brot stefnda og starfsmanns hans Nóa Björnssonar á reglum deildarbikarkeppni KSÍ 2005.
Með vísan til þess sem að framan greinir er ákvörðun áfrýjanda frá 14. apríl 2005 staðfest varðandi leikbann Nóa Björnssonar. Sekt Leifturs/Dalvíkur þykir hæfilega ákveðin kr. 24.000.

**Dómsorð**
Leikbann Nóa Björnssonar þjálfara Leifturs/Dalvík er staðfest. Stefndi Leiftur/Dalvík greiði sekt til áfrýjanda að fjárhæð kr. 24.000.

*F.h. Áfrýjunardómstóls KSÍ*
*Sigurður G. Guðjónsson.*
*Guðmundur Pétursson.*
*Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.*

**Mál nr. 2**
**Knattspyrnufélagið Víkingur**
**gegn**
**Knattspyrnufélaginu Val**

*Kæra Víkings*
**Dómkröfur**
Víkingi dæmdur sigur 3-0.

**Málavextir**
Knattspyrnufélagið Víkingur sendir hér með beiðni til skrifstofu KSÍ um að tekið verði fyrir mál vegna ólöglegs leikmans. Umræddur leikmaður lék með liði Vals í leik við Víking á Reykjavíkurmóti í 3. fl. kvenna, á Víkingsvelli sunnudaginn 17.04.2005. Andrea Ýr kom inn á sem varamaður í seinni hálfleik og skoraði síðan sigurmarkið á 71. mínútu. Leikurinn endaði með sigri Vals 2-3.

**Röksemdir**
Umræddur leikmaður, Andrea Ýr Gústavsdóttir 290591-2529, er samkvæmt okkar upplýsingum úr leikmannaskrá KSÍ skráð í Knattspyrnufélagið Hauka og þar með ólögleg með Val í umræddum leik.

**Sönnunargögn**

Eintak af leikskýrslu, útprentun af heimasíðu KSÍ.

**Vitni**
Jakob Þ. Haraldsson dómari leiksins (141162-5199).

*F.h. knattspyrnudeildar Víkings og fyrirsvarsmanns,*
*Ásmundur Haraldsson, Íþróttastjóri*

***Greinargerð Vals***

Skv. 2. grein í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna, er tekið fram að leikmenn 4.fl.ka. og yngri og 3.fl.kv. og yngri skuli hlutgengir með því liði sem þeir leika með í fyrsta skipti í Íslandsmóti á almanaksárinu. Leikmaðurinn sem um ræðir hefur æft með Val í allan vetur og spilaði meðal annars með Val á Íslandsmóti innanhúss sem fram fór í byrjun þessa árs, 2005. Það er skýrt að Íslandsmót innanhúss er Íslandsmót og fór Íslandsmót innanhúss 4.fl.kv. fram á þessu almanaksári. Hvergi er tekið fram í reglugerðinni að Íslandsmót innanhúss sé ekki Íslandsmót. Leikmaðurinn er í 4.fl.kv. hjá Val og var að spila upp fyrir sig í viðkomandi leik. Ekki eru rök til að leikmanninum og félaginu sé refsað vegna hæfileika leikmanns sem spilar upp fyrir sig.

Förum við því fram á úrslit leiksins standi óbreytt.

*Fh. Knattspyrnufélagsins Vals*
*Þórður Jensson*
*Íþróttafulltrúi Vals*

***Úrskurður dómstóls KSÍ***

Ár 2005, miðvikudaginn 14.maí er dómþing dómstóls KSÍ háð af Gunnari Guðmundssyni. Fyrir er tekið málið nr 2/2005, Knattspyrnufélagið Víkingur, knattspyrnudeild gegn Knattspyrnufélaginu Val, knattspyrnudeild.

**Dómur**

Mál þetta er höfðað með kæru dagsettri 23.4. 2004 sem barst skrifstofu KSÍ sama dag. Kærandi er Knattspyrnufélagið Víkingur, knattspyrnudeild, kt. 420787-1469, Traðarlandi 1. 108 Reykjavík, en hið kærða félag er knattspyrnudeild Knattspyrnufélagsins Vals, kt. 670269-2569, Laufásvegi, Hlíðarenda, Reykjavík.

**I. Dómkröfur**

Dómkröfur kæranda í kæru eru þær að úrslitum í leik Víkings og Vals sem fram fór á Reykjavíkurmóti í 3. fl. kvenna, á Víkingsvelli sunnudaginn 17.04.2005 verði breytt og Víkingi dæmdur sigur.

**Málsatvik, málsástæður og lagarök**

Málsatvikum, málsástæðum og lagarökum er þannig lýst í kæru:
"Leikmaðurinn Andrea Ýr Gústavsdóttir 290591-2529 lék með liði Vals í leik við Víking á Reykjavíkurmóti í 3. fl. kvenna, á Víkingsvelli sunnudaginn 17.04.2005. Andrea Ýr kom inn á sem varamaður í seinni hálfleik og skoraði síðan sigurmarkið á 71. mínútu. Leikurinn endaði með sigri Vals 2-3. Umræddur leikmaður, Andrea Ýr Gústavsdóttir 290591-2529 er samkvæmt okkar upplýsingum úr leikmannaskrá KSÍ skráð í Knattspyrnufélagið Hauka og þar með ólögleg með Val í umræddum leik."

**II.**

Hið kærða félag hefur andmælt kröfum kæranda orðrétt með eftirfarandi hætti:
"Skv. 2. grein í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna, er tekið fram að leikmenn 4.fl.ka. og yngri og 3.fl.kv. og yngri skuli hlutgengir í því liði sem þeir leika með í fyrsta skipti á Íslandsmóti á almanaksárinu. Leikmaðurinn sem um ræðir hefur æft með Val í allan vetur og spilaði meðal annars með Val á Íslandsmóti innanhúss sem fram fór í byrjun þessa árs, 2005. Það er skýrt að Íslandsmót innanhúss er Íslandsmót og fór Íslandsmót innanhúss 4.fl.kv. fram á þessu almanaksári. Hvergi er tekið fram í reglugerðinni að Íslandsmót innanhúss sé ekki Íslandsmót. Leikmaðurinn er í 4.fl.kv. hjá Val og var að spila upp fyrir sig í viðkomandi leik. Ekki eru rök til að leikmanninum og félaginu sé refsað vegna hæfileika leikmanns sem spilar upp fyrir sig."

**II. Málsmeðferð**
Við skoðun á kærugögnum hefur dómsforseti komist að þeirri niðurstöðu að beita megi ákvæðum 8. greinar laga um dómstóla KSÍ varðandi flýtimeðferð. Var kærða gefinn kostur á að tjá sig um kæruefni sem hann og gerði eins of fram kemur hér að framan.

**III. Niðurstaða**
Upplýst er í málinu með gögnum sem lögð voru fram frá skrifstofu KSÍ að leikmaðurinn Andrea Ýr Gústavsdóttir kt. 290591-2529 lék með Val í Íslandsmóti 4. flokks kvenna þann 12. janúar sl. Telst framangreindur leikmaður samkvæmt orðalagi 2.tl. A-liðar í reglugerð KSÍ um félagaskipti lögleg með því félagi sem hún leikur með í fyrsta skipti í Íslandsmóti á almanaksárinu. Eins og að framan greinir er það Valur. Ekki er í ákvæðinu tiltekið að Íslandsmót innanhúss falli ekki hér undir. Þessi túlkun nær einnig til síðari þátttöku hennar með sama félagi í 3. flokki.

Kröfum kæranda er því hafnað.

**Dómsorð**
Úrslit í leik Víkings og Vals í 3. flokki kvenna sem leikinn var á Reykjavíkurmóti og fram fór á Víkingsvelli sunnudaginn 17.04.2005 skulu standa óbreytt.

*F.h. dómstóls KSÍ*
*Gunnar Guðmundsson*

**Mál nr. 3**
**Knattspyrnufélagið Augnablik**
**gegn**
**Knattspyrnufélaginu Afríku**

*Kæra Augnabliks*
**Dómkröfur**
Ég bið um að leikurinn verði dæmdur tapaður fyrir Afríku 3-0 vegna ólöglegs leikmann hjá þeim. Í raun 2 hlutir sem þeir gera ólöglega, rangur maður á skýrslu og svo spilar ólöglegur maður með þeim.

**Málavextir**
Skráður á skýrslu hjá Afríku er Abdel Hamid Oulad Idriss númer 3 en það er ekki réttur maður heldur spilaði leikmaður að nafni Dejan Bilic í þeirri treyju. En hann fékk hann ekki leikheimild fyrr en 21/5.

**Röksemdir**
Samkvæmt lögum þá þurfa menn að vera löglegir í sínum liðum og bannað er að skrá aðra en þá sem skráðir eru hjá viðkomandi félagi.

**Sönnunargögn**
Ég legg til mynd sem var tekin þann 20/5 í leik Augnabliks og Afríku, en myndin sýnir greinilega Dejan Bilic en ekki Abdel Hamid Oulad Idriss þessu til stuðnings legg ég tölvupóst frá Neista H. þar sem Hjalti, skráður sem gjaldkeri Neista H., tekur það skýrt fram að þetta sé mynd af Dejan Bilic.

**Vitni**
Andri Úlfarsson (140878-3329)
Geir Oddur Ólafsson (011179-3639)
Kristinn Jakobsson, dómari leiksins (110669-3139)

*F.h. Augnabliks,*
*Hjálmar Örn Jóhannsson*

*Greinargerð Afríku*

Í ljósi þess að "bæði" ákæru atriði eru rétt, verðum við að bíta það súra epli að viðkomandi leikur verði dæmdur okkur tapaður 3-0. Lið Afríku vill að eftirfarandi komi skýrt fram:

a) Viðkomandi leikmaður Dejan Bilic fékk úthlutað varamannaskyrtu í byrjun og auðvitað hefði nafn hans átt að koma fram sem leikmaður nr. 13. Hann átti ekki að spila, en þar sem leikmaður nr. 3 mætti ekki, þá lét aðstoðarþjálfari Afríku þennan Dejan spila leikinn. Við sem stöndum að Afríku liðinu þurfum að átta okkur betur á mikilvægi þess að leikskýrslur séu kláraðar fyrir leik, og tilkynna dómara ef seinkun er á leikmönnum okkar. Við lærum af þess og munum leggja okkur alla fram um að svona komi ekki fyrir aftur. Þá hefði fyrirliði Afríku og þjálfari liðsins Zico átt að tilkynna aðstoðarþjálfaranum að þetta gengi ekki, því það vantaði 1 dag upp á að viðkomandi leikmaður væri löglegur. Aðstoðarþjálfarinn var þess vegna í "góðri trú" þegar hann lætur leikmanninn byrja inn á.

b) Þessi nýi leikmaður vildi eðlilega spila og það skrifast á Zico að hafa ekki áttað sig á að þarna munaði 1 degi á að leikmaður yrði orðinn löglegur. Mikið stress og spenna í kringum þennan fyrsta leik er hans eina afsökun á þessum mistökum.

Eðlilega þykir okkur leikmönnum Afríku og aðstandendum liðsins þetta mjög leitt. Við biðjumst afsökunar á þessu atviki og þar sem þetta er í fyrsta sinn sem svona mistök gerast hjá okkur vonum við að tekið verði tillit til þeirrar staðreyndar. Vissulega finnst okkur að við eigum að fara áfram, en því miður verður okkur dæmdur þessi leikur tapaður. Við vonumst til að dómstóllinn sýni okkur skilning á ofangreindum atriðum.

*Virðingarfyllst*
*Nour Natan Ninir*

## *Úrskurður dómstóls KSÍ*

Ár 2005, laugardaginn 28. maí er dómþing dómstóls KSÍ háð af Gunnari Guðmundssyni. Fyrir er tekið málið nr 3/2005, Knattspyrnufélagið Augnablik gegn Knattspyrnufélaginu Afríku.

**Dómur**

Mál þetta er höfðað með kæru dagsettri 24. maí 2005 sem barst skrifstofu KSÍ sama dag. Kærandi er Knattspyrnufélagið Augnablik kt. 660195-2899, en hið kærða félag er Knattspyrnufélagið Afríka kt. 421202-2810.

**I. Dómkröfur**

Dómkröfur kæranda eru þær að úrslitum í leik Augnabliks og Afríku sem fram fór í Fífunni í 1. umferð Bikarkeppni karla þann 20. maí sl. verði breytt og leikurinn verði dæmdur tapaður fyrir Afríku 3-0 vegna ólöglegs leikmanns hjá þeim.

**Málsatvik, málsástæður og lagarök**

Málsatvikum, málsástæðum og lagarökum er þannig lýst í kæru:
Á leiksskýrslu hjá Afríku er skráður leikmaðurinn Abdel Hamid Oulad Idriss númer 3 en það er ekki réttur maður heldur spilaði leikmaður að nafni Dejan Bilic í þeirri treyju. Hann fékk hins vegar ekki leikheimild fyrr en 21/5.

Samkvæmt lögum þá þurfa menn að vera löglegir í sínum liðum og bannað er að skrá aðra en þá sem skráðir eru hjá viðkomandi félagi. Í raun er hér um tvennskonar brot að ræða: Annars vegar ólöglega rangur maður á leikskýrslu og svo spilar ólöglegur maður með þeim. Til frekari sönnunar hefur kærandi lagt fram mynd af hinum brotlega leikmanni í leikmannatreyju hins kærða félags.

**II.**

Hið kærða félag hefur fallist á kröfur kæranda í greinargerð sem dagsett er 25. maí sl. en þar segir orðrétt:

"Í ljósi þess að "bæði" ákæru atriði eru rétt, verðum við að bíta í það súra epli að viðkomandi leikur verði dæmdur okkur tapaður 3-0. Lið Afríku vil að eftirfarandi komi skýrt fram:

a) Viðkomandi leikmaður Dejan Bilic fékk úthlutað varamannaskyrtu í byrjun og auðvitað hefði nafn hans átt að koma fram sem leikmaður nr. 13. Hann átti ekki að spila, en þar sem leikmaður nr. 3 mætti ekki, þá lét aðstoðarþjálfari Afríku þennan Dejan spila leikinn. Við sem stöndum að Afríku liðinu þurfum að átta okkur betur á mikilvægi þess að leikskýrslur séu kláraðar fyrir leik, og tilkynna dómara ef seinkun er á leikmönnum okkar. Við lærum af þessu og munum leggja okkur alla fram um að svona komi ekki fyrir aftur.

Þá hefði fyrirliði Afríku og þjálfari liðsins Zico átt að tilkynna aðstoðarþjálfaranum að þetta gengi ekki, því það vantaði 1 dag upp á að viðkomandi leikmaður væri löglegur. Aðstoðarþjálfarinn var þess vegna í "góðri trú" þegar hann lætur leikmanninn byrja inn á.

b) Þessi nýi leikmaður vildi eðlilega spila og það skrifast á Zico að hafa ekki áttað sig á að þarna munaði 1 degi á að leikmaðurinn yrði orðinn löglegur. Mikið stress og spenna í kringum þennan fyrsta leik er hans eina afsökun á þessum mistökum.

Eðlilega þykir okkur leikmönnum Afríku og aðstandendum liðsins þetta mjög leitt. Við biðjumst afsökunar á þessu atviki og þar sem þetta er í fyrsta sinn sem svona mistök gerast hjá okkur vonum við að tekið verði tillit til þeirra staðreyndar. Vissulega finnst okkur að við eigum að fara áfram, en því miður verður okkur dæmdur þessi leikur tapaður. Við vonumst til að dómstólinn sýni okkur skilning á ofangreindum atriðum."

**III. Málsmeðferð**
Við skoðun á kærugögnum og leikskýrslu framangreinds leiks hefur dómsforseti komist að þeirri niðurstöðu að beita megi ákvæðum 8. greinar laga um dómstóla KSÍ varðandi flýtimeðferð. Var kærða gefinn kostur á að tjá sig um kæruefni sem hann og gerði eins of fram kemur hér að framan.

**IV. Niðurstaða**
Upplýst er í málinu og viðurkennt af hinu kærða félagi að leikmaðurinn Dejan Bilic hafi ekki fengið leikheimild með hinu kærða félagi fyrr en hinn 21. maí. sl. Þrátt fyrir það lék hann umræddan leik gegn kæranda þann 20. maí sl.

Telst framangreindur leikmaður ólöglegur samkvæmt orðalagi 1.tl. A-liðar í reglugerð KSÍ um félagaskipti og dæmist leikurinn tapaður hinu kærða félagi 3-0 samkvæmt 1. tl. greinar 4.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Kröfur kæranda eru því teknar til greina. Auk þess ber hinu kærða félagi að greiða sekt að fjárhæð kr. 12.000 til KSÍ vegna framangreinds brots sbr. 3. og 4. tl. greinar 4.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**Dómsorð**
Úrslitum í leik Augnabliks og Afríku í 1. umferð Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla sem fram fór þann 20. maí sl. skal breytt þannig að Augnablik er dæmt hafa unnið leikinn 3-0. Hinu kærða félagi Afríku ber að greiða kr. 12. 000.- í sekt til KSÍ.

*F.h. dómstóls KSÍ*
*Gunnar Guðmundsson*

**Mál nr. 4**

**Knattpyrnufélagið Fram**
**gegn**
**Ungmennafélaginu Grindavík**

*Kæra Fram*
**Dómkröfur**
Þess er krafist að kæranda verði dæmdur sigur með markatölunni 3-0 í leik Fram og Grindavíkur í U23 B-deild, dags. 24. maí 2005.

**Málsatvik, málsástæður og lagarök**

Þann 24. maí 2005 fór fram leikur á milli Fram og Grindavíkur í U23 liði B deild á Framvelli. Leiknum lauk með jafntefli 1-1. Samkvæmt meðfylgjandi leikskýrslu virðast tveir leikmann kærða ekki hafa leikheimild með kærða þegar leikurinn fór fram. Þetta eru leikmennirnir Mario Mijatovic, kt. skráð 251080 og Mathias Jack, kt. skráð 150269. Þar sem ofangreindir leikmenn höfðu ekki leikheimild hjá kærða þá telur kærandi að um skýrt brot á hlutgengisákvæði reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, 1. mgr. greinar 1.2. sé að ræða, um að hlutgengir til þátttöku í knattspynumótum eru leikmenn sem eru félagar í því félagi sem þeir keppa með og uppfylla ákvæði reglugerðar KSÍ um félagaskipti leikmanna og stöðu félaga og leikmanna. Kærandi telur að ofangreindir leikmenn fullnægi ekki skýrum skilyrðum þessarar greinar, þar sem þeir eru ekki félagar í kærða og fullnægja ekki ákvæðum fyrrnefndar reglugerðar. Af fyrrnefndum sökum telur kærandi að lið kærða hafi mætt ólöglega skipað til leiks og með vísan til 1. mgr., greinar 4.3. í 4. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þá telst kærði hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3. Með vísan til ofagnreinds telur kærandi að dæma beri honum sigur í leik gegn kærða í U23 liði B- deildar með markatölunni 3-0.

**Gögn**

Afrit leikskýrslu

**Áskilnaður**

Kærandi áskilur sér rétt til að kalla vitni til skýrslutöku ef málatilbúnaður kærða gefur tilefni til ásamt því að koma fram með frekari gögn, málsástæður og lagarök.

*f.h. Knattspyrnufélagsins Fram*
*Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri*

### *Greinargerð Grindavíkur*

Okkur er og var það ljóst að við spiluðum með ólöglega menn í þessum umrædda leik og ætlum við ekki að halda uppi neinum vörnum vegna þess heldur eingöngu skýra hvers vegna við gerðum þetta vísvitandi.

Við höfðum samband við Fram og KSÍ fyrir leik og sögðum frá því að við hefðum hug á því að fá að nota tvo menn sem ekki voru komnir með leikheimild, KSÍ sagði að þeir myndu ekkert gera nema það kæmi kæra frá félaginu og því var haft samband við félagið og farið fram á það að þessir menn fengju að spila (eða með öðrum orðum hvort það væri eitthvað mál þeirra vegna) þarna var talað við Brynjar Jóhannesson framkv.stj. félagsins, sem sagði að þetta yrði ekkert mál og í raun bara gott þar sem menn myndu fá betri leik! En svo talaði Brynjar aftur við undirritaðan og tjáði honum að formaður félagsins væri mikill "prinsipp" maður í þessum efnum og gæti varla horft framhjá því að kæra leikinn ef hann ekki ynnist! Sjálfur talaði ég við Steinar og staðfesti hann mér það sama og Brynjar hafði sagt mér. Gerðum við okkur grein fyrir því að til þessa gæti komið en við ákváðum samt að mæta og spila þennan leik því það var afar mikilvægt fyrir okkur að því leyti að við vorum að ákveða hvort samið yrði við Mijatovic (sem var ekki gert vegna frammistöðu hans meðal annars í þessum leik) og einnig mikilvægt að koma Mathias Jack í smá tengingu við leik á Íslandi en hann lenti 1½ klst fyrir leik og fékk keppnisleyfi daginn eftir.

Fyrir okkur í Grindavík er þessi keppni afar mikilvæg að við teljum, því hún er búin til fyrir leikmenn sem eru að koma upp úr meiðslum, þá sem eru ekki í byrjunarliði og síðast en ekki síst til þess að stækka verkefni 2. flokks. Það er spurning hvort ekki mætti gefa út tækifærisleyfi í svona tilfellum því auðvitað er það einnig mikilvægt að það sé hægt að skoða leikmenn sem eru að koma þegar mót er hafið. Eins og þið sjálfsagt vitið hefur Grindavíkurliðið lent í miklum áföllum og er með marga menn meidda. Því hvarflaði það að okkur eitt augnablik að fara sömu leið og Framarar síðasta keppnistímabil að draga lið okkar úr keppni og verða þar af leiðandi valdir af því að þessi keppni yrði að engu, líkt og hún var í fyrra.

Niðurlag okkar er á þá vegu að við gerum okkur grein fyrir því að við breyttum ekki rétt, en engu að síður teljum við okkur ekki hafa haft um margt að velja, þ.e.a.s. þetta voru tveir slæmir kostir – annars vegar að draga lið okkar úr keppni eða spila þessum mönnum. Það má ekki gleyma fyrir hverju þessi keppni stendur - þetta er í raun varaliðskeppni aðalliðs félagsins og því verða menn að

meta það hverju sinni hvað því er fyrir bestu en þó ekki gleyma að gera U23 keppninni hátt undir höfði sem ég tel okkur Grindvíkinga hafa gert frá upphafi! Við vonum við að niðurstaða dómstóls KSÍ verði sú að við verðum áminntir með trú um að þetta þurfi ekki að koma fyrir aftur.

*Virðingarfyllst,*
*f.h. Knattspyrnudeildar Grindavíkur*
*Ingvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri*

***Úrskurður dómstóls KSÍ***

Ár 2005, fimmtudaginn 2. júní er háð dómþing í dómstól KSÍ af Halldóri Frímannssyni dómara. Fyrir er tekið málið nr. 4/2005, Knattspyrnufélagið Fram gegn Umf. Grindavík.

**Dómur**

Mál þetta er höfðað með kæru dagsettri 30. maí 2005 sem barst skrifstofu KSÍ sama dag. Kærandi er Knattspyrnufélagið Fram, Safamýri 28, Reykjavík og kærði Umf. Grindavík, Austurvegi 3, Grindavík.

**I. Dómkröfur**

Þess er krafist að kæranda verði dæmdur sigur með markatölunni 3-0 í leik Fram og Grindavíkur í U23 B-deild karla, dags. 24. maí 2005 sem fram fór á Framvelli.

**Málsatvik, málsástæður og lagarök kæranda**

"Þann 24. maí 2005 fór fram leikur á milli Fram og Grindavíkur í U23 liði B deild á Framvelli. Leiknum lauk með jafntefli 1-1. Samkvæmt meðfylgjandi leikskýrslu virðast tveir leikmann kærða ekki hafa leikheimild með kærða þegar leikurinn fór fram. Þetta eru leikmennirnir Mario Mijatovic, kt. skráð 251080 og Mathias Jack, kt. skráð 150269. Þar sem ofangreindir leikmenn höfðu ekki leikheimild hjá kærða þá telur kærandi að um skýrt brot á hlutgengisákvæði reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, 1. mgr. greinar 1.2. sé að ræða, um að hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem eru félagar í því félagi sem þeir keppa með og uppfylla ákvæði reglugerðar KSÍ um félagaskipti leikmanna og stöðu félaga og leikmanna. Kærandi telur að ofangreindir leikmenn fullnægi ekki skýrum skilyrðum þessarar greinar, þar sem þeir eru ekki félagar í kærða og fullnægja ekki ákvæðum fyrrnefndar reglugerðar. Af fyrrnefndum sökum telur kærandi að lið kærða hafi mætt ólöglega skipað til leiks og með vísan til 1. mgr., greinar 4.3. í 4. kafla greinargerðar KSÍ um knattpyrnumót þá telst kærði hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3. Með vísan til ofagnreinds telur kærandi að dæma beri honum sigur í leik gegn kærða í U23 liði B- deildar með markatölunni 3-0."

**II.**

Hið kærða félag hefur fallist á kröfur kæranda í greinargerð sem dagsett er 31 maí sl. en þar segir orðrétt: "Okkur er og var ljóst að við spiluðum með ólöglega menn í þessum umrædda leik og ætlum ekki að halda upp neinum vörnum vegna þess, heldur eingöngu skýra hvers vegna við gerðum þetta vísvitandi."

**III. Málsmeðferð**

Eins og mál þetta er vaxið sætir það flýtimeðferð skv. 8. grein laga um dómstóla KSÍ.

**IV. Niðurstaða**

Upplýst er í málinu og viðurkennt af hinu kærða félagi að leikmennirnir Mario Mijatovic nr. 17 á leikskýrslu og Mathias Jack nr. 19 á leikskýrslu voru ekki með gilda leikheimild með félaginu í leik liðanna sem fram fór 24. maí sl. Kærði hefur gengist við broti sínu og lýst því yfir að hann ætli ekki halda uppi vörnum í málinu. Af ofangreindu er því ljóst að kærði mætti með ólöglega skipað lið til leiks í leik liðanna sem fram fór 24. maí sl á Framvelli og lyktaði með markatölunni 1-1. Brotið varðar við 1. mgr. 4.3 í 4. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót sem leiðir til þess að kærði dæmist tapa leiknum með markatölunni 3-0. Jafnframt er kveðið á um það í 3. tl. 4.4 í 4. kafla að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks skuli sæta sekt að upphæð allt að kr. 24.000. Eins og mál þetta er vaxið þykir hæfileg sekt kr. 12.000. Kærði dæmist skv. þessu tapa ofangreindum leik með markatölunni 3-0 og skal kærði greiða kr. 12.000 í sekt til KSÍ.

**Dómsorð**

Úrslitum í leik Knattspyrnufélagsins Fram og Umf. Grindavík í U23 B-deild karla sem fram fór á Framvelli þann 24. maí sl. skal breytt þannig að Knattspyrnufélagið Fram dæmist hafa unnið leikinn með 3-0. Hið kærða félag Umf. Grindavík skal greiða kr. 12. 000 í sekt til KSÍ.

*F.h. dómstóls KSÍ*
*Halldór Frímannsson*

**Mál nr. 5**
**Ungmennafélagið Tindastóll**
**gegn**
**Ungmennafélaginu Aftureldingu**

*Kæra Tindastóls*
**Dómkröfur**
Kröfur Umf. Tindastóls eru að úrslit í leik Umf. Aftureldingar og Tindastóls sem fram fór 01.07.2005 kl. 20.00 á Varmárvelli verði dæmd ógild og að liði Tindastóls verði dæmdur sigur í leiknum, 0-3.

Málsatvik eru þau að á fundi aganefndar KSÍ þann 28.06.05 var leikmaður Aftureldingar, Björn Sigurbjörnsson kt. 030581-4969 dæmdur í leikbann vegna fjögurra gulra spjalda. Í leik Aftureldingar og Tindastóls sem fram fór 01.07.05, var umræddur leikmaður Björn Sigurbjörnsson skráður á leikskýrslu sem sjúkraþjálfari og var því í tengslum við liðið meðan á leik stóð.

**1.**
Kæran byggir á því að Umf. Afturelding hafi verið með ólöglega skipað lið skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 4.3.1. "Lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema að tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða." Einnig byggir kærandi á starfsreglum aganefndar, grein 8.5 þar sem fjallað er um brottrekstur starfsliðs og í grein 8.6 þar sem fjallað er um hvernig starfsmaður skuli taka út bann sem hann hefur hlotið.

**2. Málsrök**
Málsrök kæranda eru þau að grein 4.3.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sé skýrlega tekið fram að ef lið notar leikmann, þjálfara eða forsvarsmann sem er í leikbanni, þá teljist liðið hafa tapað leiknum. Engin rök eru fyrir því að skýra þessa grein rúmt enda verða knattspyrnulið sem taka þátt í mótum á vegum KSÍ að treysta því að það sé farið eftir þeim reglum sem KSÍ setur.

**3. Sönnunargögn:**
Kærandi vísar fram leikskýrslu umrædds leiks.

*Fyrir hönd Tindastóls*
*Björn Ingi Óskarsson*

*Greinargerð Aftureldingar*
**Kröfur**
Varnaraðili krefst þess aðallega að vera sýknaður af kröfum sóknaraðila.
Til vara er krafist að beitt verði vægari refsingu.

**Málflutningsumboð**
Grímur Sigurðarson hdl. gætir hagsmuna stefnda í máli þessu.

**Málavextir**
Helstu málsatvik eru þau að Anna Gísladóttir, formaður meistaraflokksráðs knattspyrnudeildar Aftureldingar, útbjó leikskýrslu fyrir leik Aftureldingar og Tindastóls sem fór fram á Varmárvelli 1. júlí 2005. Anna gerði þau mistök í ritun leikskýrslunnar að skrifa nafn Björns Sigurbjörnssonar kt. 030581-4969, á leikskýrsluna sem sjúkraþjálfara. Björn hafði hinsvegar verið úrskurðaður í leikbann þann 28. júní. sl. og mátti því ekki vera á skýrslunni. Anna skráði Björn sem sjúkraþjálfara þar sem sjúkraþjálfari varnaraðila, Erla Ólafsdóttir, komst ekki í leikinn.

Anna var sjálf skráð á skýrsluna sem forráðamaður og var á bekknum. Rétt fyrir leik hitti Anna Björn utanvallar. Sagði Anna þá við Björn að hún hefði skráð hann sem sjúkraþjálfara á leikskýrsluna. Björn sagðist þá vera í leikbanni og mætti ekki koma nálægt liðinu. Þar sem leikurinn var hafinn gat Anna ekki stöðvað hann til að útskýra mistökin fyrir dómurum leiksins. Anna leitaði því að eftirlitsdómaranum, Guðmundi J. Jónssyni, og fann hann þegar u.þ.b. 5-10 mínútur voru búnar af leiknum. Anna útskýrði mistökin fyrir Guðmundi og sagði honum jafnframt að Björn hefði ekki á nokkurn hátt komið nálægt leiknum og að hann hefði hvorki verið á bekknum né inni í búningsklefanum fyrir leikinn. Í kjölfarið ræddi Anna svo við Einar Guðmundsson, sem er dómari sem var staddur á leiknum. Anna bað Einar að ræða við dómara leiksins í hálfleik og láta þá vita af mistökum sínum. Einar ræddi svo við dómara leiksins í hálfleik og útskýrði fyrir þeim mistökin.

Eins og kemur fram hér að framan er ljóst að varnaraðili notaði ekki leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, sbr. 4.3.1. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og er því kröfum sóknaraðila alfarið hafnað.

**Röksemdir varnaraðila um aðalkröfu**
Óumdeilt er að Björn var á leikskýrslu í umræddum leik þó hann væri í leikbanni. Því er þó harðlega mótmælt, sem segir í kæru sóknaraðila, að varnaraðili hafi notað leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, sbr. 4.3.1. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Þvert á móti kom Björn Sigurbjörnsson aldrei nálægt leiknum, heldur var á meðal áhorfenda fyrir leikinn og á meðan á honum stóð. Þar af leiðandi liggur fyrir að Afturelding notaði Björn ekki eins og skilyrði er samkvæmt 4.3.1. gr. reglugerðarinnar. Varnaraðili telst því ekki hafa brotið gegn umræddu ákvæði.

Auk framangreinds er vísað í úrskurð dómstóls KSÍ 2. september 1992, í máli Íþróttafélagsins Leifturs gegn Íþróttafélagi Reykjavíkur. Málsatvik voru mun alvarlegri í því máli, því þá var um tvo leikmenn að ræða sem báðir voru í banni og voru skráðir í liðsstjórn á leikskýrslu. Þar sem ekki var sannað að hið kærða félag hefði "notað" leikmennina var ekki talið að ákvæði greinarinnar hefðu verið brotin.

**Um varakröfu**
Vísað er til ofangreindra raka um aðalkröfu í öllum meginatriðum.

**Vitni**
Varnaraðili hyggst leiða fyrir dóminn eftirtalin vitni:
1. Anna Gísladóttir, formaður meistaraflokksráðs Aftureldingar.
2. Björn Sigurbjörnsson, leikmaður Aftureldingar.
3. Einar Guðmundsson. Var vitni að umræddu atviki.
4. Guðmundur J. Jónsson, eftirlitsdómari.
5. Óskað er eftir því að leiða dómara leiksins, ásamt aðstoðardómurum sem vitni.

**Áskilnaður til að leggja fram frekari gögn og fleira**
Varnaraðili áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn í máli þessu. Þá áskilur varnaraðili sér rétt til að koma að frekari röksemdum og að yfirheyra vitni. Stefndi mótmælir einnig öllum kröfum og röksemdum sóknaraðila sem röngum og órökstuddum og áskilur sér rétt til að fjalla betur um þær, bæði í málflutningi og með framlagningu gagna.

*Virðingarfyllst,*
*f.h. varnaraðila,*
*Grímur Sigurðarson hdl.*

## *Úrskurður dómstóls KSÍ*
Ár 2005, fimmtudaginn 29. júlí, er dómþing dómstóls KSÍ háð á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli, af Ásbirni Jónssyni dómara. Fyrir er tekið málið nr. 5 / 2005, Umf: Tindastóll gegn Umf. Aftureldingu.

Lagt er fram:

| | | |
|---|---|---|
| Nr. | 1. | Kæra dags. 7. júlí 2005. |
| Nr. | 2. | Afrit af úrskurði aganefndar frá 7. júlí 2005 |
| Nr. | 3. | Afrit leikskýrslu v/ leiks Aftureldingu og Tindastóls dags. 1. júlí |

Nr. 4. Greinargerð Aftureldingar dags. 15. júlí 2005.

Af hálfu sóknaraðila sækir þing Hugi Halldórsson
Af hálfu varnaraðila sækir þing Grímur Sigurðarson, hdl.

Engin frekari gögn eru lögð fram
Forsvarsmenn aðila áskilja sér rétt til að leggja fram ný gögn við aðalmeðferð málsins.
Dómari leitar sátta með aðilum án árangurs.
Ákveðið er að aðalmeðferð málsins fari fram 4. ágúst kl. 15:00.
Upplesið, staðfest rétt bókað.

*Dómþingi slitið,*
*Ásbjörn Jónsson*

## *Úrskurður dómstóls KSÍ*

Ár 2005, fimmtudaginn 4. ágúst, er dómþing dómstóls KSÍ háð á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli, af Ásbirni Jónssyni dómara. Fyrir er tekið málið nr. 5 / 2005, Umf. Tindastóll gegn Umf. Aftureldingu.

Skjöl málsins nr. 1-4, liggja frammi.
Af hálfu sóknaraðila sækir þing Hugi Halldórsson
Af hálfu varnaaraðila sækir þing Grímur Sigurðarson hdl.
Forsvarsmaður sóknaraðila leggur engin ný gögn fram

Forsvarsmaður varnaraðila leggur fram:
Nr. 5. Yfirlýsing frá dómara leiksins
Nr. 6. Yfirlýsing frá aðstóardómara leiksins
Nr. 7. Yfirlýsing frá eftirlitsmanni KSÍ
Nr. 8. Yfirlýsing frá Einari Guðjónssyni, áhorfanda
Nr. 9. Yfirlýsing frá leikmönnum, þjálfurum og meistaraflokksráði Aftureldingar

Engin frekari gögn eru lögð fram.
Forsvarsmenn aðila lýsa gagnaöflun lokið.

Þá er tekin vitnaskýrsla af Önnu Gísladóttur formanni meistaraflokksráðs varnaraðila. Vitnið segist bera ábyrgð á skráningu varnaraðila í leikskýrslu, vitnið segist fyrirfram hafa vitað af leikbanni Björns, en segist hafa ruglast sökum mikils erills á leikdag og sett nafn Björns í skýrsluna án vitneskju leikmannsins, þjálfara né nokkurs annars fyrirsvarsmanns félagsins. Vitnið segist hafa hlaupið út á völlinn og reynt að kalla á aðstoðardómarann um leið og hún áttaði sig á mistökunum, en ekki reyndist mögulegt að ná samtali við dómara fyrr en í hálfleik, enda var verið að flauta leikinn á er hún kom að leiksvæðinu. Vitnið segir Björn aldrei hafa verið inni á vellinum né á bekknum. Vitnið segist ekki hafa látið forráðamenn Tindastóls vita enda stressuð og reyndi að finna dómara og eftirlitsmenn. Vitnið segir að ástæða þess að skýrslu leiksins var breytt þegar hún kom á vef KSÍ væri að hún hafi haldið að dómarar leiksins hefðu látið breyta henni, vitnið segir þetta einnig hafa verið sín mistök.

Þá er tekin vitnaskýrsla af Birni Sigurbjörnssyni. Vitnið segir að þegar hann kom að leikvanginum hafi verið að flauta leikinn á og í hliðinu hitti hann vitnið Önnu Gísladóttur sem segir honum að hún hafi sett vitnið á leikskýrslu. Vitnið segist þá hafa sagt henni að það mætti hann ekki enda væri hann í leikbanni, þá hafi Anna hlaupið af stað og beðið hann að bíða í miðasölunni á meðan. Vitnið segir Birgi Birgisson, Guðfinn Ómarsson, Hall Hallson og Ingva Hreinsson hafa setið við hlið hans í stúkunni það sem eftir lifði leiks.

Þá er tekin skýrsla af vitninu Einari Erni Daníelssyni aðstoðardómara leiksins, í gegnum fjarfundarbúnað. Vitnið segir að honum hafi komist til eyrna í hálfleik að maður sem var í banni væri fyrir mistök skráður í leikskýrslu. Vitnið sagðist ekki hafa viljað leiðrétta skýrsluna í hálfleik, enda þá búið að dreifa henni til þeirra aðila sem eftir hafi sótt. Vitnið sagðist kannast við Björn frá því í yngri flokkunum og að hann hafi ekki komið inn á leiksvæðið né setið á bekknum á meðan á leiknum stóð.

Munnlegur málflutningur fer nú fram.
Fyrstur tekur til máls forsvarsmaður sóknaraðila Hugi Halldórsson. Hann gerir sömu kröfur og í kæru á dskj. 1. Forsvarsmaðurinn rekur málavexti, reifar málsástæður og lagarök sóknaraðila, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í úrskurð með venjulegum fyrirvara.

Þá tekur til máls forsvarsmaður varnaraðila Grímur Sigurðarson hdl. Hann gerir sömu kröfur og í greingerð á dskj. 4. Forsvarsmaðurinn rekur málavexti, reifar málsástæður og lagarök sóknaraðila, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í úrskurð með venjulegum fyrirvara.

Þá veitir andsvör forsvarsmaður sóknaraðila
Þá veitir andsvör forsvarsmaður varnaraðila.

Málflytjendur leggja málið í dóm.
Málið er dómtekið.
Upplesið, staðfest rétt bókað.

*Dómþingi slitið*
*Ásbjörn Jónsson*

## *Dómur*

**I.**
Ár 2005, fimmtudaginn 11. ágúst , er dómþing dómstóls KSÍ, á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli, Reykjavik, af Ásbirni Jónssyni dómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 5/2005: Umf. Tindastóll Knattspyrnudeild gegn Umf. Aftureldingu Knattspyrnudeild í mfl. karla 2. deild, sem dómtekið var 4. ágúst síðastliðinn að lokinni aðalmeðferð málsins.

Málið höfðaði Umf. Tindastóll, Knattspyrnudeild með kæru dags. 7. júlí 2005 á hendur Umf. Aftureldingu, Knattspyrnudeild. Kærandi kærir leik liðanna í mfl. karla 2. deild á Íslandsmóti KSÍ sem fram fór þann 1. júlí kl. 20:00 á Varmarvelli og lauk með sigri Aftureldingar með 5 mörkum gegn engu marki Tindastóls.

**Dómkröfur kæranda**
Þess er krafist að úrslit leiksins verði ógild og að kæranda verði dæmdur sigur í leiknum 0-3.

**Dómkröfur kærða**
Afturelding krefst sýknu af kröfum kæranda og þar með að úrslit leiksins verði látin standa.

**II.**
Kærandi byggir málatilbúnað sinn m.a. á eftirfarandi:
"Málsatvik eru þau að á fundi aganefndar KSÍ þann 28.06.05 var leikmaður Aftureldingar, Björn Sigurbjörnsson kt. 030581-4969 dæmdur í leikbann vegna fjögurra gulra spjalda. Í leik Umf. Aftureldingar og Umf. Tindastóls sem fram fór 01.07.05 kl. 20.00, var umræddur leikmaður Björn Sigurbjörnsson skráður á leikskýrslu sem sjúkraþjálfari og var því í tengslum við liðið meðan á leikur fór fram. Kæran byggir á því að Umf. Aftureldingar hafi verið með ólöglega skipað lið skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 4.3.1. ....... Málsrök kæranda eru þau að í grein 4.3.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sé skýrlega tekið fram að ef lið notar leikmann, þjálfara eða forsvarsmann sem er í leikbanni, þá teljist liðið hafa tapað leiknum. Engin rök eru fyrir því að skýra þessa grein rúmt enda verða knattspyrnulið sem taka þátt í mótum á vegum KSÍ að treysta því að það sé farið eftir þeim reglum sem KSÍ setur."

**III.**
Kærði byggir málatilbúnað sinn á eftirfarandi:
"Helstu málsatvik eru þau að Anna Gísladóttir, formaður meistaraflokksráðs knattspyrnudeildar Aftureldingar, útbjó leikskýrslu fyrir leik Aftureldingar og Tindastóls sem fór fram á Varmárvelli 1. júlí 2005. Anna gerði þau mistök í ritun leikskýrslunnar að skrifa nafn Björns Sigurbjörnssonar, kt. 030581-4969, á leikskýrsluna sem sjúkraþjálfara. Björn hafði hinsvegar verið úrskurðaður í leikbann þann 28. júní. sl. og mátti því ekki vera á skýrslunni. Anna skráði Björn sem sjúkraþjálfara þar sem sjúkraþjálfari varnaraðila, Erla Ólafsdóttir, komst ekki í leikinn.

Anna var sjálf skráð á skýrsluna sem forráðamaður og var á bekknum. Rétt fyrir leik hitti Anna Björn fyrir, utanvallar. Sagði Anna þá við Björn að hún hefði skráð hann sem sjúkraþjálfara á leikskýrsluna. Björn sagðist þá vera í leikbanni og mætti ekki koma nálægt liðinu. Þar sem leikurinn var hafinn gat Anna ekki stöðvað hann til að útskýra mistökin fyrir dómurum leiksins. Anna leitaði því að eftirlitsdómaranum, Guðmundi J. Jónssyni, og fann hann þegar u.þ.b. 5-10 mínútur voru búnar af leiknum. Anna útskýrði mistökin fyrir Guðmundi og sagði honum jafnframt að Björn hefði ekki á nokkurn hátt komið nálægt leiknum og að hann hefði hvorki verið á bekknum né inni í búningsklefanum fyrir leikinn. Í kjölfarið ræddi Anna svo við Einar Guðmundsson, sem er dómari sem var staddur á leiknum. Anna bað Einar að ræða við dómara leiksins í hálfleik og láta þá vita af mistökum sínum. Einar ræddi svo við dómara leiksins í hálfleik og útskýrði fyrir þeim mistökin.

Eins og kemur fram hér að framan er ljóst að varnaraðili notaði ekki leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, sbr. 4.3.1. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og er því kröfum sóknaraðila alfarið hafnað. Óumdeilt er að Björn var á leikskýrslu í umræddum leik þó hann væri í leikbanni. Því er þó harðlega mótmælt, sem segir í kæru sóknaraðila, að varnaraðili hafi notað leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, sbr. 4.3.1. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Þvert á móti kom Björn Sigurbjörnsson aldrei nálægt leiknum, heldur var á meðal áhorfenda fyrir leikinn og á meðan á honum stóð. Þar af leiðandi liggur fyrir að Afturelding notaði Björn ekki eins og skilyrði er samkvæmt 4.3.1. gr. reglugerðarinnar. Varnaraðili telst því ekki hafa brotið gegn umræddu ákvæði."

Kærði lagði fram yfirlýsingar frá fjölda vitna, þar á meðal dómara leiksins Reyni Þór Valgarðssyni, aðstoðardómara Einari Erni Daníelssyni og eftirlitsmanni leiksins Guðmundi J. Jónssyni um að hafa verið látnir vita um mistök Önnu Gísladóttur að hafa skráð Björn Sigurbjörnsson sem starfsmann á leiksskýrslu ýmist við byrjun leiksins eða í leikhlé. Þá kemur fram í skýrslu Guðmundar að honum hafi verið bent á að Björn sæti í stúkunni og kæmi ekkert nálægt leikmönnum eða sæti á bekknum. Þá lagði kærði fram ódagsetta yfirlýsingu frá leikmönnum meistaraflokks, þjálfara og meistaraflokksráði knattspyrnudeildar Aftureldingar þess efnis að Björn hafi hvergi komið að leiknum, var ekki á bekknum né aðstoðaði liðið á nokkurn hátt.

**IV.**

Fyrir dóminn hefur kærði leitt fram eftirfarandi vitni: Anna Gísladóttir, formaður meistaraflokksráðs knattspyrnudeildar Aftureldingar sem staðfesti mistök sín við að rita nafn Björns Sigurbjörnssonar sem sjúkraþjálfara á leikskýrsluna og að hún hafði tilkynnt þetta til eftirlitsmanns með leiknum og beðið hann um að koma leiðréttingu til dómara leiksins. Anna tjáði dómnum að upp hefði komist um mistökin er hún hitti Björn Sigurbjörnsson við miðasölu leikvangsins við upphaf leiks.
Þá kom fyrir dóminn Björn Sigurbjörnsson leikmaður og upplýsti dóminn að hann hafi á engan hátt komið nálægt framkvæmd leiksins hvorki á meðan á leik stóð né í hálfleik og dvaldi í stúku leikvallarins ásamt nokkrum nafngreindum kunningjum sínum. Þá staðfesti Einar Örn Daníelsson símleiðis yfirlýsingu sína og jafnframt upplýsti að hann kannaðist við Björn og að hann hefði séð hann sitja í stúku vallarins.

**V. Álit dómsins**

Það er óumdeilt í málinu að nafn Björns Sigurbjörnssonar er skráð, sem sjúkraþjálfari, í leikskýrslu Umf. Aftureldingar sem send var inn eftir leik Umf. Aftureldingar og Umf. Tindastóls þann 1. júlí sl. á Varmárvelli, en Björn var þá í leikbanni.

Með hliðsjón af yfirlýsingum svo og framburði vitna fyrir dómi þá telur dómurinn sannað að fyrrnefndur leikmaður hafði engin afskipti haft af áðurnefndum leik og hafi dvalið á áhorfendastæði allan leiktímann og í leikhléi. Þá er viðurkennt af forsvarsmanni kærða að hún hefði vegna mistaka ritað nafn Björns án vitneskju annarra forsvarsmanna Umf. Aftureldingar.

Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til að skýra beri orðið ,,notað" í gr. 4.3.1. á annan hátt en skv. almennri málvenju. Leikmaður telst því ekki hafa verið notaður nema hann hafi haft einhverju hlutverki að gegna við framkvæmd eða spilun leiksins. Vissulega veitir leikskýrsla vissar löglíkur fyrir því að þeir sem þar eru þar skráðir með ýmis hlutverk fyrir hönd hvor liðs, hafi verið ,,notaðir" í leiknum, en í ljósi vitnisburðar vitna og málsatvika allra eins og þau liggja fyrir dómnum í máli þessu,

þykir ósannað að hið kærða félag hafi ,,notað" Björn Sigurbjörnsson í merkingu 4.3.1 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, þrátt fyrir að hann hafi verið skráður sjúkraþjálfari á leikskýrslu, enda þykir sannað að hann var aldrei á leiktímanum, né í hálfleik, í aðstöðu til að geta gegnt skráðu hlutverki sínu, sem sjúrkaþjálfari liðsins né öðru hlutverki, fyrir hönd liðsins.

Hliðsjón er höfð af lögum um meðferð einkamála í héraði nr. 91/1991, svo og til reglna ÍSÍ við mat á sönnunaratriðum.

Það er rétt að sýkna kærða af kröfum kæranda.
Rétt er að benda á að röng færsla kærða á leikskýrslu er engu að síður ámælisverð.

**Dómsorð**
Kærði, Umf. Afturelding, skal vera sýknað af kröfum kæranda Umf. Tindastóls.

*f.h. dómstóls KSÍ*
*Ásbjörn Jónsson*

**Mál nr. 6**
**Ungmennafélagið Fjölnir**
**gegn**
**Knattspyrnufélaginu Val**

*Kæra Fjölnis*
**1. Dómkröfur**
Úrslit í leik Fjölnis og Vals 1-1 dæmd ómerk og Fjölni dæmdur sigur 3-0, þar sem Valur notaði leikmann sem með sannanlegum hætti fékk rautt spjald í leik Vals og Breiðabliks þann 11.7.2005.

**2. Málavextir**
Leikmaður Vals nr. 5 Einar Marteinsson fékk rautt spjald í leik Vals gegn Breiðabliki þann 11.7.2005. Þetta atvik er til á myndbandi. Af einhverjum ástæðum var þetta spjald ekki skráð í leikskýrslu. Síðan lék þessi leikmaður gegn Fjölni í næsta leik þann 19.7.2005.

**3. Lagatök**
Starfsreglur aganefndar KSÍ. 5.2. gr. Leikmaður sem er vísað af leikvelli skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik. Einn eða fleiri eftir atvikum.

**4. Röksemdir**
Leikmaður fær sannanlega rautt spjald. Dómari breytir rauðu spjaldi í gult eftir leikinn. Það er dómstólsins að meta hvort það er löglegt eða ekki.

**5. Sönnunargögn**
DVD–diskur með atviki þar sem leikmaður fær spjald í leik Vals og Breiðabliks. Leikskýrsla Valur – Breiðablik (netútgáfa). Leikskýrsla Fjölnir- Valur (netútgáfa). Kærandi mun ekki tefla fram vitnum þar sem þess er ekki talin þörf. Famlögð gögn málsins eru skýr. Andrés Ellert Ólafsson forsvarmaður kæranda mun skýra sönnunargögn ef þörf krefur.

*F.h. Fjölnis,*
*Andrés Ellert Ólafsson*

*Greinargerð Vals*
**Dómkröfur kærða**
Dómkröfur kærða eru þær að hafnað verði öllum kröfum kæranda og að úrslit í leik Fjölnis og Vals frá 19. júlí sl. (1-1) verði látin standa óbreytt.

**Málsatvik**
Leikmaður Vals nr. 5, Einar Marteinsson, fékk rautt spjald á lokamínútu leiksins, sem dómari tók til baka og breytti í gult spjald. Fram kemur á leikskýrslu frá viðkomandi leik að framangreindur

leikmaður hafi fengið áminningu á 80. mín. leiksins. Samkvæmt upplýsingum frá dómara leiksins, Guðmundi K. Sigurgeirssyni, var brot leikmannsins fólgið í "leikaraskap" inni í vítateig Breiðabliks. Dómarinn kveðst hafa lyft rauða spjaldinu í hita leiksins, en kveðst hafa áttað sig á því strax að refsingin væri of ströng og umfram reglur og því breytt ákvörðun sinni strax. Kveðst dómari hafa látið þjálfara Breiðabliks þegar í stað vita af breyttri ákvörðun sinni. Eftir atvikið var leikurinn flautaður af þannig að leikurinn hófst ekki aftur eftir breytta ákvörðun dómara. Þá kveðst dómari leiksins einnig hafa látið þjálfara 3. fl. karla hjá Fjölni vita um breytta ákvörðun sína þegar leitað var eftir upplýsingum frá kæranda um málsatvik.

**Rökstuðningur kærða**
Kærandi vísar til þess að leikmanni kærða nr. 5 hafi verið vísað af leikvelli og eigi því samkvæmt grein 5.2. í starfsreglum aganefndar KSÍ að fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik.

Af hálfu kærða er þessum staðhæfingum alfarið hafnað sem röngum og ósönnuðum. Kærði bendir á að leggja verði til grundvallar niðurstöðu í kærumálinu upplýsingar úr staðfestri leikskýrslu þar sem skráð er ákvörðun dómara um áminningu á 80. mín. vegna þess leikmanns sem um ræðir. Því er hafnað að leikmaðurinn hafi verið "sjálfkrafa" í leikbanni enda ekki til að dreifa ákvörðun eða úrskurði aganefndar um slíkt leikbann. Fyrir liggur að dómari leiksins breytti ákvörðun sinni um refsingu fyrir viðkomandi leikmann Vals úr rauðu spjaldi í gult enda var það mat dómara að rautt spjald fyrir "leikaraskap" væri of þung refsing fyrir agabrotið. Breytti dómarinn ákvörðun sinni strax og lét hlutaðeigandi vita af því. Var brotið á lokamínútu leiksins og því ekki um það að ræða að viðkomandi leikmaður hafi farið af leikvelli. Var leikurinn flautaður af í beinu framhaldi af breyttri ákvörðun dómarans. Um heimild dómara til að breyta ákvörðun sinni eins og á stóð þarf ekki að fjölyrða og er í þeim efnum að visað til Knattspyrnulaga KSÍ (grein 5), svo og þeirrar staðreyndar að leikurinn var ekki flautaður á að nýju eftir hið umdeilda atvik átti sér stað. Við þær aðstæður hafði dómarinn fulla heimild til að breyta ákvörðun sinni eins og gert var. Er í þessu sambandi vísað til 5. gr. knattspyrnulaganna um ákvarðanir dómara, en þar segir m.a. orðrétt: "Dómari getur því aðeins breytt úrskurði sínum, komist hann að raun um að hann sé rangur eða fer að eigin mati eftir ráðleggingum aðstoðardómara, enda hafi hann ekki hafið leik að nýju eða slitið leiknum."

Af hálfu kæranda er til þess vitnað að hið kærða atvik sé til á myndbandi. Á slíkum upplýsingum verður ekki byggt í málinu, enda gengi það í berhögg við ákvæði í 2.2. í starfsreglum aganefndar KSÍ þar sem fram kemur sú grundvallarregla að myndbandsupptökur skuli **ekki** notaðar við ákvörðun refsingar. Ekki á við undantekningarregla sömu málsgreinar, enda ekki til að dreifa upptöku frá viðurkenndri sjónvarpsstöð.

Þá er bent á að með kæru Fjölnis á hendur Val er verið að kæra atvik í leik Vals og Breiðabliks sem fram fór 11. júlí 2005. Þegar kæran barst til dómstóls KSÍ var liðinn lögmæltur 5 daga kærufrestur samkvæmt 5. gr. í lögum um dómstól KSÍ.

Áskilinn er allur réttur til að tefla fram vitnum til að skýra gögn málsins og atvik. Að öðru leyti en hér greinir er vísað til staðfestrar leikskýrslu vegna leiks Vals og Breiðabliks og gerðar kröfur kærða í málinu ítrekaðar.

***Úrskurður dómstóls KSÍ***
Ár 2005, miðvikudaginn 24. ágúst, er dómþing haldið hjá dómstóli KSÍ að Lagarási 4, Egilsstöðum, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara. Fyrir er tekið málið nr. 6/2005, Umf. Fjölnir gegn Knattspyrnufélaginu Val. Gögn málsins merkt nr. 1-6 liggja frammi í réttinum. Enginn er mættur í réttinn.

**Dómur**
**I.**
Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 25. júlí sl. Kærandi er Umf. Fjölnir, knattspyrnudeild, kt. 290193-3299, Dalhúsum 2, Reykjavík. Kærði er Knattspyrnudeild Vals, 3 flokkur karla, kt. 560683-0799, Hlíðarenda, Reykjavík. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ sama dag. Með símbréfi sama dag var kærða gefinn frestur til miðvikudagsins 3. ágúst til að skila greinargerð í málinu. Að beiðni kærða var sá frestur framlengdur til 8. ágúst 2005 vegna sumarleyfa. Þann 10. ágúst var málið þingfest og var málinu frestað til aðalmeðferðar sem fram fór á skrifstofu KSÍ í

Reykjavík mánudaginn 15. ágúst. Sama dag var málið tekið til dóms. Uppkvaðning dóms hefur dregist um tvo daga vegna annarra starfsanna dómara. Dómkröfur kæranda eru að úrslit í leik Fjölnis og Vals í 3. fl. karla verði dæmd ómerk og kæranda dæmdur sigur 3-0 í leiknum sem fram fór þann 19. júlí 2005. Leikurinn var liður í Íslandsmóti 3. flokks. Endanlegar dómkröfur kærða eru að öllum kröfum kæranda verði hafnað og úrslit leiksins verði látin standa óbreytt.

**II.**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að leikmaður Vals nr. 5, Einar Marteinsson, hafi fengið rautt spjald í leik Vals og Breiðabliks í sama aldursflokki þann 11. júlí 2005. Spjaldið hafi ekki verið skráð á leikskýrslu og leikmaðurinn hafi leikið næsta leik, sem hafi verið hinn kærði leikur. Máli sínu til stuðnings hefur kærandi lagt fram leikskýrslur beggja leikjanna og úrklippu af upptöku af leik Vals og Breiðabliks sem fram fór 11. júlí. Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til greinar 5.2. í starfsreglum aganefndar KSÍ.

**III.**

Kærði fellst á, að dómari hafi sýnt leikmanninum rautt spjald í leik Vals og Breiðabliks, en telur að dómari hafi breytt ákvörðun sinni og breytt því í gult spjald og því standi endanleg ákvörðun dómarans. Við aðalmeðferð málsins byggði kærði á því að spjaldið hafi verið veitt eftir að leikurinn hafði verið flautaður af, og því hafi honum á grundvelli 5. gr. knattspyrnulaganna verið heimilt að breyta úrskurði sínum. Í greinargerð er byggt á því að kæra hafi verið of seint fram komin, en fallist var á það við þingfestingu málsins að svo væri ekki.

**IV.**

Fyrir réttinn hefur verið lagt myndbandsskeið sem kærði hefur sérstaklega mótmælt að fái að komast að. Þar sem aðilar eru sammála um málsatvik kemur ekki til þess að taka þurfi afstöðu til myndbands-upptökunnar. Fyrir réttinn var leitt eitt vitni, dómari leiks Vals og Breiðabliks.

**V.**

Það er óumdeilt að leikur Vals og Breiðabliks þann 11. júlí 2005 í 3. fl. karla hafði verið flautaður af þegar leikmanni nr. 5 hjá Val var sýnt rauða spjaldið. Dómari leiksins bar fyrir dómnum, að ástæða spjaldsins hefði verið orðbragð leikmannsins við dómarann þegar leikurinn hafði verið flautaður af. Féllst kærði á þá atvikalýsingu þó í greinargerð hafi verið talið að um refsingu fyrir leikaraskap hafi verið að ræða. Við aðalmeðferð málsins var m.a. bókað eftir dómara leiksins um málsatvik:

Aðspurður kveðst vitnið muna vel eftir umræddu atviki. Málsatvik hafi verið þau, að þegar vel innan við mínúta (ca. 20 sek.) hafi verið eftir af leiknum hafi leikmaður Vals lent í samstuði við eigin leikmann og legið eftir í teignum í ca. 10 sekúndur. Þegar leikurinn hafi verið flautaður af hafi leikmaðurinn komið til vitnisins og viðhaft munnsöfnuð sem hafi leitt til þess að vitnið hafi sýnt leikmanninum rauða spjaldið. Skömmu síðar - áður en vitnið var kominn til búningsklefa síns eftir leikinn - hafi hann ákveðið að dómurinn væri of strangur og ekki í samræmi við dóm fyrr í leiknum í sambærilegu tilviki. Vitnið kveðst þá hafa tilkynnt þjálfara Breiðabliks að hann teldi gult spjald rétta refsingu í þessu tilviki og að það hafi verið við búningsklefa sem sú ákvörðun hafi verið tilkynnt. Leikskýrsla hafi svo verið fyllt út af vitninu í samræmi við þetta. Aðspurður kveður vitnið að nokkrar mínútur hafi liðið frá því að rauða spjaldið var veitt þar til að hann hafi ákveðið að breyta því í gult. Vitnið leggur áherslu á að hann hafi eftir á komist að þeirri niðurstöðu að umrætt brot hafi verið sambærilegt broti leikmanns Breiðabliks fyrr í leiknum sem refsað hafi verið fyrir með gulu spjaldi.

Fyrir liggur að ágreiningslaust er að leikmanninum var sýnt rautt spjald eftir að leik hafði verið slitið og að dómari tók þá ákvörðun nokkrum mínútum síðar að breyta því í gult spjald.

Í 5. gr. knattspyrnulaganna segir um ákvarðanir dómara:
"Úrskurðir dómarans varðandi atvik leiksins eru endanlegir. Dómarinn getur því aðeins breytt úrskurði sínum, komist hann að raun um að hann sé rangur eða fer að eigin mati eftir ráðleggingu aðstoðardómara, enda hafi hann ekki hafið leik að nýju eða slitið leiknum."

Munnsöfnuður við dómara áður en hann hefur vikið af leikvelli teljast til atvika leiks, sbr. 12. gr. knattspyrnulaganna um agarefsingar, en þar segir að dómarinn hafi vald til að grípa til agarefsinga frá þeirri stundu sem hann kemur inn á leikvöllinn og þar til hann fer af leikvellinum eftir að hafa flautað til leiksloka. Hugtakið leikvöll ber að túlka þröngt sbr. 1. gr. knattspyrnulaganna.

Af framansögðu leiðir, að ekki kemur til endurskoðunar hver rétt refsing fyrir munnsöfnuð leikmannsins er, þar sem endanlegt ákvörðunarvald þar um er í höndum dómara leiksins. Hér reynir því einungis á það, hvort dómara leiksins hafi verið heimilt að breyta úrskurði sínum eða ekki.

Í niðurlagi 5. gr. Knattspyrnulaganna er gert ráð fyrir því að dómari endurskoði og breyti úrskurði sínum eftir að leik hefur verið slitið.

Skýra verður ákvæðið með hliðsjón af 12. gr. knattspyrnulaganna svo, að heimild dómara til að ákveða agarefsingu falli niður, þegar hann hefur gengið af leikvelli eftir að hafa flautað leikinn af. Líta verður svo á, að þar með falli niður heimild dómarans til að endurskoða og breyta fyrri úrskurðum sínum, enda mjög rík regla að dómum um atvik leiks verði ekki breytt eftir á.

Af framburði vitnis er ljóst, að ákvörðuninni var ekki breytt fyrr en með tilkynningu til þjálfara Breiðabliks, en fram kom að vitnið hafði ekki tilkynnt þjálfara Vals sérstaklega um þetta. Var sú tilkynning framkvæmd utan við búningsklefa eftir leik, áður en dómari gekk til síns búningsklefa. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins, að dómara hafi þá ekki lengur verið heimilt til að taka ákvörðun um agaviðurlög, hvort sem það var að breyta fyrri ákvörðun eða taka nýja.

Verður því að fallast á það með kæranda, að leikmaður nr. 5 í liði Vals hafi fengið rautt spjald í leik sínum við Breiðablik og að hann hafi af þeim sökum átt að vera í leikbanni í næsta leik, sem var hinn kærði leikur. Þar sem leikmaðurinn lék þann leik, verði að ógilda úrslit leiksins og dæma kæranda sigur 3-0. Með vísan til ákvæða 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þykir rétt að kærði greiði kr. 10.000 í sekt.

**Dómsorð**
Valur telst hafa tapað leik gegn Fjölni í Íslandsmóti 3. flokks karla A sem fram fór 19. júlí 2005 með markatölunni 3-0. Valur greiði kr. 10.000 í sekt.

*Dómþingi slitið*
*Hilmar Gunnlaugsson*

## *Áfrýjun Vals*

**Dómkröfur**
Dómkröfur áfrýjanda, Knattspyrnufélagsins Vals, eru þær að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið að úrslit í leik Fjölnis og Vals í 3. fl. karla A frá 19. júlí 2005 verði látin standa óbreytt.

**Málsatvik**
Þann 11. júlí sl. fór fram leikur milli Vals og Breiðabliks í 3.fl. karla A. Dómari leiksins var Guðmundur K. Sigurgeirsson kt. 241255-3289. Á lokamínútu leiksins fékk leikmaður Vals nr. 5, Einar Marteinsson, rautt spjald fyrir munnsöfnuð, sem dómari tók til baka og breytti í gult spjald. Atvikið varð eftir samstuð leikmannsins og markvarðar Vals í vítateig Vals. Samkvæmt því sem dómari hefur upplýst hafði leikurinn verið flautaður af þegar leikmaður Vals viðhafði þann munnsöfnuð sem leiddi til agaviðurlaga hans. Dómarinn gaf leikmanninum spjaldið inni á vellinum og þar var hann einnig þegar hann breytti ákvörðun sinni. Að sögn dómarans lét hann þjálfara Breiðabliks þegar í stað vita af breytingu á ákvörðun sinni. Þjálfara Vals, Guðmundi Brynjólfssyni, var einnig frá upphafi kunnugt um hina breyttu ákvörðun dómarans, enda fylgdist hann með því sem fram fór á vellinum.

Í leikskýrslu frá viðkomandi leik kemur fram að leikmaður Vals nr. 5 hafi fengið áminningu á 80. mín. leiksins. Ákvörðun um að breyta fyrri úrskurði hefur dómarinn skýrt með því að hann hafi lyft rauða spjaldinum í hita leiksins, en áttað sig strax á því að refsingin væri of ströng og umfram reglur og auk þess í ósamræmi við fyrri ákvörðun í tilviki agaviðurlaga til leikmanns Breiðabiks, einnig fyrir munnsöfnuð.

Þann 25. júlí 2005 sendi Ungmennafélagið Fjölnir kæru á hendur Val til skrifstofu KSÍ, þar sem byggt er á því að leikmaður Vals nr. 5 hefði fengið rautt spjald í leik Vals og Breiðabliks, en spjaldið hefði af einhverjum ástæðum ekki veirð skráð í leikskýrslu. Færi leikmaðurinn sjálfkrafa í bann samkvæmt

starfsreglum aganefndar, gr. 5.2. og hefði leikmaðurinn því verið ólöglegur í leik Fjölnis og Vals þann 19. júlí. Þeim leik lauk með jafntefli.

Málið var þingfest fyrir dómstól KSÍ þann 10. ágúst sl. og frestað til aðalmeðferðar sem fram fór á skrifstofu KSÍ 15. ágúst. Hinn áfrýjaði dómur dómstóls KSÍ í málinu nr. 6/2005 var kveðinn upp þann 24. ágúst 2005. Niðurstaðan var tilkynnt með tölvubréfi dómara til skrifstofu Vals kl. 07.24 þann 25. ágúst 2005. Niðurstaða dómsins er svohljóðandi: "Valur telst hafa tapað leik gegn Fjölni í Íslandsmóti 3. fl. karla A sem fram fór 19. júlí 2005 með markatölunni 3-0. Valur greiðir kr. 10.000 í sekt."

**Rökstuðningur**
Áfrýjandi telur að dómur dómstóls KSÍ í málinu fái ekki staðist knattspyrnulögin og er dómnum áfrýjað í því skyni að fá dómsniðurstöðunni breytt á þá lund að úrslit í leik Vals og Fjölnis í Íslandsmóti 3.fl. karla A, sem fram fór þann 19. júlí sl., verði látin standa óbreytt. Færir áfrýjandi fyrir því eftirgreind sjónarmið:

1. Af hálfu Ungmennafélagsins Fjölnis er einvörðungu vísað til þess að leikmaður Vals nr. 5 hafi fengið rautt spjald og eigi að fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik á eftir og hafi dómari leiksins ekki haft heimild til að breyta ákvörðun sinni. Þessu er hafnað af áfrýjanda enda fá slík sjónarmið ekki staðist. Eins og atvikum var háttað í því tilviki sem um ræði hafði leikurinn verið flautaður af þegar dómarinn af leikmanninum rautt spjald

2. Á því er enn fremur byggt af hálfu áfrýjanda að ákvarðanir dómara séu endanlegar og því ráði úrslitum í málinu upplýsingar sem fram koma á leikskýrslu þeirri sem Guðmundur K. Sigurgeirsson dómari fyllti út að loknum leik Vals og Breiðabliks. Þar er að finna skráða áminningu á leikmann Vals nr. 5 á lokamínútu leiksins, annað ekki. Samkvæmt tilvitnaðri 5. gr. knattspyrnulaganna er skylda dómara að senda yfirvöldum leikskýrslu sem geymir upplýsingar um hvers kyns agarefsingar sem leikmenn og/eða forráðamenn liðs voru beittir, svo og um önnur atvik sem áttu sér stað fyrir leik, meðan á leik stendur, eða eftir leik. Samkvæmt greindu ákvæði er ljóst að heimild dómara til að ákveða agaviðurlög til leikmanns eftir leik er fyrir hendi og þá einnig heimild dómara til að breyta slíkri ákvörðun, jafnvel eftir að dómari hefur yfirgefið leikvöllinn, allt þar til skýrsla geymir endanlega ákvörðun dómara og við þá skýrslu ber að miða. Í hinum áfrýjaða dómi er ranglega á því byggt að dómari hafi yfirgefið leikvöllinn þegar hann breytti ákvörðun sinni. Jafnvel þótt svo hefði verið hefði það ekki skert heimild dómarans til að breyta ákvörðun sinni eins og gert var. Sjónarmið eða niðurstaða í aðra veru fær einfaldlega ekki staðist þar sem með því væri valdsvið dómara þrengt langt umfram það sem knattspyrnulögin gera ráð fyrir og áratugalöng framkvæmdavenja er fyrir. Gera lögin þannig ráð fyrir því að ákvörðun dómara um agaviðurlög sem tekin er í leik, verði ekki breytt af dómara <u>eftir að leik er lokið</u>. Það fengi ekki staðist tilvitnaða 5. gr. laganna. Óumdeilt er í málinu að atvikin voru ekki með því móti og því fær dómsniðurstaðan ekki staðist.

3. Bent er á að leikmaður Vals nr. 5, Einar Marteinsson, var ekki úrskurðaður í leikbann af aganefnd KSÍ. Slíkur úrskurður er forsenda leikbanns. Þá liggur fyrir að þjálfari Vals Guðmundur Brynjólfsson, vissi frá upphafi um að dómari hafði breytt ákvörðun sinni og skráð brotið sem áminningu í leikskýrslu. Því voru einfaldlega ekki til staðar neinar þær forsendur sem gátu staðið í vegi fyrir því að leikmaðurinn spilaði leik Fjölnis gegn Val þann 19. júlí 2005.

Áfrýjandi leyfir sér að hafna þeirri þröngu túlkun sem fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði á hugtakinu leikvöllur. Bent er á og að áréttað að knattspyrnulögin gera ekki ráð fyrir að valdheimildir dómara til ákvörðunar á agaviðurlögum takmarkist við leikvöllinn sjálfan, heldur má beita þeim eftir lok leiks utan sjálfs leikvallarins, jafnvel í búningsklefum, þannig að gilt sé, enda verði brotið skráð á leikskýrslu. Óskað er sérstaklega eftir því að vikið verði frá 1. mgr. 12. gr. laga um dómstóla KSÍ og áfrýjanda verði heimilað að leggja fram meðfylgjandi yfirlýsingu Guðmundar Brynjólfssonar þjálfara 3. fl. ka. hjá Val sem staðfestir það sem áfrýjandi heldur fram í greinargerð þessari um afstöðu þjálfarans. Þá er sérstaklega óskað eftir því af hálfu áfrýjanda að málið verði munnlega flutt fyrir dóminum.

*Virðingarfyllst*
*f.h. áfrýjanda*
*Jón Höskuldsson*

**Lýsing þjálfara Vals á atburðarás eftir leik**
Um leið og dómari flautar leikinn af þá er ég að ganga til þjálfara Breiðabliks að þakka honum fyrir leikinn, en þá lít ég aftur fyrir mig og sé að dómarinn lyftir rauðu spjaldi til Einars Marteinssonar. Einar gegnur til mín grátandi og segist einungis hafa sagt "hann felldi mig inni í teig". Er nokkur vandræðagangur á vellinum og samræður milli þjálfara, leikmanna og dómara. Skildist mér á dómara að hann hefði afturkallað rauða spjaldið. Þegar ég kem inn í Valsheimilið er dómarinn þar. Hann segir við mig að þetta hafi verið of strangur dómur og hann hafi breytt dómnum í gult spjald og muni skrifa það í skýrsluna. Eins og hann orðaði það við mig "Ég hljóp á mig" Einnig sagðist hann vera búinn að tilkynna þetta til þjálfara Breiðabliks. Síðan vildi hann tala við leikmanninn sjálfan og hann gerði það. Með þetta í farteskinu fór ég heim fullviss þess að leikmaðurinn væri bara með gult spjald. Ég velti þessu ekkert meira fyrir mér og í næsta leik notaði ég auðvitað leikmanninn.

*Guðmundur Garðar Brynjólfsson*
*Þjálfari 3. flokks karla í Val*

## *Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ*
Ár 2005, miðvikudaginn 7. september er dómþing áfrýjunardómstóls KSÍ háð á skrifstofu KSÍ, Laugardal, Reykjavík, af Guðmundi Péturssyni, Herði Felix Harðarsyni og Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni. Fyrir er tekið mál nr. 2/2005 Knattspyrnufélagið Valur gegn Ungmennafélaginu Fjölni.

**Dómur**
**I .**
Mál þetta dæma Guðmundur Pétursson, Hörður Felix Harðarson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson. Hinn áfrýjaða dóm kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari við dómstól KSI þann 24. ágúst sl. Dómsorð hins áfrýjaða dóms er svohljóðandi: " Valur telst hafa tapað leik gegn Fjölni í Íslandsmóti 3. flokks karla A sem fram fór 19. júlí 2005 með markatölunni 3-0. Valur greiði kr. 10.000.- í sekt."
Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og úrslit umrædds leiks standi óhögguð, en leiknum lyktaði með jafntefli 1-1. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

**II.**
Málavextir um það sem hér skiptir máli eru óumdeildir, en þeir eru eftirfarandi: Eftir leik Vals og Breiðabliks í Íslandsmóti 3. flokks karla A á Valsvelli þann 11. júlí sl. sýndi dómari leiksins, Guðmundur K. Sigurgeirsson, Einari Marteinssyni leikmanni Vals rautt spjald. Dómarinn breytti hins vegar þessari ákvörðun sinni áður en hann kom til búningsklefa og taldi gult spjald nægilega refsingu fyrir háttsemi leikmannsins. Hann kveðst hafa skýrt þjálfara Breiðabliks frá þessu við búningsklefa og þjálfara Vals mun einnig hafa verið kunnungt um breytta ákvörðun dómarans þegar í upphafi. Í skýrslu dómarans til KSI kemur fram að leikmanninum hafi verið veitt áminning. Umræddur leikmaður tók síðan þátt í hinum kærða leik og deila menn í máli þessu um það hvort dómaranum hafi verið heimilt að breyta rauðu spjaldi í gult eins og hann gerði, en eins og kunnugt er þýðir rautt spjald sjálfkrafa leikbann í næsta leik sbr.gr. 5.2 í starfsreglum aganefndar KSÍ.

**III.**
Það er álit dómsins að eins og mál þetta er vaxið hafi dómaranum verið heimilt að endurskoða ákvörðun sína eins og hann gerði. Hér vegur þyngst að mati dómsins að í skýrslu dómarans til KSÍ kemur fram að leikmanninum var aðeins veitt áminning. Samkvæmt þessu er það niðurstaða áfrýjunardómstólsins að hinum áfrýjaða dómi skuli hrundið og úrslit hins kærða leiks 1-1 skuli standa.

**Dómsorð**
Hinum áfrýjaða dómi er hrundið. Úrslit í leik Fjölnis og Vals í Íslandsmóti 3. fl. karla, sem fram fór þann 19. júlí sl 1-1 skulu standa.

*F.h. áfrýjunardómstóls KSÍ*
*Guðmundur Pétursson*
*Hörður Felix Harðarson*
*Vilhjálmur H. Vilhjálmsson*

**Mál nr. 7**
**Knattspyrnudeild Fylkis**
**gegn**
**Knattspyrnudeild Breiðabliks**

*Kæra Fylkis*

**1. Dómkröfur**
Að Fylki verði dæmdur sigur í leiknum 3-0.

**2. Málavextir**
Fylkir og Breiðablik 2 áttust við í 3. flokki kvenna mánudaginn 25. júlí 2005. Í liði Breiðabliks 2 var leikmaður sem spilaði síðasta leik með Breiðablik 1 í 3. flokki kvenna.

**3. Lagarök**
Í reglugerð nr. 9.8.12.1, lið nr. 6 kemur fram að "í því tilfelli þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir."

**4. Röksemdir**
Ástrós Eva Gunnarsdóttir lék með Breiðabliki 1 í leik gegn Fjölni 19. júlí 2005 og spilar síðan með Breiðabliki 2 í leik gegn Fylki 25. júlí sem er næsti leikur á eftir. Samkvæmt ofangreindum reglum er það óheimilt og var því lið Breiðabliks ólöglegt.

**5. Sönnunargögn**
Leikskýrsla leiks Fjölnis og Breiðabliks 19. júlí og skýrsla leiks Fylkis og Breiðabliks 2, 25. júlí.

**6. Vitni**
Kristján Ingason

*F.h. Fylkis*
*Hörður Guðjónsson, íþróttafulltrúi*

*Greinargerð Breiðabliks*

**Dómkrafa kærða**
Að úrslit leiksins verði látin standa eins og þau eru.

**Rökstuðningur**
Umræddur leikmaður, Ástrós Eva Gunnarsdóttir, lék umræddan leik með Breiðabliki 2 gegn Fylki þann 25. júlí 2005. Ástrós Eva Gunnarsdóttir hefur einu sinni verið með A liði síns félags og kom hún þá inn á síðustu 12 mínúturnar í leik Breiðabliks 1 við Fjölni þann 19. júlí. Taldi þjálfari hana löglega þar sem að hún var ekki með Breiðabliki í bikarkeppni SV gegn KR þann 22. júlí og hefði þar með hvílt einn leik og væri lögleg gegn Fylki þann 25. júlí.

**Vitni:**
Erna Þorleifsdóttir (180772-5969)

*Fyrir hönd Breiðabliks,*
*Úlfar Hinriksson*

*Úrskurður dómstóls KSÍ*

Ár 2005, miðvikudaginn 9.ágúst er dómþing Dómstóli KSÍ háð af Gunnari Guðmundssyni. Fyrir er tekið málið nr 7 /2005, Knattspyrnudeild Fylkis gegn Knattspyrnudeild Breiðabliks.

Mál þetta er höfðað með kæru dagsettri 28. júlí 2005 sem barst skriftofu KSÍ sama dag. Kærandi er Knattspyrnudeild Fylkis, kt. 571083-0199, Fylkisvegi 6, Reykjavík, en hið kærða félag er knattspyrnu-deild Breiðabliks kt. 260270-3469, Fífulind 4, Kópavogi.

**I. Dómkröfur**

Dómkröfur kæranda í kæru eru þær að úrslitum í leik Fylkis og Breiðabliks 2 sem fram fór þann 25. júlí sl. í 3. fl. á Íslandsmóti kvenna, verði breytt og Fylki dæmdur 3-0 sigur.

**Málsatvik, málsástæður og lagarök**

Málsatvikum, málsástæðum og lagarökum er þannig lýst í kæru: Leikmaðurinn Ástrós Eva Gunnarsdóttir lék með Breiðabliki 1 gegn Fjölni þann 19. júlí sl. Umræddur leikmaður er þar með ólöglegur samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 3.9.12.1. lið nr. 6, en þar segir orðrétt: "Í því tilfelli þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir."

**II.**

Hið kærða félag hefur andmælt kröfum kæranda með eftirfarandi hætti: Hið kærða félag krefst þess að úrslit verði láti standa óbreytt þar sem framangreindur leikmaður, Ástrós Eva Gunnarsdóttir hafi verið lögleg þar eð hún lék með A liði Breiðabliks í leik í SV bikarkeppni gegn KR þann 22. júlí sl. og hafði þar með hvílt í einn leik áður en hún tók þátt með Breiðabliki 2 í viðkomandi leik við Fylki þann 25. júlí.

**III. Niðurstaða**

Upplýst er í málinu með gögnum sem lögð hafa verið fram og jafnframt viðurkennt af hálfu hins kærða félags að leikmaðurinn Ástrós Eva Gunnarsdóttir lék með Breiðabliki 2 á Íslandsmóti 3. flokks kvenna þann 25.júlí sl. Telst framangreindur leikmaður samkvæmt skýru orðalagi greinar 3.9.12.1. lið nr. 6 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót ólögleg með Breiðabliki 2 og breytir þátttaka hennar í bikarkeppni engu varðandi túlkun framangreinds ákvæðis.

**Dómsorð**

Úrslit í leik Fylkis og Breiðabliks 2 í 3. flokki kvenna sem leikinn var á Íslandsmóti þann 25. júlí sl. skal breytt á þann veg að Fylkir telst hafa unnið hann 3-0.

*F.h. dómstóls KSÍ*
*Gunnar Guðmundsson*

**Mál nr. 8**
**Íþróttafélag Reykjavíkur**
**gegn**
**Leiftri/Dalvík**

*Kæra ÍR*

Með vísan til 5. gr. laga um dómstól Knattspyrnusambands Íslands, sbr. 6.gr. eru úrslit í leik ÍR og Leifturs/Dalvíkur í 2. deild karla sem fór fram þann 13. ágúst sl. kærð.

**1. Dómkröfur**

Af hálfu kæranda er þess krafist að úrslit í leik aðila málsins sem fram fór þann 13. ágúst 2005 kl. 16.00 á Dalvíkurvelli og lyktaði með jafntefli verði felld úr gildi og kæranda dæmdur sigurinn í leiknum. Að auki er þess krafist að Leiftur/Dalvík verði sektað með ítrasta hætti.

**Um kæruefnið**

Kæran grundvallast á því að þjálfari Leifturs Dalvíkur, Nói Björnsson, hafi tekið átt í framangreindum knattspyrnuleik þrátt hann væri í leikbanni skv. ákvörðun aganefndar KSÍ frá 9. ágúst og þannig hafi þjálfarinn gerst brotlegur við reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**2. Málavextir**

Málavextir eru í stuttu máli þeir að félögin áttust við á heimavelli Leifturs/Dalvíkur laugardaginn 13. ágúst sl. Í leikhléi, þegar leikmenn liðanna og dómarar gengu af leikvelli til búningsklefa, kom þjálfari Leifturs/Dalvíkur, sem var í leikbanni, Nói Björnsson, að leikmönnum og kallaði til aðstoðarþjálfara Leifturs/Dalvíkur og tók hann þar tali.

Björn Gunnarsson, liðsstjóri ÍR-inga, gerði strax athugasemd við þessa hegðun við dómara leiksins, Ólaf Ragnarsson, og aðstoðardómara, sem gengu honum næstir, og að hún samrýmdist ekki úrskurði KSÍ um leikbann Nóa Björnssonar. Dómarar sáu samtal Nóa og aðstoðarþjálfarans. (aðstoðardómarar voru Áskell Þór Gíslason og Bjarni Hrannar Héðinsson, skv. vef KSÍ). Lét Björn Gunnarsson fjórða dómara (Magnús Jónatansson) ennfremur vita af umræddu atviki og tilkynnti honum að framganga Nóa færi gegn úrskurði KSÍ og að ÍR áskildi sér rétt til þess að kæra leikinn. Steinar Gunnarsson í liðsstjórn ÍR varð vitni að athugasemdum Björns við dómarana.

**3. Málsástæður og lagarök**
Samkvæmt gr.4.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er skýrlega kveðið á um að lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, **þjálfara**, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skuli sú markatala ráða.

Afskipti Nóa Björnssonar þjálfara Leifturs Dalvíkur af leiknum við þessar aðstæður munu, án vafa, hafa lotið að téðum leik, hann hafi verið að gefa liðstjóranum fyrirmæli um leikskipulag, fyrirskipanir og ábendingar til leikmanna Leifturs Dalvíkur o.þ.h. sem væri ætlað að hafa áhrif á leik liðsins gegn ÍR. Með því að Nói Björnsson átti framangreind samskipti við liðsstjóra Leifturs Dalvíkur á meðan á leik stóð er ljóst að þjálfarinn hafði slík afskipti af leiknum að hann telst hafa tekið þátt í honum, sem honum var algerlega óheimilt sökum leikbannsins.

Með hliðsjón af framangreindu og gr. 4.3. í reglugerð um knattspyrnumót ber að taka kröfu kæranda til greina og dæma leikinn tapaðan fyrir Leiftur Dalvík, með úrslitunum 0-3. Um sektir vísast til gr.4.4. framangreindrar reglugerðar.

*F.h. ÍR*
*Hróbjartur Jónatansson, hrl.*

***Greinargerð Leifturs/Dalvíkur***
Vegna kæru knattspyrnuliðs ÍR sem fram kom eftir leik milli Leifturs/Dalvíkur og ÍR þann 13. ágúst síðastliðinn vill stjórn L/D taka fram eftirfarandi: Atvikum háttaði þannig að Nói Björnsson þjálfari okkar var í leikbanni í þessum leik. Hann var meðal áhorfenda og að loknum fyrri hálfleik ætlaði hann að ganga til bíls síns. Svo háttar til að leiðin frá áhorfendastæðunum að bílastæðunum liggur óhjákvæmilega um stíginn sem leikmenn og dómarar ganga eftir til búningsklefa. Nói segist hafa einsett sér að sniðganga leikmenn og þegar hann gekk yfir stíginn voru leikmenn og dómari löngu komnir til búningsklefa. Jónas Baldursson liðsstjóri liðsins, sem reyndar var aðeins liðsstjóri vegna óska Garðars Níelssonar sem er aðstoðarþjálfari en hafði ekki mætt á æfingar fyrir leikinn, var seinn fyrir og segist Nói hafa heilsað honum og þeir skipst á einsatkvæðisorðum. Að eitthvað hafði farið fram sem hafi haft áhrif á leikinn er útilokað á þeim stutta tíma sem þeir voru í talfæri.

Varðandi fullyrðingar ÍR-inga um að dómari og aðstoðardómarar hafi verið vitni að umræddu samtali þá virðast þær úr lausu lofti gripnar því ekkert er að finna um þann vitnisburð í leikskýrslu leiksins né í skýrslu eftirlitsdómara sem ÍR ingar telja þó að hafi líka séð hið rerfsiverða athæfi að minnsta kosti verið latinn vita af því. Við getum því ómögulega séð að hér sé um að ræða ástæðu til þess að kæra leikinn og þaðan af síður að sóa tíma dómstólsins. Við krefjumst því að málinu verði vísað frá dómstól KSÍ, gögn kæranda eru engin. Til vara krefjumst við sýknu.

***Úrskurður dómstóls KSÍ***
Ár 2005, fimmtudaginn 9. september er dómþing Knattspyrnudómstóls KSÍ háð af Gunnari Guðmundssyni. Fyrir er tekið mál nr. 8/2005, ÍR gegn Leiftri/Dalvík

**Dómur**

Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 17. ágúst sl. Kærandi er Knattspyrnudeild ÍR, Skógarseli 12, Reykjavík. Kærði er Leiftur/Dalvík, Sundlaug Dalvíkur, Dalvík. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 17. ágúst sl.

**I. Dómkröfur kæranda**

Kærandi krefst þess að úrslit í leik aðila málsins sem fram fór þann 13. ágúst 2005 kl. 16:00 á Dalvíkurvelli og lyktaði með jafntefli verði felld úr gildi og kæranda dæmdur sigur í leiknum. Kærði krefst þess að málinu verði vísað frá dómi en til vara sýknu.

**II. Málavextir**

Þjálfari kærða, Nói Björnsson, var í leikbanni þegar aðilar málsins áttust við þann 13. ágúst sl. og honum því óheimilt að stjórna liði sínu í leiknum. Í leikskýrslu kemur fram að Garðar Níelsson var þjálfari kærða í leiknum og Jónas Baldursson liðsstjóri. Á Dalvík þar sem leikurinn fór fram háttar svo til að búningsklefar leikmanna eru nokkuð frá keppnisvellinum og þurfa leikmenn og starfsmenn leiksins m.a. að ganga yfir bílastæði og inn á milli áhorfenda á leið sinni til og frá búningsklefum. Kærandi heldur því fram að í hálfleik hafi Nói Björnsson komið inn á svæði á eða við bílastæði sem eingöngu var ætlað fyrir leikmenn og starfsmenn leiksins. Þar hafi hann átt orðastað við Jónas Aðalsteinsson liðsstjóra. Dómara leiksins hafi verið bent á þetta og því jafnframt lýst yfir að ef úrslit leiksins yrðu önnur en sigur kæranda yrði atvikið kært. Kærði kveður atvik hafa verið með þeim hætti að í hálfleik hafi Nói Björnsson, sem hafi verið á meðal áhorfenda á leiknum, verið á leið í bíl sinn og því þurft að fara yfir stíginn sem ætlaður er leikmönnum. Hann hafi einsett sér að sniðganga leikmenn og þegar hann kom að stígnum hafi þeir og dómari verið löngu komnir til búningsklefa. Jónas Baldursson liðsstjóri ver seinn fyrir og þeir hafi heilsast og skipst á einsatkvæðisorðum. Telur kærði útilokað að eitthvað hafi farið fram sem gæti hafa haft áhrif á úrslit leiksins.

Undir rekstri málsins voru teknar skýrslur af vitnum. Björn Gunnarsson liðsstjóri ÍR kvaðst hafa verið á leið til búningsherbergja í hálfleik þegar hann tók eftir því að Nói Björnsson fór inn á svæði sem augljóslega hafi eingöngu verið fyrir leikmenn og starfsmenn leiksins og talaði við liðsstjóra Leifturs/Dalvíkur. Hann kvaðst hafa farið til dómara leiksins og gert athugasemdir við hann vegna þessa en dómarinn hafi séð Nóa og Björn talast við. Þá kvaðst hann hafa tilkynnt eftirlitsdómara um atvikið og jafnframt greint honum frá því að ef ÍR tapaði stigum yrði atvikið kært. Ólafur Ragnarsson dómari leiksins kvað Björn Gunnarsson hafa bent sér á að Nói Björnsson var á tali við annan mann sem aðstoðardómari hafi þekkt sem aðstoðarþjálfara Leifturs/Dalvíkur. Taldi hann að þeir hefðu ekki verið á stíg sem ætlaður er fyrir leikmenn a.m.k. hafi þeir ekki verið þar þegar hann gekk hjá. Hann hafi verið kominn nær búningsherbergjum en þeir og því þurft að snúa sér við til að sjá til þeirra.

Nói Björnsson bar að leikmenn þyrftu að ganga milli áhorfenda á leið sinni til og frá búningsherbergjum. Hann hafi verið á leið úr áhorfendastæðum í bíl sinn og leið hans hafi því legið yfir bílastæði þar sem leikmenn gangi. Hann kvaðst hafa kastað kveðju á Jónas, sem var á leið til búningsherbergja, en þeir hafi ekki rætt leikinn. Nói sagðist ekki muna hvar þeir voru nákvæmlega þegar þeir hittust en telur að það hafi verið á bílastæðinu. Hann kvaðst ekki muna hvernig svæði fyrir leikmenn og starfsmenn leiksins var merkt í þessum umrædda leik en það sé oft gert með keilum.

**III. Málsástæður og lagarök**

Sem rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar kærandi til greinar 4.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Þar er skýrlega kveðið á um að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, teljist hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3, nema tap hafi verið stærra, þá skuli sú markatala ráða. Telur kærandi að afskipti Nóa Björnssonar þjálfara Leifturs Dalvíkur af leiknum við þessar aðstæður hafi án vafa hafa snert leikinn, en hann hafi verið að gefa liðsstjóranum fyrirmæli um leikskipulag eða annað sem snerti leikmenn liðs þeirra. Því verði að ætla að hann hafi haft áhrif á leik liðsins. Kærandi telur að samskipti Nóa og liðsstjórans á meðan leik stóð leiði til þess að hann hafi tekið þátt í leiknum þrátt fyrir að honum hafi verið það óheimilt sökum leikbannsins. Við flutning málsins vísaði kærandi ennfremur til greinar 8.6 í reglugerð um aganefnd en samskipti þeirra Nóa og Jónasar hafi skýrlega verið brot á þeirri grein. Hvað sektir varðar vísar kærandi til greinar 4.4. í nefndri reglugerð um knattspyrnumót.

Kærði vísar í greinargerð sinni ekki til ákveðinna lagagreina máli sínu til stuðnings. Hann telur að samskipti Nóa og Jónasar hafi verið það lítil og staðið í svo stutta stund að útilokað sé að þau hafi haft áhrif á úrslit leiksins. Þá er á því byggt að Nói hafi einsett sér að sniðganga leikmenn og þjálfara liðs síns en hann hafi fyrir tilviljun rekist á Jónas sem hafi verið seinn fyrir á leið sinni til búningsherbergja en Nói hafi þurft að fara um þetta svæði til að komast í bifreið sína. Þá heldur kærði því fram að dómari eða aðstoðardómarar hafi ekki orðið vitni að samskiptum Nóa og Jónasar, a.m.k. sé ekkert að finna um slíkt í skýrslu dómara eða eftirlitsdómara um leikinn. Krafa kærða um frávísun málsins er ekki rökstudd sérstaklega.

**IV. Niðurstaða**
Að framan er málsatvikum lýst og framburður fyrir dómi rakinn. Fyrir liggur að Nói Björnsson þjálfari Leifturs/Dalvíkur var í leikbanni í umræddum leik. Þá er og óumdeilt að hann átti einhver samskipti við liðsstjóra liðsins í hálfleik en hvað þeim fór á milli er ekki vitað umfram það sem Nói bar fyrir dómnum. Kemur því til skoðunar hvort för Nóa yfir svæði sem eingöngu var fyrir leikmenn og aðra starfsmenn leiksins og samtal hans við Jónas Baldursson burtséð frá því hvað þeim fór á milli leiði til þess að hann hafi gerst brotlegur við reglur sem gilda um þjálfara í leikbanni.

Í gein 8.6. í starfreglum aganefndar segir m.a. svo: "Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómarar hafa gengið til búningsklefa að leik loknum. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellinum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt ...." Grein þessi er skýr og afdráttarlaus varðandi það hvar þjálfara í leikbanni er heimilt að vera á meðan á leik stendur. Þjálfara er óheimilt að vera þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt og verður að ætla að með ákvæðinu sé lagt bann við því að þjálfari hafi eða geti haft afskipti af liði sínu á meðan hann tekur út leikbann. Að þjálfara sé óheimilt að vera þar sem hann getur verið í sambandi við liðið verður ekki túlkað með öðrum hætti en að verið sé að reyna að koma í veg fyrir öll samskipti milli þjálfara og liðs hans. Það er því mat dómsins að með háttsemi sinni hafi Nói Björnsson gerst brotlegur við þessa grein og skiptir þá ekki máli hvað fór á milli hans og Jónasar Baldurssonar en telja verður að um það hafi kærði sönnunarbyrði. Háttsemi Nóa varðar við nefnda grein 4.3. og telst lið Leifturs/Dalvíkur þannig hafa verið ólöglega skipað í títtnefndum leik. Samkvæmt framanrituðu telst ÍR hafa unnið leikinn 3-0 en ekki þykir ástæða til að dæma Leiftur Dalvík til greiðslu sektar vegna þessa.

**Dómsorð**
ÍR telst hafa unnið leikinn gegn Leiftri Dalvík sem fram fór 13. ágúst 2005 með markatölunni 3-0.

*F.h. dómstóls KSÍ*
*Gunnar Guðmundsson*

**Mál nr. 9**
**Knattspyrnudeild Fylkis**
**gegn**
**Knattspyrnudeild Fram**

*Kæra Fylkis*
**1. Dómkröfur**
Að Fylki verði dæmdur sigur í leiknum 3-0.

**2. Málavextir**
Fylkir og Fram áttust við í undanúrslitum í 3. flokki karla B mánudaginn 5. sept. Fram tefldi fram tveimur leikmönnum sem byrjuðu inn á í síðasta leik með A-liði Fram. Samkvæmt reglum KSÍ eru þessir tveir leikmenn ólöglegir.

**3. Lagarök**
Samkvæmt reglugerð KSÍ nr. 3.9.4.1. lið nr. 5 kemur fram að allir leikmenn eru löglegir með B-liði utan þeir sem hófu leik með A-liði í síðasta leik eða komu inn á í fyrri hálfleik. Þessi regla var einnig gefin út í tengslum við þessa úrslitakeppni.

**4. Röksemdir**
Leikmenn Fram, Hlynur Atli Magnússon 110990-2669 og Þórir Guðjónsson 070491-2659, spiluðu leik með A-liði Fram gegn Víkingi í byrjunarliði þann 29. ágúst. Þeir spila síðan næsta leik á eftir með B-liði Fram á móti Fylki 5. september.

**5. Sönnunargögn**
Meðfylgjandi er skýrsla úr leik Víkings og Fram 29. ágúst 2005.
Meðfylgjandi er líka skýrsla úr leik Fylkis og Fram 5. september 2005.

**6. Vitni**
Kári Jónasson (kt. 280879-3639) og Kjartan Stefánsson (kt. 270272-5419).

*Greinargerð Fram*
1) Tilvitnun Fylkis í reglugerð KSÍ nr. 3.9.4.1. lið nr. 5 þar sem fram kemur að allir leikmenn séu löglegir með B-liði utan þeir sem hófu leik með A-liði í síðasta leik eða komu inn á í fyrri hálfleik. Þessi reglugerð var einnig gefin út í tengslum við þessa úrslitakeppni.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem þjálfari 3.fl. Fram fékk hjá KSÍ vegna þeirra leikja sem um ræðir var ekki talað um að þessi regla gilti, enda var litið á þessa B-liðs keppni sem tilraunaverkefni. Tímasetning á útgáfu reglugerðarinnar kemur í kjölfar leiks sem Fram átti við Víking og því nánast útilokað að geta tekið tillit til hennar þar sem leikurinn hafði þegar farið fram. Til viðbótar má geta þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust hjá KSÍ var talað um að hið hefðbunda gilti þ.e. að 11 leikjahæstu leikmenn A-liðs væru ekki gjaldgengir með B-liði.

Samkvæmt kæru eru tveir leikmenn tilgreindir sem spiluðu með A-liði gegn Víkingi, Hlynur Atli Magnússon kt. 110990-2669 og Þórir Guðjónsson kt. 070491-2659. Hlynur hefur leikið 5 leiki með A-liði Fram í sumar og er ekki einn af 12 leikjahæstu leikmönnum A-liðs Fram, Þórir er leikmaður 4.fl. Fram og hefur leikið einn leik með A-liði Fram í 3.fl.

2) Það liggur alveg ljóst fyrir að það var ekki tilgangurinn að styrkja B-lið Fram með leikmönnum A-liðsins, heldur er um að ræða stráka sem hafa verið að spila með B-liði Fram í sumar. Það er mín skoðun að það sé ekki knattspyrnunni til framdráttar að tilraunaverkefni sem þessi lendi í uppákomum sem þessari, sem eingöngu eru til þess fallinn að draga úr ágætri þróun og eflingar íþróttagreinarinnar. Það er von mín að málsaðilar geti náð sanngjarnri sátt um málið og hafið knattspyrnu framtíðarinnar yfir þrætumál sem þessi. Ég fer því fram á að niðurstöður leiksins standi, en að öðrum kosti verði spilað að nýju.

*Guðbjartur Ellert Jónsson*
*Formaður knattspyrnudeildar Fram*

*Úrskurður dómstóls KSÍ*
Ár 2005, mánudaginn 12. september er dómþing dómstóls KSÍ háð af Gunnari Guðmundssyni. Fyrir er tekið málið nr 9/2005, Knattspyrnudeild Fylkis gegn Knattspyrnudeild Fram.

**Dómur**
Mál þetta er höfðað með kæru dagsettri 6. september 2005 sem barst skrifstofu KSÍ sama dag. Kærandi er Knattspyrnudeild Fylkis kt: 571083-0199, en hið kærða félag er Knattspyrnudeild Fram kt: 660184-0589.

**I. Dómkröfur**
Dómkröfur kæranda í kæru eru þær að úrslitum í leik Fram og Fylkis sem fram fór mánudaginn 5. september sl. í úrslitakeppni Íslandsmóts B liða 3. flokks karla verði breytt og leikurinn verði dæmdur tapaður fyrir Fram 3-0.

**Málsatvik, málsástæður og lagarök kæranda**

Kærandi telur að Fram hafi teflt fram tveimur leikmönnum sem byrjuðu inn á í síðasta leik með A liði Fram. Hafi verið um að ræða leikmennina Hlyn Atla Magnússon kt. 110990-2669 og Þóri Guðjónsson kt. 070491-2659. Samkvæmt reglugerð KSÍ nr. 3.9.4.1. kemur fram að allir leikmenn séu löglegir með B liði utan þeirra sem hófu leik með A liði í síðasta leik eða komu inn á í fyrri hálfleik. Telur kærandi að þessi regla hafi einnig gilt í tengslum við úrslitakeppni 3 flokks B.

**II.**
Hið kærða félag hefur mótmælt fram komnum kröfum og er þess krafist að úrslit leiksins skuli standa en til vara að leikurinn verði leikinn að nýju. Orðrétt segir m.a. í greinargerð hins kærða félags: "Tilvitnun Fylkis í reglugerð KSÍ nr. 3.9.4.1. lið nr. 5 þar sem fram kemur að allir leikmenn séu löglegir með B-liði utan þeir sem hófu leik með A-liði í síðasta leik eða komu inn á í fyrri hálfleik. Þessi reglugerð var einnig gefin út í tengslum við þessa úrslitakeppni.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem þjálfari 3.fl. Fram, fékk hjá KSÍ vegna þeirra leikja sem um ræðir var ekki talað um að þessi regla gilti, enda var litið á þessa B-liðs keppni sem tilraunaverkefni. Tímasetning á útgáfu reglugerðarinnar kemur í kjölfar leiks sem Fram átti við Víking og því nánast útilokað að geta tekið tillit til hennar þar sem leikurinn hafði þegar farið fram. Til viðbótar má geta þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust hjá KSÍ var talað um að hið hefðbunda gilti þ.e. að 11 leikjahæstu leikmenn A-liðs eru ekki gjaldgengir með B-liði.

Samkvæmt kæru eru tveir leikmenn tilgreindir sem spiluðu með A-liði gegn Víkingi, Hlynur Atli Magnússon kt. 110990-2669 og Þórir Guðjónsson kt. 070491-2659. Hlynur hefur leikið 5 leiki með A-liði Fram í sumar og er ekki einn af 12 leikjahæstu leikmönnum A-liðs Fram, Þórir er leikmaður 4.fl. Fram og hefur leikið einn leik með A-liði Fram í 3.fl.

Það liggur alveg ljóst fyrir að það var ekki tilgangurinn að styrkja B-lið Fram með leikmönnum A-liðsins, heldur er um að ræða stráka sem hafa verið að spila með B-liði Fram í sumar."

**III. Málsmeðferð og ný gögn**
Við skoðun á kærugögnum og leikskýrslu framangreinds leiks hefur dómsforseti komist að þeirri niðurstöðu að beita megi ákvæðum 8. greinar laga um dómstóla KSÍ varðandi flýtimeðferð. Var kærða gefinn kostur á að tjá sig um kæruefni sem hann og gerði eins og fram kemur hér að framan.

Vegna þeirra fullyrðinga sem fram komu í máli þessu í greinargerð hins kærða félags óskaði dómari eftir því að mótanefnd KSÍ tjáði sig um þær fullyrðingar og hvort sérstök reglugerð hafi verið sett fyrir þessa úrslitakeppni. Hefur dómnum borist svar mótanefndar og afrit af tölvupósti til allra þátttökuliða í áðurnefndri úrslitakeppni með viðhengi þar sem er að finna þær reglur sem giltu um umrædda úrslitakeppni B-liða 3. flokks karla. Upplýst er að framangreindur tölvupóstur frá KSÍ var sendur til viðkomandi þátttökuliða hinn 31. ágúst 2005 eða 6 dögum fyrir umræddan leik Fylkis og Fram.

**IV. Niðurstaða**
Eins og fram hefur komið hér að framan gaf KSÍ út sérstakar reglur vegna áðurnefndrar úrslitakeppni B-liða í 3. flokki karla. Öllum fjórum þátttökuliðunum var tilkynnt um þessar reglur þann 31. ágúst sl., en fyrstu leikir úrslitakeppninnar áttu að fara þann 5. september sl. Annar þessara leikja var leikur Fylkis og Fram.

Í framangreindum reglum segir orðrétt: "Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins. Til viðbótar gildir að þeir 11 leikmenn A-liðs, sem hafa oftast hafa verið í byrjunarliði í Íslandsmóti á keppnistímabilinu eru ekki hlutgengir í úrslitakeppni B-liða." Upplýst er í málinu að framangreindir tveir leikmenn Fram þeir Hlynur Atli Magnússon kt. 110990-2669 og Þórir Guðjónsson kt. 070491-2659 voru í byrjunarliði A liðs Fram í næsta leik á undan. Af þeim sökum telst Fram, hið kærða félag hafa brotið gegn ákvæði þessu og dæmist framangreindur leikur Fram og Fylkis sem fram fór í 3. flokki B þann 5. september sl. því tapaður fyrir Fram með markatölunni 0-3.

**Dómsorð**

Úrslitum í leik Fram og Fylkis í úrslitakeppni Íslandsmóts B liða í 3. flokki karla sem fram fór þann 5. september sl. skal breytt þannig að leikurinn er dæmdur tapaður fyrir Fram með markatölunni 0-3. Upplesið í réttinum að málsaðilum fjarstöddum.

*F.h. dómstóls KSÍ,*
*Gunnar Guðmundsson*